

skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Hópefli fyrir fyrirtæki




Bloggar um tísku
*Gerður Guðrún Árnadóttir er listfræðingur og áhugakona um tísku og hönnun sem heldur úti tískubloggi á netinu.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. ágúst 2012
197. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Fór upp á hafmeyjuna
*Steindi jr. tók upp tónlistarmyndband í fjórum löndum fyrir þriðju seríuna af Steindanum okkar.*
**popp** 50

## Viðurkenning fyrir Ísland
*Kristján Baldvinsson hlaut fyrstu verðlaun á vísindaþingi norrænna lækna.*
**tímamót** 26




## Aron tekur við búinu
*Aron Kristjánsson er nýr þjálfari strákanna okkar.*
**sport** 46

## veðrið í dag




**KÓLNAR AÐEINS** í dag verða norðaustan 5-10 m/s og sums staðar skúrir, en hæg breytileg átt og rigning SV-til. Hiti 10-15 stig.
VEÐUR 4

# Nota límband á elstu tækin

**Fjársvelti til tækjakaupa á Landspítalanum verður að taka enda, segir forstjóri. Næstu tvö ár er fjárfestingarþörfin tveir til þrír milljarðar. Tæki sem framleiðendur vilja henda eru keypt á slikk og notuð áfram.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Endurnýja þarf úrsérgenginn tækjabúnað á Landspítalanum (LSH) fyrir tvo til þrjá milljarða króna á næstu tveimur árum. Fresta þurfti krabbameinsmeðferð í sumar þegar bæði geislatæki spítalans biluðu á sama tíma. Sjúklingar hafa orðið vitni að því þegar starfsfólk notar límband til að halda elstu tækjunum saman.

Björn Zoëga, forstjóri LSH, segir að fjárfestingarþörf fyrir háskólasjúkrahús sé metin 4-5% af veltu, sem var 38 milljarðar á LSH árið 2011. „Það er erfitt að nefna heildartölu en innkaupalistinn fyrir þetta og næsta ár, til að sleppa fyrir horn, er tveir til þrír milljarðar.“ Fjárveitingar til tækjakaupa frá árinu 2001 hafa verið um 210 milljónir árlega eða um 2,3 milljarðar í heild.

Björn segir að elstu tækin séu löngu orðin gott sem ónothæf. Geislatæki spítalans, sem eru nýtt við krabbameinsmeðferð, biluðu bæði á sama tíma í sumar. „Eldra tækið er orðið 17 ára gamalt og við vitum að einhvern veginn verður að endurnýja það á næsta ári,“ segir Björn.

Dæmin eru fleiri því Björn segist hafa fengið símtal frá aðstandanda sjúklings sem varð vitni að því þegar límband var notað til að klastra saman tæki sem var á hans stofu. „Fólki stendur auðvitað ekki á sama, en við erum búin að vera að tala um þetta lengi,“ segir Björn.

**210** milljónir er árleg fjárveiting ríkisins til tækjakaupa á LSH frá árinu 2001. Fjárþörf næstu tveggja ára eru þrír milljarðar króna.

Eins segir Björn að þýskur framleiðandi segulómunartækis, mikilvægs greiningartækis sem fékkst á kaupleigu, hafi haft samband þegar tækið var orðið fimm ára gamalt og vildi að LSH keypti tækið eða að það yrði tekið niður. „Við keyptum tækið á hrakvirði og keyrum það áfram. Annað slíkt tæki, jafn gamalt, þurfum við væntanlega að kaupa svo sama fyrirtæki sleppi við að koma og henda þessu,“ segir Björn. „Fleiri tæki hanga saman á eilífum viðgerðum.“

Spurður hvort ráðamenn hafi sýnt þessu máli skilning segir Björn að hann hafi engar upplýsingar um að fé til tækjakaupa verði aukið. **- shá**



**HLUSTAÐ Á KENNARANN** Börnin í öðrum bekk í Ártúnsskóla hlustuðu vel á Svanlaugu Thorarensen kennara sinn við upphaf skólaársins í gær. Grunnskólar Reykjavíkurborgar voru settir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þekktur sjónvarpskokkur:

## Sýður gulrætur í hver á Flúðum

**SJÓNVARP** „Þetta hefur verið ótrúlega spennandi,“ segir hinn heimsþekkti norski sjónvarpskokkur Andreas Viestad sem er staddur hér á landi við upptökur á tíundu þáttaröð af þætti sínum New Scandinavian Cooking.

Að minnsta kosti 120 milljónir manna fylgjast með þættinum í um eitt hundrað löndum.



ANDREAS VIESTAD

Viestad gantast með að komið hafi sér á óvart að í grennd eldstöðvarinnar á Fimmvörðuhálsi hafi ekki verið fullt af íslenskum fjölskyldum að elda sunnudagssteikina sína. „Mér finnst þið ekki nota eldfjöllin ykkar nógu mikið því það er frábært að elda þar,“ bætir hann við.

Tveir þættir verða unnir úr Íslandsheimsókninni. Viestad hefur meðal annars eldað bleikju við bakka Laxár, grillað lamb á Fimmvörðuhálsi og soðið lax, gulrætur og epli í heitum hverum á Flúðum. **- fb/sjá síðu 44**

Sjómaður á Djúpavogi bjó til vef um kjarnorkuárásirnar í Hírósíma og Nagasaki:

## Samdi kennsluefni í landlegum

„Ég reyndi að gera efnið áhugavert,“ segir Halldór Björgvin Ívarsson kennari. Hann hefur fengist við það milli sjóróðra frá Djúpavogi í sumar að útbúa kennsluvef ætlaðan 10. bekkingum um kjarnorkusprengingarnar í Hírósíma og Nagasaki 1945. Vefurinn tengist ljósmynda- og sögusýningu í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu sem nemendurnir geta heimsótt nú í byrjun skólaárs.

> Ef ég tek eitthvað að mér þá vil ég gera það almennilega.
>
> HALLDÓR BJÖRGVIN ÍVARSSON
> KENNARI OG SJÓMAÐUR

Halldór er á handfærum í sumar með föður sínum á miðunum út af Djúpavogi en þegar ekki hefur gefið á sjóinn síðustu vikur hefur hann setið við tölvuna og útbúið aðgengilegan kennsluvef bæði fyrir kennara og nemendur um allt sem viðkemur kjarnorkuárásunum. „Ef ég tek eitthvað að mér þá vil ég gera það almennilega, verkefnin verða miklu skemmtilegri þannig,“ segir hann. **-gun/sjá síðu 32**










## SPURNING DAGSINS



*Hafa orðið þáttaskil í málinu?*

Nei, en við erum á leiðinni til hafnar.

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, telur að framúrkeyrsla við þáttagerð RÚV í bænum sé alvarlegt mál þó myndefnið gæti nýst bæjarfélaginu í framtíðinni.

A4 - Office 1 oftast með ódýrustu skólabækurnar fyrir framhaldsskóla:

# 2.500 króna verðmunur á sögubók

**NEYTENDUR** Nýjar skólabækur fyrir framhaldsskóla eru ódýrastar í ritfangaversluninni A4 - Office 1, samkvæmt nýrri könnun ASÍ. Eymundsson í Kringlunni er oftast með hæst verð á nýjum bókum.

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á nýjum og notuðum skólabókum í bókaverslunum á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudag. Farið var í átta verslanir. Mál og menning á Laugavegi neitaði þátttöku.

Mestur munur var á sögubókinni „Nýir tímar“, sem var dýrust hjá Eymundsson á 5.499 krónur en ódýrust á 2.999 krónur hjá Griffli. Þar munar 83 prósentum. Flestir titlar á lista ASÍ voru til í Bókabúð Iðnú, eða 31 af 33. A4 – Office 1 og Bóksala stúdenta áttu til 27 titla og Eymundsson 25.

Í þeim þremur verslunum þar sem boðið er upp á skiptibókamarkað, var A4 – Office 1 oftast með lægsta verðið á notuðum skólabókum eða á 22 af 23 titlum. Griffill var oftast með hæsta verðið, eða á 19 titlum. Í tilkynningu frá ASÍ segir að hafa beri í huga að verð á algengum bókatitlum breytist oft ört í verslunum við upphaf skólaárs. **- sv**



**HRAÐAR VERÐBREYTINGAR** ASÍ bendir á að verð á bókatitlum breytist oft ört hjá verslunum við upphaf skólaárs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framvísaði fölsku vegabréfi:

# Óþekktur Pakistani í haldi

**DÓMSMÁL** Óþekktur maður frá Pakistan situr nú í gæsluvarðhaldi, en talið er næsta víst að hann hafi framvísað fölsuðu vegabréfi í Leifsstöð í síðustu viku þegar hann hugðist fara með flugi til Toronto í Kanada.

Lögregla reynir nú að komast að því hver maðurinn er í raun og veru og fór fram á það að á meðan mundi hann sæta gæsluvarðhaldi eins og lög gera ráð fyrir að sé mögulegt í tilvikum sem þessum. Á það féllust bæði héraðsdómur og Hæstiréttur. **- sh**



**MISHEPPNAÐ** Lagfæringin gekk ekki alveg sem skyldi. NORDICPHOTOS/AFP

Gömul kona í öngum sínum:

# Breytti Jesú í kafloðinn apa

**SPÁNN** Íbúar í smábæ nærri Zaragoza á Spáni sýta nú rúmlega aldargamla fresku – mynd málaða á kalk – í kirkju bæjarins.

Freskan var illa farin af rakaskemmdum og því tók eitt sóknarbarnið, kona á níræðisaldri, sig til og ákvað að flikka upp á hana án þess að spyrja kóng eða prest.

Niðurstaðan er herfileg. BBC hefur eftir fréttaritara sínum að í stað Jesú Krists líkist verkið nú vaxlitamynd af mjög loðnum apa í illa sniðnum kyrtli. Freskan var ekki talin verðmæt en hafði töluvert tilfinningalegt gildi. Konan hafði sjálf samband við menningarfulltrúa bæjaryfirvalda þegar henni varð ljóst að tilraunin hefði misheppnast og mun hafa verið í öngum sínum. **- sh**

Sérsveitin kölluð í Garðabæ:

# Hleypti af skoti í einbýlishúsi

**LÖGREGLUMÁL Einn var handtekinn í Garðabæ á fimmta tímanum í gær eftir að hafa hleypt af skotvopni í einbýlishúsi við Sunnuflöt. Engan sakaði og málið var leyst farsællega.**

**Lögreglan hafði mikinn viðbúnað eins og venja er þegar hleypt er af byssu og alls tóku um þrjátíu lögreglumenn þátt í aðgerðinni, þeirra á meðal hópur sérsveitarmanna. Loka þurfti nærliggjandi götum í hverfinu um tíma á meðan maðurinn var sóttur í húsið. - sh**

# Féll næstum í gildru alþjóðlegra þrjóta

**Auglýsing á íslensku vefsölutorgi rataði fyrir augu erlendra glæpamanna sem reyndu að ræna fé af Einari Skúlasyni, notanda á sölutorginu. Glæpamaðurinn þóttist vera norskur en vildi að Einar borgaði flutningskostnað til Barcelona.**

**SAKAMÁL** Íslenskur notandi vefsölutorgsins Bland.is var nærri því búinn að láta leiða sig í gildru þegar hann auglýsti eftir kaupanda að gamalli smábifreið á vefnum. Kaupandinn þóttist vera norskur en var í raun glæpamaður einhvers staðar úti í heimi.



EINAR SKÚLASON

„Ég held að hann sé ekki í Noregi,“ segir Einar Skúlason, en hann auglýsti gamlan Volkswagen til sölu á vefnum. Kaupandinn reyndist hins vegar ekki allur þar sem hann var séður. „Hann gæti verið hver sem er. Hann kynnti sig með mjög norsku nafni svo ég efaðist ekkert um hann. Til að byrja með grunaði mig ekki neitt. Það var bara í lokin sem ég áttaði mig á að eitthvað væri í gangi.“

Auglýsing Einars hafði verið á vefnum í nokkra daga áður en fyrirspurn kom frá manni sem sagðist vera Norðmaður. „Hann vildi hafa samskiptin í tölvupóstformi því það tæki styttri tíma,“ segir Einar. „Við förum þá að skiptast á bréfum og hann vildi fá fleiri myndir af bílnum. Ég sendi honum þær en svo vildi hann alltaf meiri og meiri upplýsingar svo þetta tók svolítinn tíma. Ætli ég hafi ekki verið í á aðra viku að ræða við hann.“

Sá „norski“ ákvað á endanum að kaupa bílinn og flytja hann til Noregs. Einari þótti það strax skjóta skökku við enda þarfnast bíllinn töluverðs viðhalds og kominn til ára sinna. „Hann vildi svo fá að vita nákvæmt verð í norskum krónum og nota PayPal.“





**AUGLÝSINGIN** Glæpamennirnir ráku augun í þessa auglýsingu og höfðu samband við Einar og reyndu að hafa af honum fé.

Kaupandinn sagðist ætla að greiða inn á biðreikning hjá PayPal sem er greiðsluþjónusta á veraldarvefnum. Greiðsluna fengi Einar svo um leið og hann borgaði flutningsgjaldið.

„Ég átti að borga inn á einhvern reikning hjá skipafélagi í Barcelona,“ segir Einar. „Þá náttúrulega runnu á mig tvær grímur svo ég hafði samband við PayPal en þeir könnuðust ekki við neina biðreikninga. Ég áframsendi á þá tölvupóst sem átti að vera frá PayPal. Það var bara svindl, bara afrit af útlitinu á pappírum frá PayPal.“

PayPal sagði Einari að hann hefði hjálpað til að við að uppræta skipulagða glæpastarfsemi. Greiðsluþjónustan hefur síðan rannsakað málið.

Ekki náðist í forsvarsmann Bland.is við vinnslu fréttarinnar.

birgirh@frettabladid.is

**ÞEKKIR ÞÚ TIL?**

Sendu okkur ábendingu á **meira@frettabladid.is**

Aflaverðmætið eykst:

# Sóttum sjötíu milljarða úr sjó

**SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti fyrstu fimm mánuði ársins er rúmum þrettán milljörðum krónum meira en á sama tímabili í fyrra. Þá fengust rúmir 57 milljarðar fyrir aflann frá janúar til maí en í ár fékkst tæplega 71 milljarður og því nemur aukningin rúmum 23 prósentum.**

**Mestur er munurinn á milli ára í verðmætum uppsjávarafla en hann nam rúmum sautján milljörðum í ár. Þar gerir loðnuaflinn í ár gæfumuninn en verðmæti hans var 13 milljarðar samborið við tæpa níu milljarða í fyrra. Meira fékkst einnig fyrir þorskinn en 24 milljarðar fengust fyrir hann sem er rúmlega ellefu prósentum meira en í fyrra.** **- jse**



**LEIT ILLA ÚT** Sjónarvottar töldu að fólk hefði slasast alvarlega en svo virðist sem betur fer ekki vera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þrír bílar skullu saman:

# Fjórir á spítala eftir árekstur

**LÖGREGLUMÁL** Enginn slasaðist alvarlega í hörðum árekstri á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Þar skullu þrír bílar saman, fjórir voru fluttir á slysadeild og loka þurfti Miklubrautinni um skeið.

Fimm sjúkrabílar og dælubíll slökkviliðs voru sendir á vettvang, auk lögreglubíla. Hinir meiddu voru fluttir á slysadeild Landspítalans. Búið var að opna fyrir umferð fyrir klukkan átta. **- sh**







Mest af lundapysjunni í Vestmannaeyjum virðist ætla að komast á legg:

# Aðeins að birta yfir lundanum

**NÁTTÚRA** Vísbendingar eru um að nokkuð sé að birta yfir lundastofninum í Vestmannaeyjum. Pysjan er ekki að drepast í stórum stíl eins og undangengin ár og þær sem hafa komist upp virðast sprækar.

Dr. Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðirannsókna hjá Náttúrustofu Suðurlands, segir þetta mikinn viðsnúning enda hafi lítið sem ekkert af lunda komist á legg síðustu tvö ár. „Pysjurnar eru ekki að fá mikið að éta en ekki það lítið að þær veslist upp. Þetta eru verulega góðar fréttir. Þetta er svipað og 2008 og 2009, sem þóttu reyndar ekki merkileg, en eftir langt tímabil þar sem varpárangur er lélegur þá skiptir þetta máli,“ segir Erpur en árið í ár er það áttunda þar sem varp er langt fyrir neðan meðallag.

Erpur Snær segir að ungar hafi fundist í 18% af lundaholum í Eyjum. Góður hluti þess virðist ætla að komast á legg. Fullorðni fuglinn er að éta ljósátu en bera kokteil af síli, síld og loðnu í pysjuna. Erpur segir að fullorðni fuglinn bæti sér upp hallærið á þennan hátt, en ljósátan er ekki orkurík.

Erpur segir athyglisvert að þrátt fyrir töluvert magn af rauðátu sé sandsíli, ein aðalfæða lunda, rýrt. Það veki upp hugmyndir um að makríll, sem gengur nú hvert sumar í miklu magni við landið, sé að éta sílið út á gaddinn með tilheyrandi áhrifum á fuglastofna. **- shá**



**RÝNT Í LUNDAHOLU** Erpur Snær notar sérhannaða holumyndavél með innrauðu ljósi til að valda ekki styggð hjá fuglinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR


Kringlan
Opið til 21
Skóla-
dagar
Nú er skólastemning í Kringlunni.
Endalaust úrval af skólavörum og skólafötum
og einn stærsti skiptibókamarkaður landsins.
Skólaleikur !!!
Skráðu þig á póstlistann á Facebook eða kringlan.is
og vertu í Kringlunni laugardaginn 25. ágúst.
FM957
Þú gætir unnið Samsung Galaxy S III að verðmæti 134.990 kr. frá Vodafone,
25 þúsund kr. gjafakort frá Kringlunni, 40 þúsund kr. gjafabréf frá verslunum NTC
eða Timberland Boots að verðmæti 34.990 kr.
NIEDERLANDE
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ 22.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,61 | 119,17 |
| Sterlingspund | 187,35 | 188,27 |
| Evra | 147,83 | 148,65 |
| Dönsk króna | 19,844 | 19,960 |
| Norsk króna | 20,142 | 20,260 |
| Sænsk króna | 17,771 | 17,875 |
| Japanskt jen | 1,4958 | 1,5046 |
| SDR | 179,63 | 180,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,0094

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Suður-afrískir námuverkamenn halda áfram að berjast fyrir betri launum:

# Verkföll í fleiri námum í S-Afríku

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Verkföll suður-afrískra námuverkamanna hafa breiðst út með því að verkamenn í tveimur námum til viðbótar kalla eftir hærri launum. Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, heimsótti í gær námu þar sem lögregla skaut 34 og særði 78 þann 16. ágúst.

Áframhaldandi launabarátta og tilheyrandi verkföll hafa valdið ótta um að fleiri námur verði óstarfhæfar. Suður-Afríka sér heiminum fyrir þremur fjórðu af allri platínu. Þá óttast menn að verkföllin muni hafa afdrifarík áhrif á hagkerfi landsins.

Þá hafa stjórnmálamenn héraðsins þar sem voðaverkin voru framin fyrr í mánuðinum varað við því að geri stjórnvöld ekki neitt í gríðarlegum ójöfnuði meðal íbúa landsins, megi búast við því að íbúum þyki ekkert betra að búa við stjórn meirihluta blökkumanna, en stjórn minnihluta rasískra stjórnvalda hvítra manna.

Tafir á framleiðslu platínu í heiminum eru ekki taldar hafa áhrif til skemmri tíma því talið er að þær platínubirgðir sem þegar hafa verið grafnar upp dugi í allt að tvö ár. **- bþh**



**FORSETINN** Jacob Zuma ræddi við námuverkamenn í verkfalli við námuna þar sem félagar þeirra voru skotnir til bana. NORDICPHOTOS/AFP

Hælisleitandi frá Máritaníu:

# Ráðuneytið ógilti ákvörðun

**MANNRÉTTINDI** Innanríkisráðuneytið hefur ógilt ákvörðun Útlendingastofnunar um að senda Mouhamed Lo úr landi. Þetta segja stuðningsmenn Mouhameds.

Mouhamed Lo er frá Máritaníu og hefur sótt um hæli hér á landi. Hann segist hafa verið þræll í heimalandinu. Útlendingastofnun úrskurðaði fyrir rúmu ári síðan að hann skyldi sendur til Noregs, þaðan sem hann kom til Íslands. Hann hefur farið huldu höfði í rúmt ár. **- þeb**



**HERJÓLFUR** Rúta fór óvenjulega leið og ætlaði undir landgöngubrú skipsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Ekið undir landgöngubrú:

# Rúta skemmdist við Herjólf

**SLYS** Rúta stórskemmdist í Landeyjahöfn á þriðjudag þegar henni var ekið upp undir landgöngubrú Herjólfs. Ekki er talið að brúin hafi skemmst.

Kælibúnaður á þaki rútunnar skemmdist mikið auk þess sem þak hennar flettist að hluta til af. Bílstjóri rútunnar var einn í henni og varð ekki meint af. Venjulega er rútum ekki ekið þessa leið, enda eru hæðartakmarkanir þar. Þó mun það hafa komið fyrir að húsbílar hafi nuddast við brúna, að sögn Gunnlaugs Grettissonar, rekstrarstjóra Herjólfs. Frá þessu er greint í Eyjafréttum. **- þeb**

Uppbygging eftir sprengju:

# Tíu milljarðar í nýja byggingu

**NOREGUR** Nýjar stjórnarbyggingar í miðborg Óslóar munu kosta allt að tíu milljörðum norskra króna, eða rúmlega 200 milljarða íslenskra króna.

Gert er ráð fyrir því að um tíu ár taki að byggja upp stjórnarhverfið eftir að Anders Behring Breivik sprengdi sprengju þar í fyrra. Enn hefur ekki verið ákveðið hvort byggingin sem skemmdist mest verður rifin að hluta til eða í heild. Um það verður tilkynnt á næsta ári.

Átta létust í sprengju Breiviks í Ósló. **- þeb**

# Segja brettagarð og breytt bílastæði þrengja að Þrótti

**Verið er að ljúka framkvæmdum á brettagarði í Laugardal, á sama stað og Þróttur hafði hugsað sér íþróttahús. Einnig á að lagfæra bílastæðin við gervigrasvöllinn en þá missa Þróttur og Ármann um 50 til 60 stæði.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er verið að þrengja verulega að Þrótti,“ segir Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri Þróttar. Nú eru framkvæmdir á brettagarði í Laugardal á lokastigi en á sama stað höfðu Þróttarar í hyggju að byggja íþróttahús sitt í framtíðinni.

Í framhaldi af framkvæmdunum við brettagarðinn á að gera breytingar á bílastæðinu fyrir framan gervigrasvöllinn í Laugardal og við það fækkar bílastæðum þar, sem nú eru um 50 til 60.

Þróttur hefur verið með aðstöðu í Laugardalshöllinni en Sigurlaugur Ingólfsson, formaður aðalstjórnar Þróttar, segir að hún hafi oft verið umsetin vegna annarra íþróttaviðburða eða tónleikahalds. „Þetta hefur nú aðeins skánað eftir tilkomu Hörpu en við höfum samt verið að missa marga æfingartíma,“ segir hann.

Hann segir enn fremur að nú sé verið að vinna að heildarskipulagningu á svæðinu. „Og við munum náttúrlega reyna að koma því á framfæri við borgina þegar það er tilbúið,“ segir hann. Honum sýnist hins vegar búið að valda reitinn sem hugsaður hafði verið fyrir íþróttahúsið. „Við höfum aðallega horft á þennan stað upp á tengingu við félagsheimilið. Í raun er ekki um aðra staði að ræða, svona í fljótu bragði séð.“ Pétur segir að fækkun bílastæða komi sér afar illa fyrir félagið. „Við erum á góðri leið með að komast í úrvalsdeildina og við viljum ómögulega að áhorfendur þurfi að borga sektir eftir hvern heimaleik eins og gerst hefur annars staðar,“ segir hann.



**VALLARVÖRÐURINN Á STÆÐINU** Brynjólfur Óskarsson vallarstjóri er afar óhress með að missa um sextíu stæði við íþróttaaðstöðu Þróttara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við erum á góðri leið með að komast í úrvalsdeildina og við viljum ómögulega að áhorfendur þurfi að borga sektir eftir hvern heimaleik.
>
> **PÉTUR STEPHENSEN**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓTTAR

Brynjólfur Óskarsson, vallarvörður hjá Þrótti, segir félagið ekki mega við því að missa bílastæði. „Ef eitthvað er um að vera annaðhvort í Höllinni eða á Laugardalsvelli þá fyllast okkar stæði undir eins,“ segir hann.

Jón Þór Ólason, framkvæmdastjóri Ármanns sem er einnig með aðsetur á svæðinu, segist bæði sjá agnúa og jákvæða hluti varðandi framkvæmdirnar á bílastæðinu. „Það er náttúrlega ánægjuefni að verið sé að taka þetta í gegn en þetta hefur verið til háborinnar skammar,“ segir hann. „Við höfum lengi viljað fá lýsingu á svæðinu en ekki getað gert það sjálfir þar sem borgin á svæðið svo ég fer ekki að agnúast út af því að farið sé í betrumbætur. En hitt er annað mál að bílastæðið er alltof lítið fyrir okkur svo það er engan veginn hægt að gleðjast yfir því að verið sé að klípa af því.“

**jse@frettabladid.is**

## Engin athugasemd barst frá Þrótti



**Eva Einarsdóttir**, formaður íþrótta- og æskulýðsráðs, segir að engin athugasemd hafi borist frá Þrótturum vegna brettagarðsins og að brettagarðurinn útiloki ekki að þeir fái sitt íþróttahús í framtíðinni nálægt félagsheimili sínu.

„Það var haldin grenndarkynning um þennan garð í vor og auðvitað bárust einhverjar ábendingar á þeim fundi en engin frá Þrótturum,“ segir hún. „Eins er það svo að það hefur ekki verið gert ráð fyrir því í skipulagi að þarna eigi að rísa hús. Reyndar er það svo að fyrirhugað var að gera þarna bílastæði. Hugmyndin með þessum garði er líka að bæta aðgengi fólks, sérstaklega gangandi, að íþróttamannvirkjum á svæðinu en það hefur verið í svolitlum ólestri, vantað merkingar og göngustíga til dæmis. Eins teljum við það afar jákvætt að þarna skapist aðstaða fyrir þessa jaðaríþrótt en við viljum auka íþróttaiðkun í borginni.“

Aðspurð hvort úti sé um draum Þróttara um íþróttahús nálægt félagsheimili sínu svarar hún: „Það er ekkert útilokað í þeim efnum. Til dæmis er garðurinn byggður þannig að hann er, að hluta til allavega, færanlegur.“




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÆMILEGT VEÐUR**
Veður verður sæmilegt næstu daga, ekki miklar breytingar en það kólnar smám saman næstu daga. Úrkoman verður að mestu bundin við sunnan og vestanvert landið. Hitinn fer líklega ekki víða yfir 10 stigin norðan og austan til á morgun.




**Á MORGUN**
5-10 m/s en hvassara við SV- og V-ströndina.

**LAUGARDAGUR**
Hægt vaxandi SA-átt syðra.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 21° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 29° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 20° |
| París | 24° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 3,7 L/100 KM

*M.V. LANGKEYRSLU

# SJÁLFSKIPTUR

## VERÐ 3.690 ÞÚS. KR. DÍSIL

STAÐALBÚNAÐUR M.A. ÞRÁÐLAUS SÍMABÚNAÐUR(BLUETOOTH) - 16" ÁLFELGUR ASR SPÓLVÖRN - HRAÐASTILLIR - LEÐURKLÆTT AÐGERÐASTÝRI - LOFTKÆLING OG MARGT, MARGT FLEIRA.

GRÆNT BÍLALÁN ergo ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD




Aukabúnaður á mynd: Dynamic pakki og 18" álfelgur.

**A** MENGUNARFLOKKUR

$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 110 G/KM

er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.

**1428 km***

*Miðað við blandaðan akstur

Nýr Renault Megane með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1428 km á einum tanki.

## RENAULT MEGANE SPORT TOURER

VERÐ **3.690 ÞÚS. KR.,** SJÁLFSKIPTUR DÍSIL

Græn Ergo fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.845 þús. kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 30.773 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



## KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault kemst þú að því hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

B|L

www.facebook.com/renault.is www.renault.is

RENAULT

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533 **BL** Sævarhöfða 2, 525 8000

**KJÖRKASSINN**



*ÁTVR neitar að upplýsa um sölu á áfengi á kostnaðarverði til ríkisstofnana. Er það ásættanlegt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 9% |
| NEI | 91% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Væri hernaðaríhlutun í Sýrlandi réttlætanleg?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Síbrotamaður talinn hafa neytt unnustu sína til að draga til baka kæru á hendur honum fyrir misþyrmingar:

# Grunaður um hrottalegt heimilisofbeldi

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir margdæmdum 36 ára gömlum síbrotamanni sem grunaður er um fjölda afbrota undanfarna mánuði, meðal annars árásir á lögreglu og gróft ofbeldi gegn unnustu sinni.

Alvarlegustu brotin er hann grunaður um að hafa framið gegn unnustunni. Annars vegar hafi hann slegið hana og síðan barið höfði hennar ítrekað utan í vegg þar til hún missti meðvitund. Í hitt skiptið hafi hann rifið gat á buxur hennar, sett fingur sína upp í leggöng hennar, kallað hana hóru og hlegið og skömmu síðar hrint henni í gólfið, sparkað ítrekað í hana, tekið hana hálstaki og slegið í framan.

Unnustan kærði árásina og sagði manninn ítrekað hafa beitt sig ofbeldi og meðal annars ökkla-, putta-, nef- og kinnbeinsbrotið hana og skorið hana með hníf. Þá hafi hann bannað henni að eiga vini og farsíma og ekki leyft henni að eiga samskipti við fólk nema hann væri viðstaddur.

Hún hefði reynt að fara frá honum en hann þá áreitt fjölskyldu hennar linnulaust uns hann hafi fundið hana og neytt síðan með valdi til að koma aftur heim með sér.

Konan dró kæruna til baka símleiðis tveimur dögum síðar og segir í greinargerð lögreglu að líklega hafi maðurinn átt þar hlut að máli.

Maðurinn var gripinn við að brjótast inn í hús í síðustu viku, sýndi mikinn mótþróa við handtöku, réðst á lögreglumenn og hrækti á þá blóði. Hann er grunaður um að hafa í fjölda annarra skipta veist að lögreglumönnum við skyldustörf. Þá er hann grunaður um líkamsárásir, meðal annars gegn starfsstúlku á myndbandaleigu og öryggisverði í verslun, fíkniefnabrot, þjófnaði og fleira. **- sh**

**Margdæmdur**

Maðurinn á að baki töluverðan sakaferil og hlaut sinn fyrsta dóm árið 1994. Síðan hefur hann verið dæmdur fyrir ýmis auðgunarbrot, fíkniefnasölu, brot gegn valdstjórninni og umferðarlagabrot.


**Reyklaus og frjáls**
**Fyrst ég gat hætt, getur þú það líka.**



Námskeið til hjálpar þeim sem vilja losna við nikótínfíkn.

Valgeir Skagfjörð heldur námskeið í Gerðubergi miðvikudaginn 5. september n.k. kl. 18.00.

**Skráning í síma 6612547 eða valska@simnet.is**


# Axli pólitíska ábyrgð á sjónvarpsgjörningi

**Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir framsóknarmenn, sem hafa meirihluta í bæjarstjórn Hornafjarðar, þurfa að skýra hvernig þeir ætli að axla pólitíska ábyrgð á því að útgjöld sveitarfélagsins í tilefni sjónvarpsþátta margfölduðust.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það þarf að skýra hvernig framsóknarmenn hafa hugsað sér að axla pólitíska ábyrgð á þessum gjörningi," segir Björn Ingi Jónsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks á Höfn í Hornafirði.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær fór kostnaður sveitarfélagsins Hornafjarðar algerlega úr böndum í aðdraganda þess að RÚV gerði sjónvarpsþætti um framkvæmdir á Höfn um miðjan júní. Í stað þess að vera þrjár milljónir króna, eins og samþykkt var, er kostnaðurinn nú talinn 13,8 milljónir.

Í Fréttablaðinu í gær útskýrði Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri að kostnaðurinn hafi meðal annars farið úr böndum vegna hraðans í málinu. Fram kom í svörum við fyrirspurn Björns Inga í bæjarráði að ákvarðanir hafi ekki allar verið teknar á lögformlegan hátt.

Eftir að svörin voru lögð fram vildi Björn Ingi að því yrði svarað hver bæri ábyrgð á umframeyðslunni. Kvað hann svörin gefa til kynna að áminna ætti þann starfsmann bæjarins sem ábyrgur væri fyrir verkinu. Einn starfsmaður bæjarins hafði einmitt verið sendur í leyfi vegna málsins.

Í yfirlýsingu sem Hjalti bæjarstjóri sendi í gær undirstrikar hann að RÚV beri enga ábyrgð á framkvæmdum bæjarins vegna þáttagerðarinnar. „Framkvæmdir sem ráðist var í í tengslum við upptöku á sjónvarpsþætti RÚV eru á ábyrgð starfsmanna sveitarfélagsins en ekki á ábyrgð RÚV eða annarra," segir Hjalti.

Sem fyrr segir telur Björn Ingi enn standa upp á fulltrúa Framsóknarflokksins, sem eru í hreinum meirihluta í bæjarstjórn, að skýra málið til hlítar.

„Bæjarstjórnin ákvað að setja í þetta þrjár milljónir. Eftir það vissi enginn eitt eða neitt hvað var í gangi," segir Björn Ingi sem ítrekar þó að framkvæmdirnar hafi alls ekki verið unnar fyrir gýg. „Það má ekki gleyma því að auðvitað er margt af þessu sem var gert til bóta – þannig að þetta eru ekki allt saman peningar út um gluggann. Aðalatriði er að það voru engar heimildir fyrir þessu."

Hjalti svarar því til að bæjarráðið hafi verið sammála um að taka þátt í verkefninu og lagt því til skýran ramma. „Til að koma í veg fyrir að mistök endurtaki sig mun bæjarstjórn Hornafjarðar, á fundi sínum á morgun [í dag], taka til umræðu verklýsingu um hönnun og undirbúning að uppbyggingu opinna svæða í sveitarfélaginu þannig að mál verði í góðum farvegi hér eftir og verkferlar skýrir," segir bæjarstjórinn.

**gar@frettabladid.is**

**Kostnaðurinn fór úr böndunum**

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Tveir sjónvarpsþættir um framkvæmdir á Höfn voru teknir upp í sumar og sýndir á RÚV. Bæjarstjórinn segir mikið efni ósýnt og það geti bærinn nýtt til kynningar.



Bæjarstjóri afsakar óreiðu við RÚV-þátt

Gríðarleg óreiða var í stjórnsýslu Hornafjarðar í aðdraganda þáttagerðar RÚV á Höfn í júní. Kostnaður fór margfalt fram úr áætlun. Skipulagstjórinn íhugaði að fá lögbann á söluhjalla sem reistir voru. Skiptar skoðanir eru um þættina.

SVEITARSTJÓRNIR „Þetta er mjög alvarlegt mál," segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri í Hornafirði, um það að útgjöld bæjarins í tilefni þáttagerðar Ríkissjónvarpsins í sumar urðu meira en fjórfalt hærri en áætlað var.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks óskuðu skýringa á málinu. Í svörum sem lögð voru fyrir bæjarráð kemur fram að kostnaður bæjarins, með beinum útgjöldum og vinnuframlagi, nemi 13,8 milljónum króna. Kostnaðaráætlun sem bæjaráð samþykkti var um þrjár milljónir. Munurinn er 360 prósent.

„Þetta gerist með miklum hraða í aðdraganda þessara þátta. Bæjarráðinu var stillt upp með vonda valkosti skömmu fyrir töku þáttanna um hvort þeir eigi að fara fram eða hvort menn ættu hreinlega að sleppa þessu," segir Hjalti bæjarstjóri. Með þátttöku í verkefninu sáu menn tækifæri til kynningar á sveitarfélaginu, meðal annars á Norðurlöndunum.

settir í vonda stöðu nokkrum dögum fyrir töku sjónvarpsþáttanna. Þá voru hugmyndir um söluhjallana fyrst kynntar og ljóst að valið stæði þá á milli þess að láta hugmyndina verða að veruleika eða taka fyrir verkefnið og

fram hjá ákvörðun bæjarráðs í framkvæmdinni en við höfum breytt til í stjórnsýslunni og erum enn þá að endurskipuleggja okkur. Það mun klárast í haust," segir Hjalti sem kveður flestar

HJALTI ÞÓR VIGNISSON

Á HORNAFIRÐI Í SUMAR Kátt var á hjalla á Hornafirði dagana 15. til 18. júní í sumar þegar þáttagerðarmenn Ríkisútvarpsins mynduðu framkvæmdagleði bæjarbúa. Á bæjarskrifstofunum voru menn í áfalli. MYND/SIGURÐUR MAR HALLDÓRSSON


Stökktu til
**Costa del Sol**
28. ágúst
Frá aðeins kr. 99.900 í 14 nætur

**14 nátta ferð - ótrúleg kjör!**

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 28. ágúst í 14 nætur til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði.
**Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

**Kr. 99.900** - 14 nátta ferð
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Sértilboð 28. ágúst.

Roc Flamingo eða Griego Mar
**Frá kr. 119.900** í 14 nætur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 154.900 á mann. Sértilboð 28. ágúst í 14 nætur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Talið er að kveikt hafi verið í Bryndísarsjoppu en húsið átti að vera löngu farið:

# Þybbinn karl sást hlaupa í burt

**BRUNI** Slökkvilið var kallað að Bryndísarsjoppu við Hringbraut 16 í Hafnarfirði í gærmorgun en þar logaði eldur. Í húsinu, sem stóð autt, var starfrækt sjoppa til ársins 2008. Slökkvilið var tvær klukkustundir að slökkva eldinn en talið er að um íkveikju hafi verið að ræða.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði manns í gær sem sást hlaupa frá Bryndísarsjoppu í gærmorgun. Talið er að sá hafi borið eld að húsinu. Maðurinn er meðalmaður á hæð, alskeggjaður, skölllóttur og þybbinn. Hann hafði ekki fundist þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Húsið er ekki ónýtt þótt töluverðar skemmdir hafi orðið af völdum elds, reyks og vatns. Til stendur að flytja húsið af horni Hringbrautar og Selvogsgötu. Það hefur raunar staðið til í allt sumar. „Það var kveðið á um að húsið skyldi farið 25. júní en það er verið að bíða eftir þinglýsingu afsals," sagði Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, við Fréttablaðið þann 5. júlí. Þá var aðeins dagaspursmál hvenær afsali yrði þinglýst og ekkert því til fyrirstöðu að húsið færi.

„Afsalinu var þinglýst í júlí," sagði Guðrún Ágústa í gær. „Síðan óskaði eigandinn eftir fresti því það var ekkert tilbúið á nýjum stað hússins." Nú er ráðgert að húsið fari fyrr en síðar. Búið er að steypa grunn á nýjum stað og beðið eftir tilskildum leyfum fyrir flutningnum. „Ég heyrði síðast af húsinu í fyrradag og þá átti húsið að vera farið fyrir vikulokin," sagði Guðrún Ágústa enn fremur í gær. **- bþh**



**SJOPPULEGT** Eldur var borinn að húsinu innan frá. Slökkvistarf gekk vel. Húsið er því heilt þótt töluverðs viðhalds sé þörf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á
vernd gegn ofbeldi?




# Kynning hjá Skotreyn

Ellingsen kynnir haglabyssur og skotveiðifatnað **í dag, 23. ágúst**, kl. 19–21 á æfingasvæði Skotreynar á Álfsnesi. Komið og prufuskjótið.



**BROWNING BUXUR**
Stærðir M–XXL
**39.990 KR.**



**BROWNING HANSKAR**
Vatnsheldir
**14.990 KR.**



**BROWNING ÚLPA**
Vatnsheld
**49.990 KR.**



**BAIKAL HS**
Hálfsjálfvirk 26" haglabyssa
6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
**89.990 KR.**
FULLT VERÐ 104.990 KR.
Léttgreiðslur **14.999** KR. í 6 mán.



**WINCHESTER BLACK SHADOW**
26" haglabyssa
6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
**86.900 KR.**
Léttgreiðslur **14.484** KR. í 6 mán.



**ALLEN SKOTBELTI**
**4.890 KR.**



**BAIKAL IZH 27**
Tvíhleypt haglabyssa
6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
**99.990 KR.**
FULLT VERÐ 114.890 KR.
Léttgreiðslur **16.665** KR. í 6 mán.



**BROWNING MAXUS 26 CAMO**
Einnig til í svörtu
6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
**269.990 KR.**
Léttgreiðslur **44.999** KR. í 6 mán.

**WINCHESTER SUPER SPEED 40 g**
Afar vinsæl gæsaskot. 10 skot í pk.
**1.390 KR.**



**REMINGTON 870 EXPRESS**
Mest selda haglabyssa sögunnar. Gríðarlega mikið notuð um allan heim. Ein besta byrjendabyssan á markaðnum.
6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
**76.900 KR.**
Léttgreiðslur **12.817** KR. í 6 mán.



**REMINGTON VERSA MAX**
Einnig til í „camo“
6 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR
**269.990 KR.**
Léttgreiðslur **44.999** KR. í 6 mán.




**WINCHESTER SUPER SPEED MAG 50 g**
Loksins fáanleg 3ja tommu. 10 skot í pk.
**1.490 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122287












**Fréttaskýring:** Stjórnarflokkarnir funda



**RÍFANDI STEMNING** Aðildarumsókn Íslands að ESB er ekki á dagskrá flokksráðs Vinstri grænna en verður engu að síður rædd. Ekki er búist við formlegum ályktunum um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Enn óvissa um Jóhönnu

**Samfylkingin heldur flokksstjórnarfund um helgina og Vinstri græn flokksráðsfund. Undirbúningur kosninga verður í forgrunni og rætt verður um hvernig valið verður á lista. ESB-mál rædd, en ekki búist við samþykktum. Ekki er talið að Jóhanna Sigurðardóttir gefi neitt út um framtíð sína.**

## Formenn með reynslu

**Steingrímur J. Sigfússon** hefur, eins og kollegi hans Jóhanna, sjálfdæmi um hvort hann situr áfram sem formaður flokks síns, samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins. Ekki er búist við öðru en að svo verði, í það minnsta eru litlar vangaveltur um annað. Steingrímur og Jóhanna eru bæði reynslumikil. Steingrímur settist á þing árið 1983 en Jóhanna fimm árum fyrr, árið 1978.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Segja má að upptaktur kosningabaráttunnar hefjist um helgina þegar Vinstrihreyfingin – grænt framboð heldur sinn flokksráðsfund og Samfylkingin flokksstjórnarfund. Fyrir báðum fundunum liggur að taka ákvarðanir um aðferðir við val á framboðslista.

### Ráðherrabreytingar

Enn ein breytingin verður gerð á skipan stjórnarráðsins um næstu mánaðamót. Þá tekur til starfa nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, en Steingrímur J. Sigfússon mun leiða það. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið verða lögð niður og verkefni þeirra skiptast á önnur ráðuneyti.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mun á fundinum tilkynna um hvort breytingar verða á ráðherraliði Samfylkingarinnar. Katrín Júlíusdóttir er væntanleg úr barnsburðarleyfi, en hún gegndi embætti iðnaðarráðherra.

Óvíst er hvort Katrín tekur sæti í ríkisstjórn á ný. Undir eðlilegum kringumstæðum væri það ekki vafamál, ríkisstjórn sem kennir sig við kvenfrelsi getur ekki látið það spyrjast út um sig að kona sem fer í fæðingarorlof eigi ekki afturkvæmt í starf sitt.

Staðan er þó flóknari en svo, en eins og áður segir verður iðnaðarráðuneytið lagt niður. Oddný G. Harðardóttir kom inn í ríkisstjórn við brotthvarf Katrínar og við ráðuneytishrókeringar varð hún fjármálaráðherra. Hún hefur unnið að fjárlögum, en þau verða lögð fram 15. september. Heimildarmenn Fréttablaðsins setja margir hverjir spurningarmerki við það að skipta út fjármálaráðherra við þær aðstæður.

Líklegast er að eitt af þrennu gerist; Katrín fari í fjármálaráðuneytið og Oddný út úr ríkisstjórn, Oddný sitji áfram og Katrín taki stöðu sem óbreyttur þingmaður, eða að Guðbjartur Hannesson færi sig úr velferðarráðuneytinu og í fjármálin en Katrín taki hans stöðu. Guðbjartur var áður formaður fjárlaganefndar og þekkir þau mál vel.

Jóhanna heldur spilunum þétt upp að sér, eins og áður þegar breytingar hafa orðið og ekki verður ljóst fyrr en um helgina hvað verður ofan á.

### Uppstilling og ESB

Af umræðu síðustu vikna er ljóst að ESB-umsókn Íslendinga verður til umræðu á flokksráðsfundi Vinstri grænna. Málið er þó ekki á formlegri dagskrá, en ráðherrar og aðrir flokksmenn hafa kallað eftir umræðu um málið.

Það hefur reyndar verið til umræðu á svo til öllum fundum Vinstri grænna frá því að ákveðið var að ganga til stjórnarsamstarfs við Samfylkinguna og sækja um aðild að ESB. Heimildarmenn blaðsins telja líklegt að umræðan verði svipuð nú og áður, einhverjir lýsi yfir óánægju sinni en engar samþykktir verði gerðar um málið, hvorki því til stuðnings né gegn.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins, mun kynna drög að reglum um forval og uppstillingu. Fundurinn mun síðan samþykkja samræmdar reglur um nokkrar leiðir við að velja á framboðslista. Það er síðan kjördæmisfélaganna að velja hvaða leið verður ofan á.

Líklegt er talið að uppstilling verði ofan á í flestum kjördæmum. Enginn þingmanna flokksins hefur gefið út að hann ætli að hætta á þingi og talið er að Steingrímur ætli sér að gefa kost á sér áfram og þá sem formaður einnig. Þeir sem gagnrýnir hafa verið á stjórnarsamstarfið, svo sem Ögmundur Jónasson og Jón Bjarnason, hafa ekkert gefið út um framtíð sína. Athygli vekur þó að Ögmundur skipaði nýverið Guðfríði Lilju Grétarsdóttur sem verkefnisstjóra við stefnumótun um mannréttindamál, en ekki verður annað séð en þar sé um fulla stöðu að ræða.

### Í höndum Jóhönnu

Framtíð Jóhönnu Sigurðardóttur sem formanns Samfylkingarinnar hefur lengi verið til umræðu. Hópur innan flokksins hefur kallað eftir endurnýjun forystunnar og Össur Skarphéðinsson sagði, í áramótaviðtali við Viðskiptablaðið, að slíkt væri nauðsynlegt.

Heimildarmönnum blaðsins ber saman um að framtíðin sé algjörlega í höndum Jóhönnu sjálfrar. Vilji hún vera áfram þá standi það henni til boða.

Ólíklegt er talið að hún gefi út nokkra yfirlýsingu um málið um helgina. Fylgi flokksins hefur vaxið lítillega í skoðanakönnunum og hefur það létt nokkuð pressunni á formanninn. Prófkjör verða ekki fyrr en í fyrsta lagi í lok október og líklega ekki fyrr en í nóvember og heimildarmönnum ber saman um að Jóhanna þurfi að vera búin að tilkynna um ákvörðun sína þá.

### Samstaða um sérstöðu

Málefnavinna er í gangi í báðum flokkunum og um hana verður rætt á fundunum. Kosningavetur er að hefjast og flokkanna bíður það erfiða verkefni að sýna samstöðu en um leið sérstöðu hvors flokks.

Þeir þurfa að koma þeim skilaboðum til kjósenda sinna að þeir hafi ekki gefið afslátt á helstu stefnumálum sínum. Um leið er þeim í mun að ríkisstjórnin verði sú fyrsta í sögu vinstri manna sem sitji út heilt kjörtímabil.

Það má því búast við litlum uppákomum í vetur þar sem einstaka þingmenn og ráðherrar minni á sérstöðu síns flokks, en um leið upphefjist raddir þar sem samstaðan er lofuð.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is






ER VESKIÐ LÉTT?

# 50 MILLJÓNIR Á EINN MIÐA

Þann **24. ágúst** drögum við út **50 milljónir** á einn miða í **Milljónaveltunni**. Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.



**+5x1 milljón**

PIPAR\TBWA • SÍA • 122301

**Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11**
**eða hjá næsta umboðsmanni.**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**FRÉTTASKÝRING:** Sænska réttarkerfið og Julian Assange

# Tortryggni sem jókst stig af stigi

**Vantrú Julians Assange á sænsku réttarfari kemur mörgum undarlega fyrir sjónir, en á sér engu að síður aðdraganda og ástæður. Kristinn Hrafnsson segir málið aldrei hætta að koma sér á óvart.**

Á Vesturlöndum hefur málstaður Julians Assange almennt notið velvildar og málsvarar upplýsingafrelsis hafa tekið undir með honum, bæði um að raunveruleg hætta sé á því að framselji Bretar hann til Svíþjóðar verði hann framseldur til Bandaríkjanna og að konurnar tvær, sem hafa sakað hann um kynferðisbrot, séu að ganga erinda Bandaríkjanna.

Gagnrýnisraddir hafa þó heyrst og breska dagblaðið The Guardian birti til dæmis nýverið leiðara þar sem athyglinni er beint að sænsku konunum tveimur sem sitja uppi með að vera grunaðar um óheilindi.

Í leiðaranum er Assange sakaður um að blanda saman tveimur óskyldum málum, baráttunni fyrir málfrelsi annars vegar og ásökunum um kynferðisbrot á hendur honum persónulega hins vegar: „Að blanda þessu tvennu saman gagnast engan veginn samtökunum sem hann stofnaði og hafa unnið svo glæsilegt starf,“ segir í leiðaranum.

Assange hefur hins vegar alltaf haldið því fram að hættan sé raunveruleg og þar með óhjákvæmilega tengd rannsókninni í Svíþjóð. Eingöngu þess vegna berjist hann gegn framsali til Svíþjóðar, ekki vegna þess að hann vilji ekki svara spurningum sænska saksóknarans.



**ASSANGE Á SVÖLUNUM** Rúmlega tveir mánuðir er nú liðnir síðan Julian Assange leitaði hælis í sendiráði Ekvadors í London. Hann flutti ávarp á svölum sendiráðsins um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/AFP

**Tortryggilegur aðdragandi**

Þessi tortryggni gagnvart réttarfarinu í Svíþjóð kemur hins vegar mörgum á Vesturlöndum undarlega fyrir sjónir, enda Svíþjóð fullgilt lýðræðis- og réttarríki, ekki síður en Bretland, sem Assange virðist þó treysta betur til að standa vörð um rétt sinn en Svíþjóð.

Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks, segir nokkur atriði valda því að Assange sé á varðbergi gagnvart Svíþjóð. Eitt sé allur aðdragandi málsins og andrúmsloftið frá upphafi.

„Það er rokið til og gefin út ákæra og handtökuskipun. Þessu er strax lekið út til fjölmiðla án þess að dagspartur sé liðinn, og síðan er Julian smurður yfir forsíður götupressunnar í Svíþjóð án þess að hann hafi einu sinni fengið símtal frá lögreglunni um að hann sé eftirlýstur raðnauðgari,“ segir Kristinn. „Þetta gerðist fyrir sléttum tveimur árum síðan á laugardagsmorgni. Klukkan fjögur sama dag hafði þessi gagnapakki verið færður í hendur á æðra settum innan saksóknaraembættisins, sem höfðu yfirfarið gögnin og drógu strax handtökuskipunina til baka og ákærurnar í leiðinni.“

Wikileaks er á þessum tíma að undirbúa birtingu leyniskjala Bandaríkjahers frá Írak, en á meðan bíður Assange í Svíþjóð og fer ítrekað fram á að hann verði yfirheyrður.

„Því er aldrei sinnt og svo fimm vikum síðar, þegar álagið er orðið þannig að hann verður að komast til starfa, þá leitar lögmaður hans álits hjá saksóknaraembættinu sem segist ekkert hafa á móti því að hann fari úr landi. Síðan fer þessi leki í loftið hjá okkur með gríðarlegum og harkalegum viðbrögðum frá bandarískum yfirvöldum og digurbarkalegum yfirlýsingum frá stjórnmálamönnum um að það eigi að afgreiða hann eins og hryðjuverkamann, helst eins og Osama bin Laden.“

Einmitt þá kemur fram krafa um að Assange snúi aftur til Svíþjóðar. Gefin er út handtökuskipun og hún send áfram til Interpol sem gefur út handtökuskipun á hæsta stigi.

„Það eru yfirleitt bara stórglæpamenn sem fá slíkar tilkynningar, grunaðir um skipulagða glæpastarfsemi eða stríðsglæpi eða eitthvað í þeim dúr,“ segir Kristinn. „Í ljósi alls þessa skapast tortryggni sem síðan eykst stig af stigi.“


Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili fyrirtækja

Landsbankinn fjármagnar vöxt og uppbyggingu hjá Promens á Dalvík. Það er stefna bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu, styðja við fjárfestingar og vera öflugur samstarfsaðili íslenskra fyrirtækja.





**KRISTINN HRAFNSSON** Talsmaður Wikileaks segir framgöngu Svía hafa verið undarlega. NORDICPHOTOS/AFP

## Varnaglar sænska réttarkerfisins

Sænski lögfræðingurinn Mark Klamberg, sem kennir alþjóðarétt við Stokkhólmsháskóla, hefur skoðað réttarstöðu Assange á bloggsíðu sinni, og segir að þrennt standi í vegi fyrir framsali hans frá Svíþjóð til Bandaríkjanna.

Í fyrsta lagi hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp þann úrskurð að ríki sem á aðild að Mannréttindasáttmála Evrópu geti gerst brotlegt við þann sáttmála ef það framselur einstakling til lands, þar sem hann gæti átt yfir höfði sér dauðarefsingu, en það er einmitt dauðarefsing sem er lögð við alvarlegustu brotunum gegn njósnalöggjöf Bandaríkjanna.

Í öðru lagi væri ekki hægt að framselja Assange frá Svíþjóð til Bandaríkjanna nema með samþykki Bretlands. Annað væri brot gegn framsalsreglum Evrópusambandsins. Samkvæmt þessu væri Assange í raun jafn öruggur í Svíþjóð og í Bretlandi, því framsalskrafa frá Bandaríkjunum þyrfti hvort eð er að ganga alla leið í gegnum breska réttarkerfið, eftir að hafa farið fyrst í gegnum sænska réttarkerfið.

Í þriðja lagi heimilar framsalssamningur milli Svíþjóðar og Bandaríkjanna ekki framsal ef meint brot er eingöngu hernaðarlegs eða pólitísks eðlis. Samkvæmt sænsku réttarfari teljast njósnir, sá glæpur sem talið er að Bandaríkin myndu helst reyna að ákæra Assange fyrir, til pólitískra afbrota.

Klamberg segir það fræðilega mögulegt að Bandaríkin ákæri Assange fyrir eitthvað annað en njósnir, einhver afbrot sem teldust ópólitísk. Einnig væri hugsanlegt að Bandaríkin gæfu einhverja yfirlýsingu um að Assange ætti ekki dauðarefsingu yfir höfði sér.

„Gæti Svíþjóð framselt Assange ef þetta væri tilvikið?“ spyr Klamberg, og heldur áfram: „Svarið er já, að því tilskyldu að Bretland samþykki einnig, en ég á mjög erfitt með að sjá hvers konar ópólitísk afbrot það gætu verið.“

### Öllum lausnum hafnað

Inn í þetta blandast svo tregða sænskra stjórnvalda til að fallast á allar tillögur frá Assange, sem af hálfu hans hefðu getað leyst úr þessu máli fyrir löngu.

Svíar hafi til dæmis aldrei viljað þiggja boð hans um að fara til bresku lögreglunnar eða í sænska sendiráðið í London þar sem hann gæti gefið skýrslu með aðstoð vefmyndavélar.

„Þessu var hafnað og sagt að það væri ekki heimild fyrir því, sem aftur á móti er alrangt og stenst engan veginn,“ segir Kristinn. „Til er Evrópusamningur sem kveður á um gagnkvæma aðstoð við rannsókn sakamála af þessu tagi. En nei, það var bara haldið fast við kröfuna um að hann kæmi til Svíþjóðar.“

Einnig hafi Svíar aldrei fengist til að semja um það hvaða meðferð Assange fengi þegar hann kæmi til Stokkhólms. „Saksóknari lýsir því yfir að hann yrði strax settur í gæsluvarðhald og lokaður inni í fangelsi á meðan málið er afgreitt, og það án þess að vísað sé til neinna rannsóknarhagsmuna, enda gefur auga leið að þeir eru engir í svona rannsókn. Og á þessu hefur staðið.“

### Engin loforð gefin

Ekki síður standi á því að Svíar hafi aldrei viljað gefa nein loforð um að Assange verði ekki framseldur til Bandaríkjanna.

„Það er undarlegt að sænsk stjórnvöld hafi ekki getað gefið loforð um að hann verði ekki framseldur áfram til Bandaríkjanna á grundvelli starfa hans sem blaðamaður og útgefandi fyrir Wikileaks,“ segir Kristinn. „Carl Bildt lætur hafa eftir sér í viðtölum að það sé ekki hægt að gera slíkt, en það er bara della. Stenst ekki nána skoðun.“

Kristinn bendir á að það er framkvæmdavaldið í Svíþjóð sem tekur á móti slíkri beiðni, nefnilega dómsmálaráðuneytið, og tekur ákvörðun um það hvernig farið er með slíkar framsalsbeiðnir í samráði við ríkissaksóknara. Slík mál þurfa ekki að fara fyrir dómstóla í Svíþjóð nema dómsmálaráðuneytið taki ákvörðun um framsal og viðkomandi sé ósáttur við þá niðurstöðu.

„Þetta er því einfaldlega rangt hjá utanríkisráðherranum og makalaust alveg að hann skuli láta slíkt frá sér fara. Þetta hefur allt vakið eðlilegar grunsemdir.“

### Varnaglar engu að síður

Sænska utanríkisráðuneytið hefur að vísu lýst því yfir að Assange verði ekki framseldur til Bandaríkjanna ef hætta er á því að hann eigi þar yfir höfði sér dauðarefsingu.

„Við munum aldrei framselja einstakling sem á yfir höfði sér dauðarefsingu,“ sagði Cecilia Riddselius, yfirmaður í sænska utanríkisráðuneytinu, í viðtali við þýska dagblaðið Frankfurter Rundschau fyrr í vikunni. Ástæðan er sú að sænsk framsalslög heimila ekki framsal til landa þar sem hætta er á dauðarefsingu fyrir það brot, sem framsals er krafist vegna.

„Það er rétt,“ segir Kristinn, „og er vissulega töluverð vörn í því, en á móti spilar að það er áfram möguleiki á ævilöngu fangelsi. Og svo er spurning hvaða tilraunir verða gerðar til að setja saman einhvern ákærupakka sem væri með vísan í eitthvað annað en njósnalöggjöfina frá 1917. Það hafa verið nefndir ýmsir möguleikar í því.“

Kristinn segist hins vegar ekki hafa haft vitneskju um það fyrr en nú í vikunni að Svíar gætu ekki framselt Assange nema með samþykki Breta og málið þyrfti þá að fara aftur í gegnum breska réttarkerfið.

„Þessu hefur verið haldið fram en ég þekki það ekki í smáatriðum hvernig það ferli yrði,“ segir Kristinn. Hins vegar segir hann að það gæti óneitanlega breytt einhverju, ef rétt reynist.

„Það væri náttúrlega ekki verra að hafa þá einhverja yfirlýsingu frá bresku stjórninni um að þeir samþykktu slíkt.“




Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is





# neytendur
hagur heimilanna

**49,6%** **ER SÚ HLUTFALLSLEGA** hækkun sem hefur orðið á verði skyrs frá árinu 2007.

**NEYTANDINN:** ÓMAR RAGNARSSON FRÉTTAMAÐUR

## Lýsir eftir blárri bjöllu

„Ég er óskaplega óminnugur á smáhluti, föt og annað slíkt," segir Ómar Ragnarsson þegar hann er spurður út í hver hafi verið hans bestu og verstu kaup. Hann kveðst hins vegar minntur daglega á bestu bílakaupin. „Upphaflega keypti ég bílinn á 60 þúsund krónur norður á Akureyri og er búinn að keyra hann síðan. Bílinn hefur þjónað mér óskaplega vel, enda sá ódýrasti sem hægt er að hugsa sér í rekstri. Hann er að verða fornbíll og þar að auki einn af allra minnstu bílum í umferð, Daihatsu Cuore 1988 módel." Seljandann segir Ómar að hafi verið sá næstbesti sem hægt sé að hugsa sér, gömul kona á Akureyri. „En best væri þá gömul kona á Fljótsdalshéraði því þar er enginn sjór nálægt." Bílinn segir Ómar að hafi verið svo lítið ekinn og í svo góðu standi að öll þessi ár hafi hann flogið athugasemdalaust í gegn um skoðun. „Ég sef í honum, hann er vinnustaður, gististaður og farartæki búinn að vera í þessi fimm ár. Ég held að kalla megi þetta vel heppnaða naumhyggju í bifreiðum í efsta stigi."

Verstu kaupin segir Ómar hins vegar hafa verið Volkswagen-bjöllu sem hann keypti árið 2002 á 20 þúsund krónur. „Bíllinn leit nokkuð vel út og lofaði góðu. Ég var ekki búinn að eiga hann lengi og ætlaði að fara á honum fréttaferð austur í Hreppa, þá datt undan honum afturhjólið fyrir austan Selfoss. Ég var að flýta mér og mátti ekkert vera að þessu og ætlaði að skilja bílinn eftir þegar að kom maður og spurði hvað væri að gerast. Ég sagði honum söguna og hann kvaðst alltaf hafa dreymt um að eiga svona bíl og spurði hvort ég vildi ekki selja honum hann á staðnum." Það varð úr og Ómar fékk 15 þúsund krónur fyrir bílinn. „Síðan hef ég ekki séð þennan bíl en borga alltaf af honum á hverju ári," segir hann því eigendaskipti gengu aldrei í gegn. „Bíllinn er týndur, en samt þarf að borga af honum árlega sjö hundruð krónur. Ég er þess vegna árlega minntur á þessi verstu kaup sem ég hef gert," segir Ómar. „Ég lýsi hér með eftir blárri Volkswagen-bjöllu sem ég heyrði síðast af í Vestmannaeyjum einhvers staðar fyrir langa löngu."



# Kostnaðarsamt að taka með sér aukaferðatösku

**Reglur flugfélaga um innritaðan farangur og handfarangur eru mismunandi. Mörg rukka fast gjald fyrir yfirvigt en önnur fyrir hvert umfram kíló. Gjöld fyrir aukaferðatösku nema þúsundum króna. Það getur þess vegna reynst dýrkeypt að hafa of mikinn farangur.**



**Í LEIFSSTÖÐ** Reglur flugfélaga um farangur eru mismunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Farþegar Icelandair geta nú haft tíu kíló í handfarangri í stað sex kílóa áður. Gjald er nú innheimt fyrir aukaferðatösku. Ekki er greitt fyrir hvert umfram kíló í innrituðum farangri eins og áður. Greiða á hins vegar ákveðið gjald eftir flugsvæði ef taska er þyngri en 23 kg. Yfirvigtargjaldið getur numið allt að 14.800 krónum. Þetta er meðal þess sem breyst hefur með nýjum reglum um farseðla sem gefnir hafa verið út frá 1. apríl síðastliðnum.

Samkvæmt nýjum reglunum um innritaðan farangur þarf að greiða 5.700 til 16.000 krónur eftir flugsvæði fyrir aukatösku sem er eitt til 23 kíló. Fast yfirvigtargjald er 4.900 til 14.800 krónur eftir flugsvæði.

Á vefsíðu Iceland Express segir að hver farþegi megi sér að kostnaðarlausu innrita eina tösku með að hámarki 20 kílóum af farangri. Gjaldið er 7.500 krónur fyrir umframþyngd tösku. Hægt er að kaupa heimild fyrir aukatösku hjá Iceland Express. Sé heimildin bókuð um leið og flugið býðst allt að 20 prósenta afsláttur. Verð fyrir eina tösku er 6.900 krónur með 20 prósenta afslætti samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni. Heildarhandfarangur má ekki vera umfram tíu kíló.

Hjá Wow Air er hámarksþyngd handfarangurs átta kíló. Farangursheimild fyrir ferðatösku án handfarangurs er ekki innifalin í fargjaldi. Ef farangursheimild er pöntuð um leið og flugmiði er bókaður er gjaldið 2.900 krónur fyrir eina tösku en fyrir tvær er gjaldið 5.900. Ef greitt er við innritun er gjaldið fyrir eina tösku 4.500 krónur en 9.000 krónur fyrir tvær töskur.

Miðað er við að taska sé tuttugu kíló. Hvert umfram kíló kostar 1.400 krónur hjá Wow Air.

ibs@frettabladid.is




NANO-TECH BÍLABÓN
ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
• High-Tech Polyethlen-akrýl efni
• Langtíma yfirborðsvörn
• Einstök UV vörn
• Háglans án póleringar
• Hreinsar og ver í einni umferð
Bílasmiðurinn hf · Bíldshöfða 16
sími: 5672330


Umhverfisvænar vörur:

## Nýir foreldrar fá Svanspoka

**Umhverfisstofnun býður nýbökuðum foreldrum að koma og sækja svokallaða Svanspoka með bæklingi sem fjallar um umhverfismerkið Svaninn og mikilvægi þess að velja umhverfisvottað fyrir ungbörn. Í pokanum eru einnig vöruprufur.**

**Á vefsíðu Umhverfisstofnunar segir að tilgangurinn sé ekki að kynna einstök vörumerki, heldur að varpa ljósi á að Svanurinn hefur vottað breitt úrval af ungbarnavörum og því hafi foreldrar raunverulegt val um vöru sem er betri fyrir umhverfi og heilsu.**

**Fjölmörgum var boðið að vera með í verkefninu sem nefnt er Ágætis byrjun. Allir sem sóttust eftir að vera með fengu pláss í pokanum. Mun fleiri Svansvottaðar ungbarnavörur eru þó til á markaðnum.**

Hætta á framleiðslu og sölu á glóperum vegna orkusparnaðar:

# Orkusparandi perur allsráðandi



Orkusparandi perur eins og til dæmis sparperur, ledperur og halógen eco perur eiga að vera allsráðandi á markaðnum frá og með 1. september. Þá er framleiðendum ljósapera ekki lengur heimilt að selja og dreifa glærum 15 W, 25 W og 40 W glóperum til heildsala og endursöluaðila.

Frá 2009 hafa glóperur verið teknar af markaði í áföngum. Allar mattar glóperur óháð styrkleika voru bannaðar frá 1. september 2009. 75 W glærar glóperur og sterkari voru bannaðar frá 1. september 2010. 60 W glærar glóperur voru bannaðar frá 1. september 2011.

Á vef Neytendastofu segir að þetta sé gert til að uppfylla reglur um orkusparnað í aðildarríkjum EES. Þar kemur fram að orkusparandi perur noti allt að 80 prósentum minna rafmagn. Skipti heimili út tíu 60 W glóperum fyrir samsvarandi orkusparandi perur geti sparnaður heimila við kaup á raforku numið um allt að 7.000 krónum á ári.

Könnun á vegum norska ríkisútvarpsins síðastliðið vor leiddi í ljós að tíunda hver sparpera hafði slokknað eftir 100 daga. Framleiðendur fullyrða að þær eigi að lýsa fjórum sinnum lengur. Á vef norska ríkisútvarpsins segir að Luxrampera sem átti að endast í 10.000 klukkustundir hafi slokknað þegar eftir 1.160 klukkustundir. Duluxstar sparpera frá Osram slokknaði eftir rúma 100 daga eða 2.500 klukkustundir.


Gerðu góð kaup í notuðum gæðabíl hjá HEKLU



BÍLL VIKUNNAR
Skoda Superb
Árg. 2011, dísel, sjálfsk.
Ekinn 129.000 km
Verð 3.950.000


VW Caddy 1,4
Árg. 2007, bensín, beinsk.
Ekinn 125.000 Verð 1.170.000


Tilboð kr. 4.300.000
Toyota Land Cruiser 100 VX
Árg. 2006, bensín, sjálfsk.
Ekinn 128.000 Verð 4.890.000


MM Outlander Comfort
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 165.000 Verð 1.450.000


MM Pajero 3,2 Intense
Árg. 2009, dísel, sjálfsk.
Ekinn 72.000 Verð 6.390.000


Tilboð kr. 3.390.000
Isuzu Dimax
Árg. 2009, dísel, sjálfsk.
Ekinn 59.000 Verð 3.890.000


Hyundai i30 Comfort
Árg. 2008, bensín, beinsk.
Ekinn 67.400 Verð 1.940.000


VW Golf Comfortl 1,6
Árg. 2006, bensín, beinsk.
Ekinn 119.000 Verð 1.290.000


VW Passat 2,0 TDi
Árg. 2007, dísel, sjálfsk.
Ekinn 93.500 Verð 2.990.000


Tilboð kr. 2.990.000
VW Touareg V8
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 120.000 Verð 3.450.000


VW Jetta Comfort
Árg. 2008, bensín, beinsk.
Ekinn 62.000 Verð 2.150.000

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16
Allar nánari upplýsingar ásamt meira úrvali notaðra bíla er á heklanotadirbilar.is




## 20% afsláttur af Body Lotion, Sturtusápu og hinu geysivinsæla Honey Drops líkamskremi

dagana 23.-29. ágúst í næstu Hagkaupsverslun.
Nú loksins fáanlegt aftur - ekki missa af þessu!

## Fallegur kaupauki*

ef keyptar eru tvær vörur frá Elizabeth Arden
*gildir ekki með öðrum tilboðum



Gildir til 29. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# EINN SMELLUR
og þú tekur stöðuna

Skannaðu QR kóðann og
sæktu appið í símann þinn




NÝJA ARION APPIÐ

Við kynnum Arion appið, nýjung í bankaviðskiptum á Íslandi.

Með Arion appinu getur þú tekið stöðuna á reikningunum þínum og kortum með einum smelli, án innskráningar. Þú sérð líka nýjustu færslur og ógreidda reikninga. Með því að skrá þig inn getur þú borgað reikninga, millifært og sótt PIN-númerin þín.

**Þú finnur upplýsingar um appið á arionbanki.is.**

Arion banki

**2,8%** **ER SKULDATRYGGINGAÁLAG** Ríkissjóðs Íslands en álagið hefur lækkað lítillega síðustu þrjá mánuði.

# Vöxtum haldið óbreyttum um sinn

**Peningastefnunefnd Seðlabankans kaus að halda stýrivöxtum óbreyttum við síðustu vaxtaákvörðun sem kynnt var í gær. Bankinn telur ólíklegt að styrkingin á gengi krónunnar síðustu mánuði gangi til baka og batna verðbólguhorfur bankans töluvert fyrir vikið.**

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands kynnti í gær þá ákvörðun sína að halda nafnvöxtum bankans óbreyttum um sinn. Eftir ákvörðunina eru virkir stýrivextir bankans sem fyrr 5,125%.

Seðlabankinn kynnti einnig í gær uppfærða hagspá sem gerir ráð fyrir sterkara gengi krónunnar, og fyrir vikið betri verðbólguhorfum, en síðasta spá bankans. Þá spáir bankinn ívið meiri hagvexti á næstu misserum en í síðustu spá.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar segir að verðbólguhorfur til næstu tveggja ára hafi batnað á síðustu vikum þótt enn sé ekki reiknað með því að 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans náist fyrr en að nokkrum árum liðnum.

Bættar horfur skýrast aðallega af þeirri styrkingu sem orðið hefur á gengi krónunnar síðustu mánuði. Gengið hefur styrkst um ríflega 8% frá síðustu hagspá Seðlabankans sem gefin var út í maí.

Þá ítrekaði peningastefnunefndin að eftir því sem efnahagsbatanum yndi fram yrði nauðsynlegt að hækka raunstýrivexti. Að hve miklu leyti sú aðlögun ætti sér stað með hærri nafnstýrivöxtum færi eftir framvindu verðbólgunnar.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar var í takt við spár greiningaraðila sem höfðu reiknað með óbreyttum vöxtum. Eins og áður sagði eru virkir nafnstýrivextir bankans sem fyrr 5,125%. Virkir raunstýrivextir eru hins vegar um 0,5% en voru neikvæðir um 0,5% við síðustu vaxtaákvörðun. Aðhald peningastefnunnar hefur því aukist samhliða lækkandi verðbólgu upp á síðkastið. Mun sú þróun halda áfram til næstu vaxtaákvörðunar gangi verðbólguspá Seðlabankans eftir. Næsta vaxtaákvörðun er 3. október næstkomandi.

Samhliða kynningu á vaxtaákvörðuninni gaf Seðlabankinn út nýtt eintak Peningamála með uppfærðri hagspá bankans.

Í spánni er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 3,1% á þessu ári, 2,2% á því næsta og 3,4% árið 2014. Er það lítillega hærri spá en sú sem bankinn kynnti í maí þótt minni

**5,125%** eru sem fyrr virkir stýrivextir Seðlabanka Íslands eftir vaxtaákvörðun í gær.

hagvexti sé nú spáð á næsta ári.

Sem fyrr telur bankinn að aukin fjárfesting verði helsti aflvaki hagvaxtar á næstu misserum en framlag einkaneyslu er einnig nokkurt. Telur bankinn að fjárfesting aukist um 9% á þessu ári og einkaneysla um 3%.

Mesta breytingin í uppfærðu spánni er á gengi krónunnar en Seðlabankinn spáir því nú að gengi krónunnar verði um 8% hærra á næstu misserum en gert var ráð fyrir í síðustu spá.

Loks metur Seðlabankinn horfur um atvinnuleysi betri en í síðustu spá. Gerir bankinn ráð fyrir að atvinnuleysi verði að meðaltali 5,9% á þessu ári, 5,2% á því næsta og 4,4% árið 2014.

magnusl@frettabladid.is



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Þeir Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu vaxtaákvörðun peningastefnunefndar og uppfærða hagspá bankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki árstíðasveifla í gengi krónunnar

Nokkrar umræður spunnust um spá Seðlabankans um þróun gengis krónunnar á næstu misserum á blaðamannafundi bankans vegna vaxtaákvörðunarinnar í gær. Gengi krónunnar hefur styrkst um rúm 8% frá síðustu vaxtaákvörðun í maí og spáir bankinn því að gengið haldist svipað næstu misserin. Er það helsta skýring þess mats að verðbólguhorfur hafi batnað nokkuð.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri var spurður út í forsendur þessarar spár og jafnframt að því hvort gengi krónunnar væri of hátt skráð. Már svaraði að sumir hefðu haldið því fram að árstíðasveiflu væri að finna í gengi krónunnar og væru á þeim grundvelli að spá veikingu krónunnar á næstu mánuðum. „Við erum hins vegar ekki sannfærð um það, þessi meinta árstíðasveifla er mjög óregluleg og það er erfitt að mæla slíka sveiflu á grundvelli reynslu tveggja ára. Það er því ekki víst að krónan veikist á næstu mánuðum,“ sagði Már og bætti við að ýmsir óvissuþættir flæktu myndina svo sem hve langt inn í veturinn ferðamannavertíðin teygðist og hversu mikil þörf yrði á næstunni hjá stórum aðilum innanlands að halda áfram hröðu endurgreiðsluferli á erlendum lánum. „Ég myndi því ekki veðja eigin fé á það hvernig gengi krónunnar þróast á næstunni, það veit enginn,“ sagði Már enn fremur.


# Langar þig í leiðsöguhund?





Úthlutun leiðsöguhunda fer fram samkvæmt reglugerð um hjálpartæki sem má finna á www.midstod.is. Einnig veita starfsmenn Miðstöðvarinnar aðstoð og upplýsingar um umsóknarferli og aðstoð við útfyllingu umsóknareyðublaða, sé þess óskað.

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga mun úthluta leiðsöguhundi á komandi hausti. Leiðsöguhundar aðstoða blinda og sjónskerta einstaklinga við að komast leiðar sinnar á öruggan og sjálfstæðan hátt og er leiðsöguhundur skilgreindur sem hjálpartæki.**

Finna má nánari upplýsingar um umsóknarferli og umsóknareyðublöð á skrifstofu Miðstöðvarinnar í Hamrahlíð 17 og á heimasíðunni www.midstod.is.

**Umsókn um leiðsöguhund skal berast til Miðstöðvarinnar fyrir 10. september 2012.**

Umsóknir skulu merktar Miðstöðinni, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík eða sendar með tölvupósti á ragnar@midstod.is

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga**
Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | S. 545 5800 | midstod@midstod.is


Vilja 575 milljarða króna:

## Egyptaland leitar til AGS

**EGYPTALAND, AP** Egyptaland óskaði í gær eftir fjárhagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS). Í tilkynningu frá egypskum stjórnvöldum kemur fram að búist sé við því að gengið verði frá samkomulagi við AGS fyrir lok þessa árs. Landið óskar eftir jafngildi 575 milljarða króna.



**MOHAMMED MORSI**

Nýr forseti, Mohammed Morsi, tók við völdum í júní en ríkisfjármál landsins versnuðu verulega á þeim tíma sem leið frá því að einræðisherranum Hosni Mubarak var steypt af stóli. - mþl

Tollar lækka í Rússlandi:

## Rússland gekk í gær í WTO

**RÚSSLAND, AP** Rússland gekk í gær formlega í Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, en 18 ára samningaviðræðum um aðild landsins lauk seint á síðasta ári.

Með aðildinni að WTO munu innflutningstollar í Rússlandi lækka um 5,9% að meðaltali fyrst um sinn sem gagnast þarlendum neytendum. Þá vonast erlendir fjárfestar og fyrirtæki eftir því að í kjölfarið verði þeim gert auðveldara fyrir að eiga í viðskiptum í landinu. Alls á 151 land aðild að WTO, þar af nær öll ríki Vesturlanda. - mþl



**FASTEIGNIR** Neikvæð raunávöxtun innlána er talin hafa ýtt undir fjárfestingu í húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Peningamál Seðlabankans:

## Minni sparnaður heimila

**EFNAHAGSMÁL** Innlán íslenskra heimila hafa dregist saman um 7% á síðastliðnu ári, að því er fram kemur í nýrri útgáfu Peningamála Seðlabankans. Innlán fyrirtækja, annarra en eignarhaldsfélaga, hafa hins vegar aukist um 7,4%.

Í Peningamálum kemur fram að samdráttur innlána heimila endurspegli að hluta að raunávöxtun innlána er neikvæð sem hefur hvatt heimili til að auka við neyslu á varanlegum neysluvarningi. Þá hefur sparnaður sömuleiðis verið nýttur til fjárfestinga í húsnæði auk þess sem innstæður hafa verið fluttar í sjóði sem gefa betri ávöxtun. - mþl

Byggingarkostnaður minnkar:

## Fasteignaverð hækkar meira en vísitalan

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala byggingarkostnaðar hafði um miðjan ágúst lækkað um 0,3 prósent frá fyrri mánuði, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands. Vísitalan stóð í 114,8 stigum um miðjan mánuðinn. „Verð á innfluttu efni lækkaði um eitt prósent, sem skýrir lækkun vísitölunnar,“ segir á vef Hagstofunnar.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka á þriðjudag er bent á að umtalsvert hafi hægt á hækkunartakti byggingarkostnaðar undanfarna mánuði. Árshækkun vísitölunnar nemi nú 3,9 prósentum. „Undanfarið ár hefur vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 7,3 prósent, og er fasteignaverð því að hækka mun hraðar en byggingarkostnaður um þessar mundir.“ - óká



**BYGGINGARVINNA** Flest bendir til þess að verð á byggingavörumarkaði hafi ekki lækkað eftir að Bauhaus kom inn á innlendan markað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Byggingarvörumarkaðurinn:

## Verð hafa ekki lækkað með tilkomu Bauhaus

**NEYTENDUR** Tilkoma verslunar Bauhaus á íslenskan byggingarvörumarkað hefur hingað til ekki haft teljandi áhrif á verð á byggingarvörum. Þetta segir í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka frá því á þriðjudag, þar sem vitnað er í mælingar Hagstofu Íslands á vísitölu byggingarverðs.

Bauhaus hóf rekstur í maí en er ekki inni í verðkönnuninni. Innlent efni hjá þeim sem fyrir eru hefur hins vegar hækkað í verði um 0,3 prósent síðan um miðjan maí. Á meðan hefur innflutt efni lækkað um 0,9 prósent, en sú verðlækkun er, að sögn greiningardeildarinnar, að öllum líkindum öll tilkomin vegna styrkingar krónunnar á sama tímabili. - þj

Ísmagn við norðurheimskautið mun brátt ná sögulegu lágmarki:

# Ísmagn í Norður-Íshafi aldrei minna

**NÁTTÚRA** Ísmagn við norðurheimskautið mun ná sögulegu lágmarki í lok mánaðarins samkvæmt mælingum Cryosat-gervihnattar ESA, evrópsku geimferðastofnunarinnar.

Bandarískir vísindamenn sem skoðað hafa gögnin frá Cryosat segja að ísmagnið nú sé talsvert minna en á sama tíma árið 2007 þegar fyrra metið var sett. Ís við norðurheimskautið bráðnar iðulega nokkuð yfir sumarið og nær ísmagnið jafnan lágmarki í seinni hluta september. Miðað við stöðuna nú telja vísindamennirnir þó líklegt að gamla metið yfir lítið ísmagn falli strax fyrir næstu mánaðamót.

Samkvæmt nýjustu mælingum Cryosat var ísmagnið þann 13. ágúst síðastliðinn 483.000 ferkílómetrum minna en á sama tíma árið 2007. Jafngildir það ríflega fjóru og hálfu Íslandi.

Ísmagn við norðurheimskautið er mælt þannig að þau svæði Norður-Íshafsins þar sem ís þekur meira en 15% svæðisins eru reiknuð með en önnur svæði ekki.

Cryosat-gervihnettinum var skotið á loft árið 2010 en hann hefur það hlutverk að fylgjast með ísmagni við heimskautin. - mþl



**NORÐURPÓLLINN** Ísmagn við norðurheimskautið nær yfirleitt lágmarki á ári hverju í seinni hluta september. MYND/GETTY



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lestur er grunnur að öllu því bóklega námi sem bíður sex ára barnsins:

## Sísí segir …

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Nemendur landsins hefja skólagöngu vetrarins þessa daga. Eftirvæntingin er líklega mest hjá sex ára börnunum sem ganga nú inn í heim sem hefur verið þeim flestum framandi hingað til.

Börnin eru mistilbúin til að takast á við skiptin frá leikskóla yfir í grunnskóla, eins og gengur. Meðan sum hafa beðið óþreyjufull eftir fyrsta skóladeginum eru önnur sem væru fyllilega sátt við að vera áfram í gamla notalega leikskólanum sínum. Upplifun barnanna er einnig mismunandi. Meðan sum eiga auðvelt með að semja sig að nýjum siðum og kröfum eru önnur sem eiga ekki eins auðvelt með að takast á við breytingarnar og verða þá sum fyrir vonbrigðum með skólagönguna. Verkefni skólans er þannig ekki alltaf auðvelt því hann á að koma til móts við öll þessi börn.

Meginnámsverkefni fyrsta skólaársins er lesturinn því með honum er lagður grunnur að öllu öðru bóklegu námi. Flest börn læra tæknina við að lesa í skólanum. Sísí og Óli úr Gagni og gamni eru reyndar víðs fjarri og aðrar aðferðir og annað námsefni tekið við.

Það gildir hins vegar það sama um börnin sem hefja skólagönguna haustið 2012 og þau börn sem lærðu að lesa upp úr Gagni og gamni og eru nú orðin afar og ömmur að þjálfunin í lestri skiptir sköpum um færnina. Enginn verður hvorki hraður og góður lesari né öðlast nákvæman lesskilning öðruvísi en að æfa tæknina í þaula. Sú æfing fer vissulega fram með heimalestri sem skólinn setur fyrir en fyrst og fremst með öðrum lestri.

Í raun má segja að æfingin hefjist um leið og foreldrar fara að lesa fyrir börn sín lítil. Síst dregur úr mikilvægi þessa daglega lesturs eftir að stafainnlögn og lestrarnám er hafið. Á sama tíma þarf að hvetja börnin til þess að nýta lestrarkunnáttuna og spreyta sig sjálf og um leið og þau eru orðin stautfær þarf að aðstoða þau við að finna lesefni sem höfðar til þeirra og halda að lesefninu. Sjálfsagt er að halda áfram að lesa fyrir börnin eins lengi og þau óska eftir því enda felst í því talsverð þjálfun að horfa á texta sem lesinn er upphátt.

Hlutverk foreldranna felst samt ekki bara í því að lesa fyrir börn sín og veita þeim aðhald við lesturinn. Foreldrarnir verða að vera börnum sínum fyrirmynd líka. Barn sem elst ekki upp við að fólkið í kringum það lesi hlýtur að eiga erfiðara með að sjá tilganginn með því að vera sílesandi. Þjálfunin sem felst í því að vera lestrarfyrirmynd hefst um leið og barnið er farið að horfa í kringum sig því barn sem verður vitni að lesandi foreldrum er líklegra til þess að langa að læra að lesa en barn sem ekki er alið upp við að fólkið í umhverfi þess færi sér lestrartæknina í nyt.

Lestur og lesskilningur er grunnurinn að öllu öðru bóklegu námi.

Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna skiptir þau þannig óendanlega miklu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Stökktu til
Benidorm
28. ágúst

Frá aðeins kr. 89.900 í 14 nætur

14 nátta ferð - ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 28. ágúst í 14 nætur til Benidorm. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

**Kr. 89.900 - 14 nátta ferð**
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Sértilboð 28. ágúst.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blind gróðahyggja

Björn Jón Bragason er framkvæmdastjóri samtaka sem kalla sig Samtök kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg. Þau hafa barist gegn lokun Laugavegar fyrir bílaumferð, en samkvæmt þeim mun hún ekki aðeins leggja miðborgina í auðn, heldur er það einnig brot á réttindum aldraðra og fatlaðra. Nú er komin út skýrsla um aðstæður á Laugaveginum með hliðsjón af aðgengi fyrir blinda og sjónskerta. Niðurstaðan er ansi afgerandi, á sumrin á gatan að vera göngugata upp að Snorrabraut. Því er úr vöndu að ráða hjá Birni Jóni og hans blindu gróðahyggjumönnum í réttindabaráttu þeirra fyrir minnihlutahópa.



### Ábyrgð skuldara

Það er líklega ekki vinsælt viðhorf, en í allri umræðunni um hin svokölluðu smálánafyrirtæki og vonda siði þeirra, virðist hafa gleymst að það er ábyrgðarhluti að taka lán. Sú ábyrgð hvílir á þeim sem það tekur.



### Venjubundnu vitnin

Steingrímur J. Sigfússon fer mikinn í Fréttablaðinu í gær. Hvað samstöðu stjórnarflokkanna áhrærir segist hann hafa talið að menn væru orðnir leiðir á að láta nota sig til að ala á ímynduðu sundurlyndi flokkanna. Hins vegar séu alltaf „þessi venjubundnu vitni leidd fram“ til að reka ímyndaða fleyga í samstarfið. Gaman væri að sjá hverja formaður Vinstri grænna telur fylla þennan flokk venjubundinna vitna og hvort einhverjir flokksmenn hans séu þar á meðal.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Græðgi frjálshyggjunnar áfram

Sjávarútvegsmál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Meirihluti kjósenda veitti ríkisstjórnarflokkunum brautargengi í síðustu Alþingiskosningum til þess að breyta þjóðfélaginu. Vinstri flokkunum var ætlað að koma böndum á græðgina og siðleysið sem nýfrjálshyggjan leysti úr læðingi þar sem fámennur hópur manna sópaði til sín miklum auðævum í skjóli ranglátra laga og leiddi á fáum árum til bankahrunsins. Flokkarnir sögðu kjósendum að eitt allra stærsta umbótamálið væri að umbylta löggjöfinni um sjávarútveginn og lögðu fram skýra stefnu um áform sín. Nú þegar dregur að lokum kjörtímabilsins er orðið ljóst að þeir hafa guggnað. Félagshyggjuflokkarnir virðast á valdi hagsmunaaðila og hugmyndafræðilega gjaldþrota. Þeir boða opinskátt áfram sömu frjálshyggjuna og nærði græðgina fyrir hrun.

Samfylkingin og Vinstri grænir sögðust ætla að úthluta nýtingarréttinum á jafnræðisgrundvelli til hóflegs tíma gegn fullu gjaldi. Þeir sögðu báðir að kvótakerfið stæðist ekki jafnræðisreglu samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Þeir sögðu báðir að núverandi kvótaúthlutun samræmdist ekki kröfunni um sanngjarnar og réttlátar leikreglur.

En nú ætla vinstri flokkarnir að úthluta áfram sömu mönnum 94% af kvótanum. Þeir ætla áfram að úthluta ótímabundið og þeir ætla áfram að afhenda réttinn fyrir brot af því verði sem kvótagreifarnir hafa sjálfir búið til og láta borga sér. Þeir ætla áfram að leyfa þessum fáu kvótahöfum að selja kvótann og hirða allar tekjurnar. Græðgin fær áfram sitt.

Árið 2007 var allur kvóti á Flateyri seldur burt. Seljandinn er 9. ríkasti maður landsins skv. tekjublaði Frjálsrar verslunar. Það verður áfram þannig að sjómenn og landverkafólk ráða engu um það hvað verður um kvótann. Áfram verður allur kvótinn óbundinn sjávarbyggðunum. Áfram verður engin samkeppni um veiðiheimildir og engin aðkoma fyrir nýja aðila á jafnræðisgrundvelli. Áfram verður fiskverð og ráðstöfun aflans einkamál kvótahafans. Áfram verður hægt að veðsetja kvótann og taka út framtíðartekjurnar. Áfram verður hugarfarið drekkum í dag og iðrumst á morgun. Áfram munu fáir græða mikið og margir tapa. Til þess að svikamyllan geti örugglega haldið áfram ætla vinstri flokkarnir í góðri samvinnu við gömlu kvótaflokkana að sjá til þess að þessu verði ekki breytt næstu 20 árin. Áfram verður ranglætið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lesum í sporin!

Efnahagsmál



Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra

Í eðlilegri gremju sinni og vonbrigðum með hrunið og eftirköst þess beina margir óánægju sinni að sitjandi valdhöfum, okkur sem tókum við keflinu 1. febrúar 2009, og finnst að hægt hafi gengið að kippa hlutunum í lag. Og með rétti má segja að almenningur hafi hvoru tveggja, mikið til síns máls og rök fyrir sinni óánægju. Auðvitað hefur gengið hægt og hægar en við öll vildum að komast út úr erfiðleikunum. Samt er það þannig að ef raunsær mælikvarði og sanngjarn er lagður á hlutina var vart við öðru að búast. Áfallið hér var risavaxið og horfurnar satt best að segja svo dapurlegar fram eftir og út árið 2009 og inn á árið 2010 að séð í því ljósi er bjart yfir Íslandi nú. Óveðurský þjóðargjaldþrots, efnahagslegrar bráðnunar, stórfellds landflótta eða annarra stórhörmunga, sem ýmsir spáðu, eru að baki.

Hitt er svo sannarlega einnig auðskilið að landsmenn eru enn svekktir yfir því sem hér gerðist, margir ganga sárir frá leiknum, áttu betra skilið af stjórnvöldum sínum. Svo ekki sé nú talað um aðra og enn verri hluti eins og hvernig nýfrjálshyggju-, græðgis- og siðleysistíminn fór með okkur almennt talað. Að hve miklu leyti við vorum þjóð saklausir, óafvitandi leiksoppar þeirrar hugmyndafræði og að hve miklu leyti við vorum auðveld/leiðitöm bráð skal ósagt látið. (Seinni tíma viðfangsefni að glíma við það. Hinir pólitísku, félagslegu og sagnfræðilegu þættir þessara atburða munu líka taka sinn tíma í úrvinnslu.)

Já, auðvitað er eðlilegt að farvegur gremju og svekkelsis verði meðal annars sá að gefa sitjandi ríkisstjórn langt nef og falla fyrir áróðri andstæðinga hennar (sem eru mörg helstu inngróinu valdaelement gamla tímans svo sem Sjálfstæðisflokkurinn, Morgunblaðið, sérhagsmunasamtök og þjóðrembuafturhaldið). Það er auðvelt að loka sig af frá veruleikanum, raunheiminum, og segja sem svo; það að hér á Íslandi tækifæranna skuli ekki drjúpa smjör af hverju strái er auðvitað allt þessari ömurlegu ríkisstjórn að kenna. Á góðri stund geta menn bætt í og sagt sem svo að hér hafi ekkert hrun orðið, bara svokallað hrun, það sé bara áróður að hinum óskeikulu hafi orðið eitthvað á. Það vottar fyrir „kostuðum" tilburðum til að umskrifa samtímasöguna þannig að þeir sem fóru með völd og bera stjórnskipulega og pólitíska ábyrgð á hruninu hafi í raun og veru bjargað Íslandi með snilld sinni. Hvað um það, dokum við og reynum að greina þetta á yfirvegaðan hátt:

### Það sem gerðist

Hrunið er staðreynd. Á upplýsingaöld tækist ekki svæsnustu ritskoðunar- og harðstjórnaröflum að þurrka út þá staðreynd. Eitthvað fór úrskeiðis. Það þurfti að biðja guð að blessa Ísland. Erfiðir og tvísýnir tímar fóru í hönd. Ísland var fátækum vopnum búið, í vondu sviðsljósi sem óþekktarormur sem farið hafði illa að ráði sínu og trausti rúið, í raun út á við og inn á við. Við treystum engu hér heima, ekki okkur sjálfum nema með miklum fyrirvörum (gerum ekki nema að takmörkuðu leyti enn) neinn morgundagur, það þyrfti aldrei að borga lánin, lánstraust í útlöndum væri ótakmarkað, við værum miklu betri en Danir í bisness, við værum best í heimi. Hvað er sumt þetta sama fólk að segja okkur í dag? Er það kannski að öll okkar vandamál séu ríkisstjórninni að kenna og henni einni. Er e.t.v. verið að bera á borð fyrir okkur skyndibitapólitík, innihaldslausa dellu, sem er eins haldlaus og kenningin um óendanleika hins eyðsludrifna græðgisgóðæris sem var tekið að láni. Eigum við ekki að hugsa okkar gang áður en við látum ljúga að okkur blákalt, tvisvar í röð, af sömu aðilum. Það eru engin kraftaverk í boði á niðursettu verði, það er ekki hægt að láta skuldir og erfiðleika gufa upp, það eru engar kanínur og enginn hvítur hattur. Þetta sem þarf er vinna, þrautseigja, raunsæi, kjarkur og úthald. Þetta og fáir treystu okkur (ekki einu sinni „vinir" okkar í öðrum norrænum ríkjum) nema gegnum ábyrgð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Við þurftum á utanaðkomandi aðstoð að halda. Það er ekkert sem núverandi ríkisstjórn fann upp á, heldur sóttu sjálfstæðismenn, þeir Geir Haarde, Árni Mathiesen og Davíð Oddsson um þá hjálp. Með öðrum orðum; það var orðið eitthvert vesen áður en við tókum til við rústabjörgunina, ekki satt?

> Það eru engin kraftaverk í boði á niðursettu verði, það er ekki hægt að láta skuldir og erfiðleika gufa upp, það eru engar kanínur og enginn hvítur hattur.

Að gamni eða hálfkæringi slepptum (sem auðvitað er tæpast viðeigandi þegar svo dýrkeyptir hlutir í sögu þjóðar eiga við), þá tók núverandi ríkisstjórn við erfiðustu aðstæðum sem nokkur slík á lýðveldistímanum hefur fengið til að glíma við. Annars staðar, þar sem áföllin voru þó miklum mun minni, gengur hægt að koma hlutunum aftur í lag. Töfrasprotarnir og kraftaverkin sem lýðskrums- og glanspappírsfólkið þykist hafa á öllum fingrum eru því miður bara til í umræðunni en ekki í hinum erfiða raunheimi þröngra kosta, blóðs, svita og tára til að forða Íslandi frá niðurlægingu og gjaldþroti.

Allt of margir trúðu spámönnum góðærisins og útrásarinnar um hina fórnarlausu og tímalausu sælu, það væri bara endalaust hægt að græða á daginn og grilla á kvöldin. Það kæmi aldrei neinn reikningur, aldrei er hægt og það sem meira er; þetta er að takast. Ísland er að komast, merkilega lítt skaddað sem velferðarsamfélag, út úr erfiðleikum sínum. Við erum ekki sloppin en það miðar vel. Það er enn síður ástæða til að missa móðinn nú en fyrir ári eða tveimur síðan, þó vissulega varpi dapurt ástand í Evrópu og heimsbúskapnum skugga á.

### Barningur á móti, en miðar samt

Já; það hefur gengið hægt, þetta hefur verið barningur, við sem stjórnvöld þessa ævintýralega tíma höfum oft tekið umdeilanlegar ákvarðanir sem e.t.v hafa ekki alltaf reynst þær réttu. Nema hvað? Gera menn ekki mistök á hinum venjulegustu tímum, hvað þá þegar hlaupið er með slökkvitækið milli elda og bjargað úr rústum mánuðum og misserum saman?

En hefði þeim sem hlóðu upp eldiviðnum og fóru ógætilega með „góðæriskyndilinn" gengið betur að slökkva bálið, reykræsta húsið, hreinsa út, glerja og mála og flytja inn aftur?

Bara þetta að lokum; lesum í sporin, látum spámenn þeirra hluta sem áður hafa reynst léleg vísindi um framtíðina hafa fyrir því að sannfæra okkur en við trúum þeim. Enn betra; látum aldrei aftur fagurgala, lyga- og sérgæskuþvælu bera heilbrigða skynsemi ofurliði á Íslandi.

# Um nýja byggingarreglugerð og ljóð

Framkvæmdir



Pétur Örn Björnsson
arkitekt

Nú skal ég segja það hreint og beint, svo allir muni fyrr en síðar heyra, að það var hér áður fyrr ætíð von fyrir lítinn og sjálfstæðan arkitekt að fá til sín verkefni, eins og önnur einyrkja- og smáfyrirtæki, einungis vegna góðs faglegs orðspors, en með tilkomu EES samningsins hefur allt hægt og bítandi orðið verra, enda markvisst verið að drepa hina litlu og smáu á okkar dvergvaxna innanlandsmarkaði. Og nú er embættismanna bíró-teknó-krata-stóðið að uppkokka aðlagaða ESB byggingarreglugerð andskotans. Þar vantar ekki fínu orðin „sjálfbærni", „vistvænt", en af hverju í helvítinu fer þetta lið þá ekki í alvöru torfkofa? Nei, það dettur þessu flórstóði ekki í hug. Það röflar um BREEAM og DIN og guð má vita hvað, en megintilgangurinn er alltaf sá sami að efla gróða eftirlitsiðnaðarins, hins ósjálfbærasta og óvistvænasta af öllu og stór-verkfræðinga-graddar fá sér vottunarleyfi og græða á því og bankarnir græða á hækkandi byggingarkostnaði og allir græða … nema hinn sauðsvarti almenningur og þá … meine damen und herren … fer ríkið að lokum á hausinn. Comprendez?

Á vorum tímum er mest öll hin volaða arkitektastétt í lamasessi og kvíðakasti yfir nýrri byggingarreglugerð forræðishyggjumeistaranna, sem engum treysta til góðra verka, en gáiði að því … ergo sum, þá treysta færri og færri boðvaldi þeirra að ofan, enda eru þetta bara venjulegir sjálfskammtandi kerfisliðar, en alls engir guðir, ef grannt er skoðað. Það ætti öllu fólki með móavit og þúfna að vera augljóst.

Þegar gagnkvæmt traust ríkir ekki, þá dugar boðvaldið einungis til að níða skóinn undan samborgurunum. Það er svo klætt í búning fagurra orða. Það er í nafni heilagleika bírókratanna kallað „nýja" Ísland en er hræsnisfyllsta útgáfa af „gamla" Íslandi sem hægt er að ímynda sér, sjálf múmínútgáfa skinhelginnar.

En menn spyrja nú hver annan í hljóðum … hefurðu lesið óskapnaðinn? … Og svörin eru flest þau sömu, nei ekki enn, því menn bíða leiðbeiningarrita við leiðbeiningarritin um reglugerðina ógnarlöngu, sem líkist nú helst orðið ályktunum kaþólskra kirkjuskipana páfans á miðöldum, enda virðist nú stefnt að viðlíka ofur-veldi yfir-bírókrata. Þeir nota boðvald sitt til að reyna að drepa alla lifandi grósku hinna mörgu og smáu. Eigum við þá bara að beygja okkur í duftið og leggjast flatir fyrir ofur-veldi yfir-bírókratanna, sjálfs embættismanna aðalsins, sem bera sjálfir aldrei ábyrgð á einu né neinu af þeirra eigin aumkunarverðu verkum?

Nei fjandakornið. Fremur vil ég þá aumur spyrja þess hvort við eigum ekki að mótmæla líkt og Lúther forðum og negla eitt stykki mótmælabréf, sem aumir þrælar, á öll bænhús hins ósjálfbærasta af öllum ósjálfbærum valdhroka eftirlitsiðnaði seinni tíma?

Mál er að linni. Þjóðin fái að segja sitt um ESB aðlögunina – í síðasta lagi fyrir jólin 2012.

Við vitum það öll, að þetta helvíti gengur ekki lengur og við hæfi að enda þetta greinarkorn með ljóði Davíðs Stefánssonar, skáldsins frá Fagraskógi:

*Það teygir sig vítt yfir byggðir og borg*
*og bólgnar af skipulagshroka,*
*en geigvænt er loftið af gjaldeyrissorg*
*og grátt eins og Lundúnaþoka.*
*En borgarinn fálmar sig bugaður inn*
*og biður um rétt til að lifa,*
*svo þjónninn, sem hímdi með hönd undir kinn,*
*má hamast að reikna og skrifa.*

*En þarna fær borgarinn skjal eftir skjal,*
*sem skráð er gegn réttlátri borgun,*
*og honum er vísað sal úr sal*
*og sagt – að koma á morgun,*
*og svona gengur það ár eftir ár,*
*því altaf er nóg að skrifa,*
*og altaf fær borgarinn skipulagsskrár*
*og skilríki fyrir að lifa.*

*Það lætur víst nærri, að þriðji*
*-nú orðið annar- hver þegn*
*sé þjónn eða skrifstofugreifi,*
*en flestum er starfið þó mikið um megn*
*og margur fær siglingaleyfi.*
*En borgarinn snýst þarna hring eftir hring*
*og hlýðir í orði og verki,*
*og loks þegar alt er þar komið í kring*
*er klínt á hann – stimpilmerki.*

*Að stofnunin eflist hvern einasta dag*
*mun afkoma þegnanna sanna,*
*og auðvitað reikna þeir ríkinu í hag*
*sem ráðstafa lífi manna.*
*En varla mun borgarinn blessa þau tákn,*
*né bætur þeim skriftlærðu mæla,*
*sem vilja að alt þetta blekiðjubákn*
*sé bænahús – krjúpandi þræla.*



# MEIRIHÁTTAR

# ÚTSÖLUBOMBA!



67%

FULLT VERÐ: 2.995

**HAZEL BALLERÍNUSKÓR**
Litir: Svartur, rauður og turkis.
Stærðir: 36-41.

1.000



50%

FULLT VERÐ: 199

99

**ESPADRILLOS SKÓR**
Sætir skór sem fást í svörtu, bleiku og hvítu. Stærðir: 36-41.



75%

POLLABUXUR FULLT VERÐ: 1.995

500

**POLLAJAKKI OG POLLABUXUR**
Pollajakki 500 Pollabuxur 500



50%

FULLT VERÐ: 2.995

**DELUX STÝRI**
Flott þroskaleikfang fyrir yngstu kynslóðina. Frábært verð!

1.495



50%

FULLT VERÐ: 1.995

995

**DÖMUBOLUR**
Flottur dömubolur með V-hálsmáli.

**TRÉPÚSL**
Fyrir yngstu krílin.



50%

FULLT VERÐ: 995

495




70%

FULLT VERÐ: 995

300

**HLÝIR OG ÞYKKIR SOKKAR**
Flottir sokkar fyrir dömur. Þykkir og góðir.



66%

**SOKKABUXUR**
Svartar nylon-sokkabuxur 20 den.
Stærð: 36/42.
3 stk. saman í pakka.

3 STK.

3 STK. FULLT VERÐ: 595

200



62%

**ÍÞRÓTTAGALLI**
Flottir og þægilegir íþróttagallar fyrir stelpur og stráka.
Stærðir: 104 - 160 sm. Fást í 2 litum: Svart/blátt og svart/rautt.

FULLT VERÐ: 3.995

1.500



46%

FULLT VERÐ: 1.495

795

**TEIKNIBORÐ**
Skemmtilegt teikniborð fyrir yngstu börnin.



**DÖMUBOLUR**
Flottur dömubolur með V-hálsmáli. Fæst í 2 fallegum litum.

FULLT VERÐ: 1.995

995

50%


61%
SOKKA-BUXUR
Þykkar sokkabuxur. 2 stærðir. Efni: 10% ull, 75% acryl, 10% polyester og 5% elasthan.
FULLT VERÐ: 1.295
500
DERHÚFA
Flott derhúfa fyrir börnin.
71%
FULLT VERÐ: 695
200
FULLT VERÐ: 2.995
500
83%
STRIDER SKÓR
Stærðir: 28-35.
FLÍSPEYSUR OG FLÍSBUXUR Á BÖRN
Nokkrir litir.
Flíspeysur stærðir:
92-134 2.995
nú 1.000
134-170 3.995
nú 1.000
Svartar og rauðar flísbuxur í stærðum
92-134 2.495
nú 1.000
75%
FLÍSPEYSA FULLT VERÐ: 3.995
1.000
77%
8 PÖR
FULLT VERÐ: 1.295
300
ÍÞRÓTTA-SOKKAR
Góðir íþrótta-sokkar á frábæru verði! 8 pör saman í pakka. Stærðir: 36 - 40.
75%
2 STK.
MINI LJÓS
Stórsniðugt ljós á hjólið, töskuna eða úlpuna. 3 stillingar á ljósi.
FULLT VERÐ: 795
200
50%
FULLT VERÐ: 1.995
995
LINE DÖMUBOLIR
Flottir dömustuttermabolir í stærðum S-XXL. Fást í bláu og brúnu.
66%
ÖKKLASOKKAR
3 pör af einlitum ökkla-sokkum. Stærðir: 22-36.
3 STK. FULLT VERÐ: 595
200
3 STK.
71%
1 STK. FULLT VERÐ: 695
200
SAMFELLUR
Fallegar samfellur á stelpur og stráka. Fást í nokk-rum mismunandi litum með flottum myndum.
77%
LEGGINGS
Þykkar og góðar leggings. Ein stærð. Efni: 60% bómull, 35% polyamid og 5% elasthan.
FULLT VERÐ: 1.295
300
55%
1 PAR FULLT VERÐ: 5.495
2.500
KULDASKÓR
Góðir kuldaskór á börnin. Stærðir: 25-35.
DÖMU- OG HERRA-FLÍSPEYSUR
Litur: Svartur. Nokkrar stærðir. Dömuflís-peysur eru með hettu.
62%
FULLT VERÐ: 3.995
1.500
50%
FULLT VERÐ: 1.995
995
ÞROSKALEIKFANG
Með dýrahljóðum.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# Kallað eftir vandaðri umræðu

Stjórnmál

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Árangur í efnahagsmálum er mikilvægt framlag ríkisstjórnarinnar til enduruppbyggingar íslensks þjóðfélags, en fjarri því að vera það eina. Heildarsýn á verkefni yfirstandandi kjörtímabils hefur frá upphafi birst í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, löngu og ítarlegu skjali, metnaðarfullri verkáætlun sem spannar vítt svið. Þegar líður á seinni hluta kjörtímabils er ánægjulegt að fletta samstarfsyfirlýsingunni og átta sig á því hversu stórum hluta þeirra verkefna sem upp eru talin hefur verið komið til framkvæmda.

### Árangur ríkisstjórnarinnar

Eins og öllum er ljóst tók þessi fyrsta ríkisstjórn Íslandssögunnar sem eingöngu er skipuð vinstri flokkum við erfiðara verkefni en nokkur önnur hafði gert áður. Árangurinn hefur kostað aðhald í rekstri og jafnframt aga í fjármögnun samneyslunnar sem okkur er svo mikilvæg. Nú sjáum við að atvinnuleysi minnkar jafnt og þétt, verðbólga er í rénun og hagvöxtur með því mesta sem gerist í Evrópu. Samhliða þessu hafa breytingar á skatta- og bótakerfi orðið til þess að auka jöfnuð meðal landsmanna – og þar með náð að snúa frá aukinni misskiptingu sem var við lýði mestan hluta hins meinta góðæristíma.

Andstæðingum ríkisstjórnarinnar er ljósara en nokkrum öðrum að ef næstu alþingiskosningar snúast um árangur ríkisstjórnarinnar, þá mun vinstri flokkunum ganga vel. Það þjónar því tilgangi hrunflokkanna að láta kosningabaráttuna snúast um allt annað en raunverulegan árangur og málefni – það er þeim í hag að drepa umræðunni á dreif í upphrópunum og gífuryrðum. Þar þurfum við að halda vöku okkar og hugsa um heildarmyndina.

### Sama rót

Eins og við er að búast á umbrotatímum hefur stundum gustað um samstarf ríkisstjórnarflokkanna og andstæðingar ríkisstjórnarinnar tekið því fagnandi í sínum áróðursritum á vef og prenti. Þrátt fyrir þau ágreiningsmál sem upp hafa komið á tímabilinu, þá hefur samstarf Vinstri grænna og Samfylkingar fyrst og fremst verið með eindæmum gott – enda sýna verkin merkin. Báðir flokkarnir byggja á sömu rót. Stefnu sem snýst um jöfnuð og félagslegt réttlæti.

Andstæðingar ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað talið sig geta rekið fleyg á milli flokkanna – og skiptir þar ekki mestu máli hvort meintur ágreiningur á við rök að styðjast. Eftir því sem nær dregur kosningum má búast við því að bæti nokkuð í moldviðri af þessu tagi enda miklir valdahagsmunir í húfi. Þá ríður á að hvika hvergi, heldur safna liði og snúa bökum saman.

### Ólíkar áherslur

Á dögunum þótti í frásögur færandi að tveir ráðherrar Vinstri grænna lýstu þeirri skoðun að ræða bæri stöðuna í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið og þá staðreynd að áform um að leggja fullbúinn samning fyrir þjóðina virðast ekki ganga eftir á kjörtímabilinu. Einnig var staða mála í Evrópu nefnd, efnahagslegir erfiðleikar í álfunni og blikur á lofti um þróun og hlutverk evrunnar. Þótti sumum þetta sýna alvarlegan ágreining á stjórnarheimilinu. Því fer fjarri.

Frá upphafi ríkisstjórnarsamstarfsins hefur verið lögð áhersla á að flokkarnir virði ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að ESB – eins og tilheyrir í góðu samstarfi. Ólík afstaða flokkanna til ESB-aðildar er sennilega einn helsti styrkur aðildarviðræðnanna, grundvallaratriði sem á að geta orðið til þess að umræða um mögulega aðild verði upplýst og ólíkum sjónarmiðum gert jafnhátt undir höfði. Í samstarfsyfirlýsingunni stendur jafnframt að ákvörðun um aðild að ESB skuli vera í höndum þjóðarinnar, sem muni greiða atkvæði um aðild að loknum aðildarviðræðum. Þetta er sjálfsögð lýðræðiskrafa og mikilvægt að taka hana fram: Þjóðin á alltaf að eiga síðasta orðið.

### Greinargóðir kostir

Nú liggur nokkuð ljóst fyrir að aðildarviðræðum lýkur ekki á þessu kjörtímabili. Það stefnir í að mikilvægir samningskaflar verði enn á huldu á komandi vori. Þegar stefnir í að ekki verði unnt að greiða atkvæði um fullbúinn samning fyrir alþingiskosningar þarf að ræða málið. Auðvitað. Allt alþjóðasamstarf er viðvarandi verkefni og þarf að vera í stöðugri mótun og endurskoðun. Svo afdrifaríkur ferill sem nú stendur yfir eins og aðildarumsókn að ESB er þar ekki undanskilinn. Ég hef orðið vör við það undanfarnar vikur og mánuði að mjög víða í samfélaginu er kallað eftir skynsemi og yfirvegun í umræðuna. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hlýtur að vilja opna umræðu um svo flókið mál og Samfylkingin einnig.

Þjóðin þarf að fá skýra spurningu til að svara. Greinargóða kosti að fjalla um. Það er kallað eftir vandaðri umræðu og það er okkar hlutverk að stuðla að henni. Sú umræða fer fram innan flokka og milli stjórnmálaflokka, sérstaklega stjórnarflokkanna eins og málum er háttað. Umræðan þarf ekki síður að eiga sér stað í fjölmiðlum og úti í samfélaginu, hún þarf að byggja á staðreyndum og heildarmati. Einfaldar upphrópanir og gífuryrði eru hvorki til upplýsingar né í anda lýðræðis.

Þjóðin þarf að fá skýra spurningu til að svara. Greinargóða kosti að fjalla um. Það er kallað eftir vandaðri umræðu og það er okkar hlutverk að stuðla að henni.

# Úlfur, úlfur

Barnavernd

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur
Barnaverndarstofu



Barnaverndarstofa er eitt þeirra stjórnvalda sem falið hefur verið að gæta hagsmuna barna í íslensku samfélagi. Störf stofnunar eru ekki, frekar en annarra opinberra stofnana, yfir gagnrýni hafin. Eðlilegt er að almenningur hafi aðhald með störfum opinberrar stofnunar með málefnalegri umræðu og gagnrýni og er hlutverk fjölmiðla mikilvægt í þessu sambandi.

Mál, þar sem deilt er um hagsmuni barna, eru í eðli sínu alltaf viðkvæm. Þó að þau séu ólík að grunni til og varði sum deilur foreldra við barnaverndaryfirvöld og önnur deilur á milli foreldra eiga þau það sameiginlegt að fleiri en ein hlið er á hverju máli. Foreldrum er frjálst að kynna sína hlið í fjölmiðlum en þegar stjórnvöld koma að málinu eru þau bundin þagnarskyldu og geta því ekki komið sínum sjónarmiðum á framfæri eða leiðrétt rangfærslur og staðreyndavillur sem foreldri, eða aðilar sem tengjast því, hefur sett fram. Verða þeir, sem fylgjast með umræðu um slík mál, að vera meðvitaðir um að ef til vill eru ekki allar staðreyndir málsins uppi á borðum og oftar en ekki hallar í umfjölluninni á þann aðila sem ekki hefur tjáð sig í málinu, hvort sem sá aðili er hitt foreldrið eða opinber stofnun.

Ástæða þess að vakin er athygli á þessum ágalla á opinberri umfjöllun um einstaka mál sem varða börn er umræða sem skapast hefur um störf þeirrar stofnunar sem ég starfa hjá, Barnaverndarstofu, í umræðu um forsjárdeilu milli foreldra. Hafa móðirin og aðstandendur hennar í því máli kosið að gera grein fyrir sinni hlið málsins á opinberum vettvangi og meðal annars vegið harkalega að barnaverndaryfirvöldum, bæði Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndum sem komið hafa að málinu.

Vegna ákvæða barnaverndarlaga um þagnarskyldu getur Barnaverndarstofa ekki í slíkri umræðu borið hönd fyrir höfuð sér og leiðrétt þær fjölmörgu rangfærslur sem settar hafa verið fram í máli þessu. Telur stofan samt sem áður nauðsynlegt að vekja athygli almennings á því að verulega skortir á að þær upplýsingar sem birst hafa í málinu séu í samræmi við staðreyndir þess.

Í málum, þar sem foreldrar deila um forsjá barna sinna og foreldrar búa hver í sínu landinu, þá gilda ákveðnar reglur um það í hvaða landi leiða á forsjárdeiluna til lykta. Eins og rakið hefur verið opinberlega var fjölskylda sú, sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum, búsett í Danmörku þegar foreldrar slitu samvistum og varð því að leysa úr forsjárdeilunni þar. Var það gert fyrir dómstólum þar sem dómstólar, bæði í undirrétti og yfirrétti, komust að þeirri niðurstöðu að það þjónaði best hagsmunum barnanna að búa hjá föður sínum. Löggjöf Danmerkur er í grundvallaratriðum svipuð þeirri íslensku að því leyti að í málum sem þessum er ávallt rætt við börnin, hafi þau aldur til þess, áður en komist er að niðurstöðu. Má ekki gleyma því að báðir aðilar í dómsmáli hafa tækifæri til þess að kynna sín sjónarmið áður en dómstólar taka ákvörðun.

Undir rekstri forsjármálsins og eftir að því lauk braut móðir barnanna ítrekað gegn lögum og fór í óleyfi með þau til Íslands. Hafa ólögmæt brottnám ávallt djúpstæð áhrif á börn og geta valdið þeim varanlegum skaða. Að auki eru slíkar aðgerðir aldrei til þess fallnar að bæta réttarstöðu þess foreldris sem tekur slíka ákvörðun. Eðlilegt er að foreldri, sem brotið er gegn með slíkum aðgerðum, leiti til dómstóla hér á landi í þeim tilgangi að fá börn sín afhent. Við rekstur slíkra mála er líka rætt við börn og lagt mat á það hvort þeim kunni að vera hætta búin verði þau send til baka. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur Íslands framkvæmdu slíkt mat í umræddu máli og voru sammála um að ekkert benti til annars, eftir að hafa rætt við börnin, en að þau væru örugg hjá föður sínum.

Aðfarargerðir, sem beinast að börnum, eru íþyngjandi og til þess fallnar að valda börnum skaða. Er það skoðun Barnaverndarstofu að slíkar aðgerðir ættu ekki að fara fram og leysa eigi mál með öðrum hætti. Það má þó aldrei gleyma því að það er það foreldri, sem ekki lætur af hinu ólöglega ástandi, sem ber ábyrgð á því að aðfarargerð þarf að fara fram. Foreldri, sem heldur börnum hjá sér með ólögmætum hætti, getur alltaf komið í veg fyrir að börnin sín þurfi að verða fyrir sálrænum skaða með því að fylgja niðurstöðum dómstóla og afhenda börnin.

Ísland er réttarríki. Í því felst að bæði einstaklingar og opinberir aðilar verða að virða bæði lög og niðurstöður dómstóla í einstaka málum og treysta því að niðurstöður í dómsmálum séu réttar með hliðsjón af öllum staðreyndum málsins, ekki eingöngu hlið annars aðilans. Leggur Barnaverndarstofa á það áherslu að það er ekkert í máli þessu sem bendir til annars en að niðurstöður dómstóla hér á landi og í Danmörku hafi verið teknar með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Það má ekki gleyma að mál sem þessi snúast um líf og hagsmuni barna. Barnaverndarstofa þolir vel óvægna gagnrýni en öðru máli kann að gegna um ungar sálir sem þurfa að þola það að ítrekað sé fjallað um þeirra innstu mál í fjölmiðlum og oftar en ekki stangast umfjöllunin verulega á við sannleikann. Verða þeir, sem ákveða að taka þátt í umræðu um mál barna, að huga að því að þeir hafa sjaldnast forsendur til þess að geta lagt dóm á einstök mál og að opinber umfjöllun getur verið til þess fallin að skaða börnin sem ætlunin er að vernda.



# GRIFFILL SVARAR SAMKEPPNI
## og býður bækurnar nú enn ódýrari





















| Vöruheiti: | Verð: |
|---|---|
| *Hvernig veit ég að ég veit?* | 3.399.- |
| *Setningafræði handa framhaldsskólum* | 1.599.- |
| *The lord of the flies.* | 1.499.- |
| *Félagsfræði. Einstaklingur og samfélag* | 3.490.- |
| *Uppeldi - kennslubók fyrir framhaldsskóla* | 3.599.- |
| *Íslenska eitt* | 3.699.- |
| *Þjálfun, heilsa, vellíðan* | 3.799.- |
| *Stærðfræði 3000 - Grunnbók fyrir framhaldsskóla* | 3.990,- |
| *Dansk er mange ting - lestrarbók m. CD* | 3.799.- |
| *Almenn sálfræði - Hugur, heili, hátterni* | 4.899.- |
| *Stjórnmálafræði* | 4.199.- |

***Opnunartímar næstu vikuna***

***Fimmtudag - laugardags kl. 10-22***
***Sunnudag kl. 12-22***

***Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 5331010***

**GRIFFILL**
**ALLTAF ÓDÝRARI**

# Náttúrupassinn

Ferðaþjónusta

Sigríður Margrét Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri
Kjartan Ragnarsson
forstöðumaður
Dóra Magnúsdóttir
markaðsstjóri og leiðsögumaður

Ferðamönnum til Íslands fjölgar stöðugt og ef fer sem horfir getum við átt von á því að innan fárra ára heimsæki yfir milljón manns landið á ári hverju. Þetta er staðreynd sem þarf að bregðast við.

Um aldamótin 1900 voru fiskveiðar á Íslandi í svipuðum sporum og ferðaþjónustan er nú. Nægur fiskur í sjónum en flotinn ófullkominn og hafði ekki burði til að sækja á dýpri mið. Fyrsti íslenski togarinn, Jón forseti, var smíðaður 1907 en þá voru engar hafnir fyrir þetta glæsilega skip til að leggja að. Upphófst þá deila um hver ætti að byggja hafnir og þar með innviði fyrir vaxandi atvinnugrein. Í kjölfarið var ráðist í að byggja Reykjavíkurhöfn og framhaldið þekkja allir. Nú er mikilvægt að „byggja hafnir“ fyrir ferðaþjónustuna og stuðla að ánægjulegri upplifun ferðamanna en um leið huga að náttúruvernd og uppbyggingu á fjölsóttum ferðamannastöðum í anda sjálfbærrar ferðaþjónustu.

Gistináttagjaldið sem nú er innheimt m.a. í því skyni að vernda náttúru landsins er um margt ósanngjarnt því það leggst eingöngu á hluta atvinnugreinarinnar, auk þess sem það nær ekki til allra erlendra ferðamanna. Nú stendur til að auka enn þessa skattheimtu. Það teljum við óráðlegt og tökum undir með rökum SAF um skaðsemi þeirrar skattlagningar. En náttúruvernd og uppbygging á ferðamannastöðum kostar og peningar eru af skornum skammti.

Niðurstaða rannsóknar frá árinu 2004 (sjá tengil í vefútgáfu) leiðir í ljós að ferðamenn eru tilbúnir að greiða fyrir aðgang að ferðamannastöðum sé ljóst að peningunum verði varið til verndunar og uppbyggingar. Það er því rökréttara að taka gjald af ferðamönnum beint fyrir að njóta náttúru landsins en að taka þá gegnum seldar gistinætur, flug eða með öðrum hætti. Fyrirkomulagið þekkist víða um heim, til dæmis frá Nepal og Bandaríkjunum. Einnig mætti nefna hér líkindi við veiðikortið og tjaldstæðakort sem eru í gildi hérlendis.

Við búum í víðáttumiklu landi. Það er ekki einfalt að krefja ferðamenn um gjald af einstökum stöðum því girða þarf svæðin af og manna sérstök hlið þar sem fólki er hleypt inn. Það er því flókin, óaðlaðandi og afar kostnaðarsöm leið og líklegt að slíkar aðgerðir kosti meira en þær skili af sér.

**Nánari útfærsla**

Í neðanjarðarlestum víða um heim greiða farþegar fargjaldið með miða sem gildir í tiltekinn tíma. Ekki er víst að framvísa þurfi passanum en treyst er á samviskusemi fólks. Við leggjum til að þessi aðferðafræði verði lögð til grundvallar innheimtu á gjaldi fyrir að njóta náttúru Íslands en í staðinn verði hlúð að náttúrunni og byggð upp aðstaða eftir því sem hentar hverjum stað.

Allir sem ferðast um á fyrirfram skilgreindum svæðum, svo sem þjóðgörðum, friðlýstum stöðum og vernduðum svæðum geta verið beðnir um að framvísa Náttúrupassanum. Þeir sem skila skattframtali á Íslandi greiða ekki fyrir hann og geta nálgast hann með veflykli. Hér er litið á að skattgreiðendur hafi þegar greitt gjaldið í formi opinberra gjalda.

Náttúrupassinn myndi kosta tiltekna upphæð, t.d. kr. 5.000 og gilda í eitt ár frá útgáfudegi. Hann greiðist af þeim: A) sem ferðast um náttúru Íslands á fyrir fram skilgreindum svæðum, B) sem ekki greiða skatt á Íslandi, C) sem eru 18 ára og eldri.

Náttúrupassann yrði hægt að kaupa í flugvélum á leið til landsins, á vefsíðu passans, t.d. www.naturepass.is, í upplýsingamiðstöðvum, á bensínstöðvum og hjá ferðaþjónustum víða um land. Beitt yrði viðurlögum ef fólk er ekki með passann meðferðis og verða þau að vera íþyngjandi svo kerfið virki. Finna þarf lausn á því hvernig þeir sem ferðast í skipulögðum hópferðum greiða gjaldið. Ótal margt varðandi hugmyndina er útfærsluatriði sem greinarhöfundar eru með lausnir á í handraðanum en verður ekki farið út í hér.

Mikilvægt er að ferðamaðurinn fái jákvæð skilaboð í tengslum við kaup á passanum og skýrar upplýsingar um að tekjurnar renni til náttúruverndar. Einnig væri æskilegt að lítið hefti myndi fylgja passanum með upplýsingum um verkefnið, náttúru og náttúruvernd, flóru og fánu landsins sem og öryggi á ferðalögum, reglum um akstur á hálendinu og fleira. Ítarlegri upplýsingar mætti finna á vefsíðu verkefnisins.

**Rekstrarfyrirkomulag**

Æskilegt væri að Náttúrupassinn ehf. yrði sjálfstætt félag rekið undir merkjum opinberra aðila og að stjórn félagsins yrði skipuð sömu aðilum og fulltrúum ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að gerð yrði greinargóð viðskiptaáætlun til þriggja ára að lágmarki vegna innleiðingar passans svo og áætlun um framkvæmdir vegna tekna sem áætlað er að myndu skila sér inn vegna verkefnisins.

Ef við gefum okkur að 400.000 manns greiði kr. 5.000 verða tekjurnar tveir milljarðar á ári. Hér kemur til greina að hafa þrenns konar verð eftir því hve mikið aðgengi að landinu yrði. Hér verður ekki farið í að útfæra viðskiptamódelið en að sjálfssögðu verður að leggja áherslu á gegnsæi og aðhald í rekstri.

Taka skal fram að þetta eru hugmyndir sem varpað er fram til umræðu með von um að þessi hugmynd fái að vaxa og dafna og koma því til leiðar að orðin sem eru til alls fyrst skili sér í aðgerðum.




# Hverju mundi ég breyta?

Stjórnmál

Guðbjörn Jónsson

fyrrverandi ráðgjafi



Ég hef lengi gagnrýnt stjórnvöld, óháð stjórnmálaflokkum, fyrir áberandi vanhæfni við stjórnun sjálfstæðs og sjálfbærs samfélags. Í einni slíkri umræðu var ég óvænt spurður spurningarinnar sem er yfirskrift hér. Ef mér yrðu fengin völdin í landinu, hverju mundi ég breyta? Glottið á andliti spyrjanda benti til að hann teldi sig hafa mátað mig. En einmitt um þetta hef ég mikið hugsað.

Í raun er það svo margþætt sem gera þarf strax og fjórflokknum væri ýtt til hliðar. Taka þyrfti ákvörðun um að hætta við ESB umsóknina, segja upp Schengen-samningnum og gefa út nýja mynt sem tæki við af núverandi krónu. Gera þyrfti úttekt á því hvað þjóðfélagið þarf mikið fjármagn í veltufé, svo eðlilegt fjárstreymi haldist um allt þjóðfélagið, það geti gengið eðlilega og núverandi starfsemi hafi nauðsynlegt rekstrarfé.

Breyta þyrfti lögum um fjármálafyrirtæki þannig að útlán og veltufé væru ekki skráð sem innlán. Þannig yrðu útlán bókuð sem skammtímavelta sem engin áhrif hefðu á bókfærða innlánaveltu. Sama fyrirkomulag yrði með launaveltu. Slík aðgerð setti stærð bankanna í rauntölur og lokaði fyrir stækkun þeirra með verðmætislausri talnauppsöfnun.

Ég mundi þegar í stað taka ákvörðun um að bakka út úr verðtryggingunni vegna þess að í grunninn er hún óheiðarleg og engar lagaforsendur hafa verið fyrir þeirri framkvæmd sem verið hefur. Til að valda ekki misræmi yrði vísitölunni bakkað út, skuldir og eignir færðar niður um hina ólögmætu uppsöfnun sem verðtryggingin olli.

Öll gengistryggð lán yrðu þegar í stað sett á frost og samkomulag gert við lánastofnanir um að þær fengju að innheimta upphaflegan höfuðstól lánsins með þeim vöxtum og lánstíma sem lánasamningar segja fyrir um. Fallist þeir ekki á það, megi þeir búast við málssókn fyrir ólögmæta útlánastarfsemi.

Út úr vitleysunum við fiskveiðistjórnun yrði bakkað með líkum hætti og út úr verðtryggingunni, þannig að þeir sem hefðu selt kvóta til aðila sem tók lán fyrir kaupverðinu, skiluðu fjármagninu aftur og það væri notað til að greiða niður lánið sem tekið var til kaupanna. Úthlutun aflaheimilda yrði síðan byggð á veiðireynslu, eins og í upphafi var ákveðið en aldrei farið eftir.

Sett yrðu ný lög um bókhald ríkisins, þar sem beitt yrði sömu lykilaðferð og er í bankakerfinu, þar sem allir reikningar kerfisins eru gerðir upp á hverri nóttu, eftir starfsdag. Þannig væri á hverjum morgni hrein staða rekstrargjalda, framkvæmda og tekna. Engin leið yrði þá að fara margar milljónir út fyrir rekstrarheimildir og menn stæðu samdægurs frammi fyrir þeim vitleysum sem gerðar væru. Og þeir yrðu að leysa þær vitleysur til að geta haldið áfram.

Breytt yrði lögum um ráðherraábyrgð, þannig að ráðherra væri með öllu óheimilt að taka ákvarðanir sem hefðu í för með sér fjárútlát eða aðrar skuldbindingar ríkissjóðs, nema hafa áður fengið hjá Alþingi heimild til slíkra ákvarðana.

Ráðherra væri persónulega ábyrgur fyrir öllum sínum loforðum og undirritunum þar til hann hefði fengið þau loforð eða samninga staðfesta af Alþingi.

Breytt yrði lögum um menntakerfið þannig að mjög rík áhersla yrði lögð á að kenna fólki að þekkja alla áhrifaþætti þess að hið sjálfstæða þjóðfélag okkar sé tekjulega sjálfbært og hvernig við aukum tekjur þess (gjaldeyristekjur), til að standa undir batnandi lífsgæðum í landinu.

Breytt yrði lögum um lánsviðskipti með lausafé, þannig að einungis væri hægt að gera greiðslutryggingu í þann hlut sem keyptur var gegn láni, en óheimilt að leita tryggingar eða fjárnáms í öðrum eignum. Einnig yrðu sett lög sem bönnuðu veðsetningu íbúðarhúsnæðis fyrir öðru lánsfé en því sem beint færi til byggingar, kaupa eða stórfellds viðhalds íbúðarinnar. Algjörlega yrði óheimilt að skrá fjárnám á íbúðarhúsnæði sem fjölskyldan byggi í.

Endurskoða þarf lögin um verðbréfamarkaði og bókhald, þar sem lokað yrði fyrir verðmætislausar hækkanir á skráðu eignavirði, þannig að það væri einungis hreinn rekstrarhagnaður á ársgrundvelli sem gæti hækkað skráð eignavirði og væntingar um framtíðarhagnað hefðu ekkert vægi til verðmætisaukningar.

En, þar sem öll athyglin beinist að hringavitleysu liðinna áratuga, sem að mestu halda enn áfram, er lítil von um að ná athygli á jafnbrýn málefni og hér hafa verið rakin. Ég er því farinn að efast um að sjálfstætt lýðveldi okkar nái að verða 80 ára. Engin furða þó frumkvöðlar að sjálfstæði okkar væru vonsviknir yfir kæruleysi og viljaleysi afkomenda sinna, núverandi íbúa landsins.





Fyrir konur og karla, CLUB FIT, 6-vikna námskeið

KOMDU ÞÉR Í TOPPFORM

45 mínútur 2x í viku

Þjálfun á hlaupabrettum og lyftingar með lóðum.
Hraði og þyngdir sem henta hverjum og einum.
Æfingar og hörku keyrsla undir handleiðslu þjálfara sem leiðbeinir og hvetur áfram.

**Þrumu stemning!**
Hámarks fitubrennsla, aukin grunnbrennsla og betra þol.

Allar nánari upplýsingar um verð og tímasetningar á www.hreyfing.is

Pantaðu frían prufutíma á www.hreyfing.is

**Innifalið:**
- Þjálfun 2x í viku
- Club Fit æfingakerfið sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Þátttakendur hafa aðgang að lokuðu svæði með fræðslu, upplýsingum og uppskriftum frá Hreyfingu
- Hvatningarpóstur 1 x í viku frá Ágústu Johnson og Guðbjörgu Finns
- Þol- og styrktarmælingar – fyrir og eftir
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum

NÝTT - CLUB FIT 50+ fyrir konur og karla 50 ára og eldri

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND | Álfheimar 74 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is





GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**65** **SVANUR KRISTJÁNSSON** prófessor á afmæli í dag.
*„Það þarf konur til að vinna kosningar.“*

†



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**JÓNA EINARSDÓTTIR**
**Árskógum 2,**
**áður til heimilis að Jökulgrunni 8,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 17. ágúst sl., verður jarðsungin frá Neskirkju, föstudaginn 24. ágúst kl.13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Álfheiður Óladóttir** **Skúli Nielsen**
**Eygló Björg Óladóttir** **Kristinn Þorsteinsson**
**Sigrún Óladóttir** **Snorri Þórðarson**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,

**SÓLEY MARVINSDÓTTIR**
**Hjallabraut 33,**
**áður Miðvangi 35,**

er látin. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 28. ágúst kl. 13.00.

**Kristjana Jakobsdóttir** **Páll Sigurðsson**
**María Jakobsdóttir** **Bjarni R. Magnússon**
**Stefán Ómar Jakobsson** **Hanna María Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

**KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR**
**Logafold 56,**
**áður Mosarima 6,**

lést föstudaginn 17. ágúst á Landspítala, Landakoti. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

**Björg Kristinsdóttir** **Baldur Guðgeirsson**
**Kristín Líf Abigail, Mikael Geir og Adam Geir**
**Jónína Pálsdóttir**
**og systkini.**

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RAFN KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**
**Dalbraut 14, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 19. ágúst. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

**Helgi Rúnar Rafnsson** **Arngunnur Regína Jónsdóttir**
**Sigríður Svava Rafnsdóttir** **Pálmi Finnbogason**
**Margrét Rafnsdóttir** **Sæmundur Hólmar Sverrisson**
**Kristján Rafnsson** **Íris Ösp Birgisdóttir**
**Auður Rafnsdóttir** **Hreinn Þorkelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÚNAR THORARENSEN**
**tækniteiknara.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir góða umönnun og hlýju.

**Margrét Árnadóttir Auðuns** **Halldór Björn Runólfsson**
**Árni Halldórsson** **Natalie Preston**
**Sigrún Halldórsdóttir** **Fjalar Sigurðarson**
**Ylfa Margrét Fjalarsdóttir**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HÓLMFRÍÐUR AÐALBJÖRG GUNNLAUGSDÓTTIR**
**Digranesvegi 54, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 19. ágúst. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 28. ágúst kl. 13.00.

**Kristrún Sigurðardóttir** **Dofri Jónsson**
**Fanney Sigurðardóttir**
**Kristján Sigurðsson** **Herdís Lilja Jónsdóttir**
**María Lena Ólafsdóttir** **Anne Agnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

KRISTJÁN BALDVINSSON: HLAUT FYRSTU VERÐLAUN Á VÍSINDAÞINGI

## Góð viðurkenning fyrir Ísland

„Þetta var stór rannsókn og nær yfir heila þjóð sem er alltaf mjög gott. Hún leiðir í ljós að þeim sem eru 75 ára og eldri vegnar vel eftir skurðaðgerðir vegna lungnakrabbameins hér á landi, eða álíka vel og yngra fólki,“ segir Kristján Baldvinsson, 6. árs læknanemi við Háskóla Íslands. Hann hlaut 1. verðlaun á árlegu vísindaþingi norrænna hjarta- og lungnaskurðlækna í Vilníus nýlega er hann kynnti niðurstöður vísindaverkefnis sem hann og Andri Wilberg Orrason læknanemi, hafa unnið að undir stjórn Tómasar Guðbjartssonar, prófessors við Læknadeild Háskóla Íslands. „Þetta er búið að taka tæp tvö ár, ég var í verkefninu sem sumarvinnu í fyrrasumar og svo talsvert með námi síðasta vetur,“ segir Kristján. „Verðlaunin komu á óvart en ég vissi samt að þetta væri gott efni sem vekti athygli.“

Þingið sóttu skurðlæknar víða að úr heiminum og þar voru um hundrað erindi flutt. Kristján kveðst hafa haldið fyrirlestur með myndasýningu í tíu mínútur þannig að niðurstöðurnar hafi verið myndrænar. „Svo svaraði ég fyrirspurnum í fimm mínútur og varði ritgerðina.“

En hverju er það að þakka að eldra fólk hefur svona mikið gagn af skurðaðgerðum vegna lungnakrabbameins hér á landi? „Við höfum ekki komist að neinum einum þætti sem skýrir það. Málið er svo margþætt,“ segir Kristján. „Sennilega skiptir undirbúningur undir aðgerðina miklu máli, að það sé farið vel gegnum öll atriði. Eins geta komið upp ýmis vandamál í legunni eftir aðgerðina en þá koma hjúkrunarfræðingarnir sterkt inn. Þetta er sem sagt sambland af því hvernig valið er í aðgerðir, undirbúningnum undir þær og því hvernig sjúklingar eru meðhöndlaðir eftir á.“

Þetta er í fyrsta skipti sem Íslendingur hlýtur þessi verðlaun. „Það voru sex að keppa við mig frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum en verkefni okkar voru valin úr rúmlega hundrað. Þetta var gaman og góð viðurkenning fyrir Ísland,“ segir Kristján sem segir verðlaunaféð vera þúsund evrur og vonast til að þær nýtist til rannsóknarstarfa í framtíðinni. „Þetta er búbót,“ segir hann ánægjulegur.

gun@frettabladid.is



**LÆKNANEMINN** „Það voru sex að keppa við mig frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum og verkefnin okkar voru valin úr rúmlega hundrað,“ segir Kristján Baldvinsson sem er á 6. ári í Læknadeild Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mannréttindi í myndum

Friðrik Halldór Kristjánsson hlaut fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, „Komum mynd á mannréttindi“ fyrir ljósmynd sína „Það þurfa ekki allir að vera eins“. Úrslit í samkeppninni voru tilkynnt í Ráðhúsi Reykjavíkur á menningarnótt, laugardaginn 18. ágúst. Friðrik hlaut í verðlaun 150.000 krónur.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar mun nota myndina á veggspjald til að kynna mannréttindi og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Önnur verðlaun hlaut Gísli Hjálmar Svendsen fyrir myndina „Sameinaðir stöndum vér og þriðju verðlaun hlaut Gunnar Marel Hinriksson fyrir myndina „Réttlát málsmeðferð“.

Markmið keppninnar var að vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindum almennt og mikilvægi þess að borgarbúum sé ekki mismunað. Alls bárust 53 myndir í keppnina. Sýning á úrslitamyndunum sem voru 24 talsins stendur yfir í Ráðhúsi Reykjavíkur til 31. ágúst næstkomandi.



**VINNINGSMYNDIN** Friðrik Halldór Kristjánsson hlaut fyrstu verðlaun fyrir myndina „Það þurfa ekki allir að vera eins“. MYND/FRIÐRIK HALLDÓR KRISTJÁNSSON

†



Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUNNLAUG HANNESDÓTTIR**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

sem lést laugardaginn 11. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á orgelsjóð Melstaðarkirkju. Reikningsnr.: 0159-05-2700, kt.: 460269-6019.

**Sigríður Karlsdóttir** **Ingi Bjarnason**
**Ragnhildur Guðrún Karlsdóttir** **Guðmundur Már Sigurðsson**
**Jóhanna Karlsdóttir** **Guðmundur Jóhannsson**
**Ingibjörg Karlsdóttir** **Sigurður Pálmason**
**Guðmundur Karlsson** **Erla Stefánsdóttir**
**Garðar Karlsson** **Guðrún Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, sonur og bróðir,

**VILHJÁLMUR FREYR JÓNSSON**
**véltæknifræðingur,**
**Grundargerði 22, Reykjavík,**

lést af slysförum aðfaranótt mánudagsins 20. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

**Kristjana Harðardóttir**
**Steinunn Snædís Vilhjálmsdóttir**
**Jón Snævar Vilhjálmsson**
**Inga Sóley Kristjönudóttir**
**Carolina Castillo** **Davíð G. Waage**
**Steinunn Gísladóttir** **Jón M. Vilhelmsson**
**Gísli Jónsson**
**barnabörn og ástvinir.**



## LITRÍKAR TÖSKUR

Svart leður verður mikið í tísku í haust og vetur, hvort sem er í skyrtum, kjólum, úlpum eða kápum. Hins vegar verða litríkar töskur áberandi og þar er allt leyfilegt; gult, grænt, appelsínugult eða blátt.


Yndislega mjúkur



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar

teg 3451 - fóðraður með sérlega mjúku efni, fæst í C,D,E skálum á kr. 5.800,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Vertu vinur

Eirberg

Rodalon sótthreinsun
• Gegn myglusveppi
• Eyðir lykt úr fatnaði



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



FULL VERSLUN AF NÝJUM BUXUM

Háar í mittið!

Þrjár síddir, stærðir 34-46.

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook





**HERRA HAFNARFJÖRÐUR** Verslunin flytur úr verslunarmiðstöðinni Firði eftir 17 ára veru í Hafnarfirðinum. Ný verslun opnar í Smáralind þann 31. ágúst næstkomandi. MYND/VALLI

# FLYTUR Í SMÁRALIND

**HERRA HAFNARFJÖRÐUR KYNNIR** *Gunnar Már Levísson, kaupmaður í Herra Hafnarfirði, hyggur á flutninga og verður ef til vill orðinn að Herra Smáralind áður en langt um líður. Nýja verslunin opnar þann 31. ágúst.*

Við erum að sprengja utan af okkur hér í Firði og þurfum stærra húsnæði," segir Gunnar Már Levísson kaupmaður sem nú er með lokaútsölu í þremur verslunum sínum í Hafnarfirðinum, Herra Hafnarfirði, Mind Extra og Mind Extra Outlet.

Nýja búðin í Smáralind opnar þann 31. ágúst næstkomandi og verður þar sem Joe Boxer var áður. „Þetta eru í raun tvær búðir í einni. Herra Hafnarfjörður verður öðrum megin og Mind Extra hinum megin. Ég tek upp glænýja Bertoni-jakkafatalínu fyrir herrana og verð með ný merki í dömulínunni í Mind Extra. Það verður allt klárt þegar við opnum og hjá okkur geta bæði konur og karlar á öllum aldri fundið það sem þau vantar."

Gunnar hefur rekið Herra Hafnarfjörð í sautján ár og hefur gengið í gegnum ýmislegt. „Þetta hefur verið skemmtilegur tími. Þess er helst að minnast þegar allir strákarnir komu hér upp rúllustigann þegar ég bauð ókeypis jakkaföt fyrir þá sem þorðu að koma naktir. Gunnar í Krossinum bað fyrir mér og sjónvarpið mætti því þessi uppákoma fékk mikla athygli. Svo hefur lögreglan ætlað að handtaka mig tvisvar. Það var þegar ég gaf bjórkippu með hverjum seldum jakkafötum og menn héldu að ég væri með fullt af bjór á lager. Ég er alltaf að reyna að finna upp einhver trix og það er aldrei að vita hvað ég geri í Smáralindinni. Ég er opinn fyrir öllu og fólk getur átt von á hverju sem er þegar ég verð kominn þangað."

Gunnar segist ekki vita hvað hann geri með húsnæðið í Firðinum sem bráðum stendur autt en það er í hans eigu. „Nú einbeiti ég mér að opnuninni í Smáralind þar sem verður mikið um dýrðir. Ég gef samt ekkert upp hvað ég geri í tilefni opnunarinnar en lofa að þetta verður gert með pompi og prakt."


*3,5% lántökugjald

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX
2x80x200
339.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 28. ágúst 2012
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
Skráning & nánari upplýsingar á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi. Sími: 825 13 65.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi. Sími: 694 35 71.
- Stafganga - Áhrifarík leið til líkamsræktar








LOKA – ÚTSÖLULOK




Flott föt fyrir flottar konur
st. 40 – 58
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



Alþjóðleg ferðaráðgjöf

IATA Authorised Training Centre · UFTAA

Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa" til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is



Ferðamálaskóli Íslands
Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22


# TÍSKUBLOGG | GERÐUR GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR LISTFRÆÐINEMI

# RAFRÆN ÚRKLIPPUBÓK

**Gerður Guðrún Árnadóttir er íslensk sveitastúlka úr Hlíðarendakoti og áhugakona um tísku og hönnun. Hún er búsett í London og heldur úti myndabloggi með því sem veitir henni innblástur í daglegu lífi. Bloggið kallar hún I have a dream… og slóðin er www.gerdur9.blogspot.com.**

**Hvenær fórstu að hafa áhuga á tísku?** Ég hef alltaf haft óbeinan áhuga á tísku en það var ekki fyrr en fyrir fjórum árum sem ég fór að fylgjast með tískuheiminum af alvöru.

**Hvað leggur þú áherslu á þegar þú bloggar?** Bloggið mitt er í raun rafræn úrklippubók þar sem ég safna myndum sem veita mér innblástur. Meginmyndefni bloggsins er tískutengt, svo sem myndir frá tískusýningum og úr tískublöðum, en einnig eru tónlistarmyndbönd og listaverk inni á milli, hlutir og myndir sem hrífa mig. Ég skrifa ekki mikið því ég vil að myndirnar tali sínu máli til hvers og eins og fólk fái að mynda sér sínar eigin skoðanir á þeim.

**Hvað ertu að gera um þessar mundir?** Ég bý í London og er í meistaranámi í listfræði með áherslu á ljósmyndun í Birkbeck University of London. London er að mínu mati hin fullkomna borg til að stunda list- og tískunám því meginstraumar og -stefnur í list og tísku eru annaðhvort staðsett hér eða eiga leið um borgina.

**Þú ert úr sveit, hvernig hefur það mótað þig sem tískuáhugakonu?** Sveitin er yndisleg og ég tel mig mjög heppna að hafa alist þar upp og verð alltaf bóndi í hjartanu. Fegurðin kemur að innan og ég lít á flíkur, skó og snyrtivörur sem veraldlega muni sem ýta undir þína náttúrulegu fegurð. Ég sem einstaklingur á ekki að breyta mér til að laga mig að þessum veraldlegu munum.

**Segðu okkur frá tilraunum þínum með hárgreiðslur.** Ég breyti gjarnan um hárgreiðslu og það er auðvelt ef maður hugsar vel um hárið og notar réttu vörurnar til að viðhalda því. Ég nota Label M og Moroccanoil til að viðhalda sterku og fallegu hári. Ætli þetta sé ekki bara tímabil sem ég er að þreifa mig í gegnum, hárið vex alltaf aftur að lokum.

**Hvaða hönnuðir eru í uppáhaldi?** Ég held upp á nokkra, bæði íslenska og erlenda. Þeir erlendu eru hinn japanski Yohji Yamamoto, Olsen-systur með The Row og eins hef ég gaman af skandinavískri hönnun eins og Barbara í Gongini, Henrik Vibskov, Mini-market, Moonspoon Saloon og Steine Goya. Íslenskir fatahönnuðir gefa þeim erlendu ekkert eftir og ég er mjög hrifin af Kalda, Spaksmannsspjörum, Aftur, Kron by Kronkron, Kormáki&Skildi og Hildi Yeoman.

**Er einhver flík sem þú stenst ekki?** Ég á alltaf erfitt með að segja nei við fallegu skópari.









**TILRAUNIR OG TÍSKUBLOGG** Gerður Guðrún hefur gaman af að breyta um hárgreiðslu og leitar gjarnan að innblæstri í tískublöðum.


SOHO MARKET
Útsölunni lýkur
Verðsprengja
Aðeins 5 verð
• 1.000,-
• 1.500,-
• 2.000,-
• 2.500,-
• 3.000,-
ALLT Á AÐ SELJAST
komdu og gerðu frábær kaup
SOHO MARKET
Grensásvegur 8, sími 553 7300
Opið mán–fös 12–18 og laugd 12–17
SOHO/MARKET Á FACEBOOK


## OSTWALD HELGASON Á FLUGI



**Íslensk/þýska hönnunarteymið Ostwald Helgason er að gera það gott en fjallað hefur verið um hönnun þess í virtum tímaritum í tískubransanum og á vefsíðum svo sem style.com undanfarið ár. Nú síðast birtist hönnun OH í septemberblaði Teen-Vogue og í septemberblaði Flare. Hægt er að fylgjast með merkinu á Facebook.**


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

# DANSKAR LÍNUR

**TÍSKUVIKAN Í KAUPMANNAHÖFN** *Margt gladdi augað á tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem lauk nýlega. Fólk tók saman örfá sýnishorn.*

Stina Goya er gjarnan nefnd drottning danska tískubransans. Hún brást ekki aðdáendum sínum með vorlínunni 2013 en henni tekst að búa til klæðilegar og þægilegar flíkur sem þó skera sig úr hvunndeginum hvað varðar mynstur og liti.

Hönnun danska merkisins Ganni fékk Silfurþráðinn í ár, verðlaun sem veitt eru nýliðum á tískuvikunni. Fötin frá Ganni þykja lífleg og klæðileg. Þá fékk hönnun Baum und Pferdgarten Gullhnappinn í ár en tímaritið Alt for damerne hefur veitt þessi verðlaun allt frá árinu 1984 til fatahönnuða sem þykja skara fram úr. Malene Birger sýndi síðan fáguð snið að vanda en sumarlínuna einkenndu bjartir og sterkir litir svo sem bleikt og fjólublátt í bland við svart og hvítt.



**BAUM UND PFERDGARTEN** Merkið hlaut verðlaunin Gullhnappinn sem tímaritið Alt for damerne hefur veitt frá árinu 1984.

**STINE GOYA**

**GANNI** fékk Silfurþráðinn, verðlaun sem veitt eru nýliðum.

# BARBIE-DRAGGDROTTNING

Nýjasta Barbie-dúkkan kom á markað fyrr í þessum mánuði. Hún hefur verið kölluð Barbie-draggdrottning þar sem hún minnir mjög á hönnuð sinn, Phillipe Blond, sem er samkynhneigður og gengur ávallt í kvenfötum. Phillipe Blond er helmingur The Blonds en maður hans, David Blond, starfar með honum. Mattel, sem framleiðir Barbie, hefur hins vegar kallað nýjustu dúkkuna demants-Barbie og vissulega er hún glamúrrík, rétt eins og öll hönnun The Blonds. Mattel hefur ekki kynnt dúkkuna sem draggdrottningu. The Blonds eru verðlaunahönnuðir, starfandi í New York og hanna fyrir allar helstu stórstjörnur heims. Má þar nefna Lady Gaga, Rihönnu, Söruh Jessicu Parker, Jennifer Lopez, Fergie, Christinu Aguilera, Selenu Gomez and Beyonce Knowles. Öll helstu tískublöð heims hafa fjallað ítarlega um The Blonds. Dragg-Barbie er alls ekki ólík hinni venjulegu Barbie-dúkku þótt hún sé heldur meira förðuð og í yfirdrifnum glamúrfatnaði. Barbie hefur oft vakið upp spurningar varðandi kvenleika og fegurð. Kannski Barbie-draggdrottningin sé svar markaðarins við vinsældum draggkeppna um allan heim. Sumum finnst þó að réttnefnið hefði verið draggdrottningin Ken.



**DRAGGDROTTNING** Mattel kallar hana demantsdúkkuna en úti í samfélaginu er talað um hana sem draggdrottningu.



NÝ SENDING AF VETRARFATNAÐI!
DRAGTIR, KJÓLAR, ALLT FYRIR ODDFELLOW.
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770




FERÐATÖSKUDAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐATÖSKUM
í 3 daga
frá fimmtudegi
til laugardags

Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is

Haustvörurnar komnar

~~áður 14.990,-~~
nú 11.990,-
20% afsláttur
St. 38-48
~~áður 16.990,-~~
nú 13.590,-
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Við erum á Facebook

# HÓPEFLI FYRIR FYRIRTÆKI

**Kynningarblað** Litbolti, hvataferðir, fundir, leikir, útivist, skemmtun og góð starfsánægja.



# Skemmtun fyrir alla

Hópeflis- og hvataferðir hafa verið ein af sérhæfingum Skemmtigarðsins undanfarin ár. Fyrirtækið vinnur náið með viðskiptavinum sínum til að ná sem bestum árangri og skapa sem bestar minningar.



Nokkrir starfsmenn Skemmtigarðsins í hópefli. Frá vinstri Tobba, Einar Orri, Björn Óskar, Guðjón, Pétur, Snorri og Ingibjörg framkvæmdastjóri. MYND/ÚR EINKASAFNI

Skemmtigarðurinn hefur um árabil skipulagt hópeflis- og hvataferðir fyrir fyrirtæki, félagasamtök og ferðaskipuleggjendur. Þjónusta fyrirtækisins er sniðin að þörfum hvers hóps og er mikið lagt upp úr ólíkum og skemmtilegum valmöguleikum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ingibjörg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Skemmtigarðinum, segir fyrirtækið bjóða upp á hópeflis- og hvataferðir bæði í Skemmtigarðinum í Grafarvogi og í Smáralind. „Við leggjum mikið upp úr skemmtanagildinu þar sem við leggjum megináherslu á að bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu við allra hæfi. Við vinnum með starfsmannastjórum og starfsmannafélögum fyrirtækja, hvort sem er um skipulag hópeflis- og hvataferða eða varðandi ýmsa starfsmannaráðgjöf. Við skipuleggjum spennandi dagskrá með viðskiptavinum okkar og leggjum metnað í að ná upp góðum starfsanda með stjórnendum.“ Hún segir starfsmenn Skemmtigarðsins klæðskerasníða dagskrá fyrir hvern hóp fyrir sig þar sem hóparnir séu mjög ólíkir. „Með tilkomu Skemmtigarðsins í Smáralind jókst vöruúrval okkar enn meira og getum við nú boðið upp á skemmtun bæði utan- og innanhúss.“

### Skemmtun og góður matur

„Eftir fjörið bjóðum við svo upp á góða aðstöðu til þess að setjast niður og borða enda segir Ingibjörg skemmtiferðir fyrirtækja bæði þurfa að gleðja hjartað og magann. „Við bjóðum upp á allt það sem viðskiptavinurinn vill, hvort sem það eru pitsur, hamborgarar eða geggjuð kjötveisla. Dagskráin sem starfsfólk Skemmtigarðsins skipuleggur getur því verið ansi fjölbreytt, allt eftir þörfum viðskiptavina þeirra hverju sinni. Ingibjörg segir að sum fyrirtæki kjósi að blanda saman vinnu og skemmtun í hópeflis- og hvataferðum. „Fyrirtækin eru oft með starfsdaga og þá hjálpum við þeim að skipuleggja góða dagskrá. Stundum er byrjað á góðri stemningsstund í upphafi dags og svo er haldið áfram í hópefli. Þannig ná fyrirtækin mjög góðri stemningu á meðal starfsmanna. Mörg þeirra blanda einnig saman við dagskrána áhugaverðum fyrirlesurum sem fellur vel í kramið hjá starfsmönnum en flestir kjósa að koma beint í skemmtunina.“

### Undirbúningur skiptir öllu máli

Þrátt fyrir ólíka dagskrá milli fyrirtækja skiptir undirbúningurinn miklu máli að sögn Ingibjargar. „Það er varla hægt að segja að nokkuð verkefni sé dæmigert að öðru leyti en að undirbúningurinn skiptir alltaf máli.“ Undirbúningurinn byrjar nefnilega ekki degi fyrr heldur jafnvel með allt að tveggja mánaða fyrirvara. „Það skiptir miklu máli að stóri dagurinn sé eins og viðskiptavinir okkar vilja hafa hann. Þannig vinnum við bæði með framlínunni og yfirstjórninni. Góður undirbúningur getur verið punkturinn yfir i-ið hvort sem það er fræðsluefni eða vel skipulögð dagskrá. Svo skiptir öll eftirfylgni ekki síður miklu máli. Þá drögum við saman allt það góða sem starfsmenn fyrirtækisins upplifðu á hvata- og starfsdaginn. Þannig er hægt að viðhalda gleðinni næstu dagana á eftir meðal starfsmanna. Hvataferð á ekki að lifa í einn dag heldur á hún bæði að hafa góðan aðdraganda og skapa skemmtilegar minningar í framhaldi.“









Fjölbreytt afþreying er í boði í hópeflis- og hvataferðum Skemmtigarðsins. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Litboltinn, lasertag og 7D bíóið vinsælast

Af allri þeirri fjölbreyttu afþreyingu sem er í boði í hópeflis- og hvataferðum Skemmtigarðsins er litboltinn og lasertag vinsælast í Grafarvoginum en 7D bíóið í Smáralindinni að sögn Ingibjargar. Önnur vinsæl afþreying fyrirtækisins er Amazing Reykjavík sem er skemmtilegur leikur sem hefur slegið í gegn undanfarin ár. Hópeflissmiðja Skemmtigarðsins hefur í ár þróað og bætt inn spennandi þrautum í leikinn sem byggja allar á útsjónarsemi, sköpun, hlátri og áskorun. „Leikurinn er nokkurs konar blanda af Amazing Race og ratleik en hann er ekki aðeins í Reykjavík, við höfum farið með hann út á land og í önnur bæjarfélög. Við leggjum upp úr að gera leikinn frábrugðinn öðrum ratleikjum sem eru í boði og hópunum hefur þótt þetta virkilega skemmtilegt. Þar er mikið hlegið og mikil gleði. Þá er gaman í vinnunni. Í Skemmtigarðinum í Smáralind erum við með 100 leiktæki og 90% af þeim eru fyrir fullorðna. Við skiptum hópunum upp í lið og setjum upp skemmtilega keppni á milli liða með skorkortum þar sem keppt er í mismunandi leikjum sem koma flestum á óvart. Starfsmaður frá okkur fylgir hópnum og stýrir leikjunum. Á eftir skemmtuninni bjóðum við upp á veitingar á efri hæðinni.“ Allar nánari upplýsingar um hópeflis- og hvataferðir Skemmtigarðsins má finna á www.skemmtigardur.is.

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Óvissuferðir - starfsmannaferðir - hópefli

Draugaferðir
Árshátíðir
Dekurferðir
Menningarferðir
Partydans
Söguferðir



**Sérsníðum ferð fyrir þinn hóp.**
Hafðu samband og við búum til ferð sem hentar þínum hópi.

**Guðmundur Tyrfingsson ehf**
**gt@gtbus.is www.gtbus.is**
**S. 482-1210**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, s. 512 5427, tp. elsaj@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Gleðin við vinnuna

Ekki er flókið að létta andann á vinnustaðnum ef hann er farinn að dofna. Aðalatriðið er að hugmyndaflugið fái að njóta sín og að allir séu til í tuskið.



Með einföldum samvinnuverkefnum má efla andann í vinnunni. NORDICPHOTOS/GETTY

### Mér finnst þú ...

Starfsmenn setjast saman í hring. Hópurinn fær ákveðinn tíma til að finna eitt lýsandi og jákvætt orð fyrir hvern og einn í hópnum. Gott er að allir fái blað og penna til að skrifa niður. Þegar tíminn er liðinn stendur einn upp og allir segja orðið sem þeim finnst lýsa viðkomandi best. Þannig gengur það koll af kolli þar til allir hafa staðið upp og heyrt hvað vinnufélögunum finnst. Í lokin ætti öllum að líða vel, bæði yfir að hafa heyrt eitthvað jákvætt um sjálfa sig og að hafa getað glatt vinnufélaga sína.

### Vinnustaðakakan

Hópurinn kemur sér saman um einn dag í viku þar sem einhver úr hópnum kemur með eitthvað gott með morgunkaffinu. Reglurnar geta verið allavega, til dæmis að bara megi koma með hollan mat, eða að bara megi koma með dísætar kökur, bara megi koma með heimabakað eða að bakkelsið sé eitthvað sem viðkomandi hefur aldrei prófað að búa til áður. Þá væri hægt að ákveða eitt hráefni sem yrði alltaf að nota, svo sem súkkulaði eða gulrót. Þannig gætu komið fram áhugaverðar og skemmtilegar uppskriftir.

### Út að borða

Hópurinn fer saman út að borða í hádeginu. Einn úr hópnum ákveður staðinn og heldur því leyndu hvert á að fara alveg fram að brottför. Skemmtilegast er að velja stað sem fæstir hafa komið á áður en hópurinn verður að lúta ákvörðun þess eina. Þannig prófa allir reglulega eitthvað nýtt. Eins væri hægt að hafa þá reglu að enginn pantaði af matseðlinum fyrir sjálfan sig heldur fyrir einhvern annan. Þannig yrði hádegið að óvæntri upplifun fyrir alla.

### Samsöngur

Hópurinn syngur saman eitt lag áður en vinnan hefst á daginn. Ef einhver með tónlistarhæfileika leynist í hópnum væri hægt að semja sérstakt vinnulag. Ef ekki væri hægt að setja eitthvert þema fyrir hverja viku svo sem: bara íslenskt eða bara lög eftir Michael Jackson, bara þungarokk og svo framvegis.

# Hópferðir um allan heim

Mikil reynsla og gott tengslanet einkennir þjónustu Surprize ferða. Fyrirtækið hefur þjónustað mörg af stærri fyrirtækjum landsins.

Surprize ferðir er fyrirtæki sem sérhæfir sig í skipulagningu hópaferða um allan heim. Þjónustan sem fyrirtækið býður upp á spannar allt frá því að finna það hótel sem hentar hópnum best upp í alhliða skipulagningu hvataferða, ráðstefna og funda fyrir fyrirtæki, á Íslandi eða hvar sem er í heiminum. Fyrirtækið hefur starfað í sex ár og sinnt þjónustu fyrir mörg af stærri og meðalstórum fyrirtækjum Íslands. Harpa Einarsdóttir er stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins en hún er með yfir 20 ára reynslu af ferðaþjónustu. Hún hefur boðið upp á þessa þjónustu í tíu ár en var áður mörg ár við ýmis stjórnunarstörf á hótelum. Hún segir þjónustu fyrirtækisins fjölbreytta og sérsniðna að þörfum viðskiptavinarins. „Við skipuleggjum ferðir fyrir hópa um allan heim en þó mest fyrir fyrirtæki sem fara með starfsmenn í hópeflis- og hvataferðir, á fundi og ráðstefnur og einnig sýningar erlendis."



„Við skipuleggjum ferðir fyrir hópa um allan heim," segir Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Surprize ferða. MYND/GVA

Það eru margir kostir fólgnir í því fyrir fyrirtæki og hópa að leita til Surprize ferða. Surprize ferðir eru í samstarfi við alþjóðlega keðju hótelmiðlara – Helmsbriscoe. Þetta er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með um 1200 samstarfsaðila í 50 löndum. Með þessu samstarfi hafa Surprize ferðir aðgang að upplýsingum um hótel og áfangastaði um allan heim. „Við deilum meðal annars upplýsingum um hótel sem við vinnum með á innraneti Helmsbriscoe. Þannig fáum við upplýsingar beint frá aðilum sem hafa notað þjónustu þessara hótela og getum betur ráðlagt viðskiptavinum okkar. Annað sem gerir það eftirsóknarvert að vinna með okkur er að Helmsbriscoe er með stærstu viðskiptavinum allra helstu hótelkeðja í heiminum í dag. Það hjálpar okkur við að ná fram mjög góðum samningum við hótelin um verð og annað það sem máli skiptir fyrir hópinn. Rúsínan í pylsuendanum er síðan sú að fyrir þessa þjónustu við hótelbókun greiðir viðskiptavinurinn ekki neitt. Við vinnum eingöngu á þóknun frá hótelunum."

Á starfsferli sínum hefur Harpa unnið með fjölmarga hópa mjög víða eða nánast í öllum heimsálfum. Misjafnt er hversu mikla þjónustu viðskiptavinir vilja. Stundum er það eingöngu hin svokallaða hótelmiðlun, þ.e. að finna og bóka hótel fyrir hópinn. Síðan eru líka hópar og fyrirtæki sem vilja aðstoð við bókun á flugi, skipulagningu á viðburðum, hópefli, ráðstefnum og fleira. „Við höfum til dæmis verið að vinna mikið með sjávarútvegssýningu sem haldin er í Brussel á hverju ári. Þar höfum við skipulagt marga viðburði fyrir viðskiptavinina auk þess sem við höfum verið með mikið af herbergjum sem við bókum bæði fyrir hópa og einstaklinga. Við sinnum þjónustu fyrir bæði smáa og stóra viðskiptavini og ef á þarf að halda höfum við líka aðgang að vinnukröftum þessa mikla fjölda sérfræðinga á vegum Helmsbriscoe ef um er að ræða mikil viðskipti eða stórar ráðstefnur. Fyrirtækið getur því stækkað eftir því sem þörf er á." Frekari upplýsingar má nálgast á www.surprizetravel.is og www.helmsbriscoe.com.

# Árangursríkara ef andinn er góður

Hversu mikilvægur er góður starfsandi? Skiptir það máli fyrir fyrirtækið að starfsfólkið skemmti sér í vinnunni? Til hvers þarf hópefli á vinnustöðum?

Í flestum fyrirtækjum þykir mikilvægt að starfsandinn sé góður og að hópurinn sé samstilltur. Mörg fyrirtæki grípa til þess ráðs að gera eitthvað skemmtilegt með starfsfólkinu þegar eitthvað vantar upp á í þessum efnum.

En af hverju er það mikilvægt að andinn sé góður og hópefli sé til staðar í fyrirtækjum? Samkvæmt Frank LaFasto, rithöfundi og sérfræðingi á sviði samvinnu, þurfa fimm þættir að vera í lagi til að hópur skili árangri.

**Meðlimir hópsins:** farsælir hópar samanstanda af áhrifamiklum einstaklingum. Þeir hafa reynslu, hafa hæfileika til að geta leyst vandamál, geta komið auga á vandamál og geta brugðist við margs konar aðstæðum.

Samband hópsins: til þess að hópur nái árangri þarf hann, og hver og einn innan hans, að geta bæði gefið og tekið við ábendingum og gagnrýni.

**Lausn verkefna:** árangur hópsins fer eftir því hversu skýr markmið hans eru. Einnig þarf umhverfið að vera afslappað og þægilegt og samskiptin opin og heiðarleg.

**Forysta hópsins:** árangursrík samvinna er háð getu leiðtoga hópsins. Hæfileikaríkur leiðtogi er marksækinn, stuðlar að góðri samvinnu hópsins, byggir upp sjálfstraust einstaklinganna í hópnum, forgangsraðar, sýnir fram á næga kunnáttu og stjórnar með uppbyggilegri gagnrýni.

**Starfsumhverfi:** umhverfi og menning fyrirtækisins verður að vera hvetjandi fyrir hópavinnu.

Ef allir þessir þættir eru í lagi og starfsandi fyrirtækisins er góður má telja það líklegt að afköst starfsmanna aukist. Þeir sem eru sáttir í vinnunni eru líklegri til að vinna hraðar og betur en þeir sem eru leiðir eða úrillir.



Til að ná upp góðum starfsanda í fyrirtækjum er nauðsynlegt að starfsfólkið að gera eitthvað skemmtilegt saman. NORDIC PHOTO/GETTY

# Mikilvægt að hlúa að dýrmætustu eign hvers fyrirtækis

Skipulag starfs- og hvatadaga er sérhæfing Practical. Fyrirtækið þjónustar bæði íslensk og erlend fyrirtæki.

Practical hefur frá upphafi verið leiðandi þegar kemur að starfs- og hvatadögum fyrir íslensk fyrirtæki auk þess sem Practical þjónustar erlenda hvataferðahópa sem koma til Íslands. Marín Magnúsdóttir segir að nútímastjórnendur geri sér almennt grein fyrir mikilvægi þess að efla mannauðinn enda sýni rannsóknir fram á að metnaðarfull mannauðsstefna auki afköst starfsmanna, minnki starfsmannaveltu og auki starfsánægju. Það er því til mikils að vinna enda flestir sammála um að mannauðurinn sé dýrmætasta eign hvers fyrirtækis.

Marín segir að algengt sé að einu sinni til tvisvar á ári fari minni einingar fyrirtækja í sameiginlegar ferðir þar sem gjarnan er blandað saman fjöri og fróðleik. Þá er átt við deildir eða svið sem vinna daglega saman. Að auki eru starfsdagar fyrirtækja að festa sig í sessi hér á landi og samkvæmt Marín gegna þeir mikilvægu hlutverki jafnt fyrir starfsmenn sem og stjórnendur fyrirtækja.

Marín segir að umfang verkefna sé mjög mismunandi. Practical þjónusti stefnumótunarferðir stjórnenda til jafns við stóra starfsdaga, óvissuferðir eða stærri viðburði. Hún segir að á síðustu tólf mánuðum hafi ríflega 13.000 gestir sótt viðburði Practical og að viðskiptavinum fyrirtækisins hafi fjölgað jafnt og þétt síðastliðin ár. Marín telur að ástæðu þess megi meðal annars rekja til þess að innan fyrirtækja landsins sé aukin krafa um afköst og skýrari fókus. „Stjórnendur sjá hag sinn í því að kaupa reynslu okkar og þekkingu. Þannig hámarka þeir afköst starfsmanna sinna og um leið fá allir að taka þátt í þeim viðburðum sem er verið að skipuleggja hverju sinni. Öll okkar verkefni eru klæðskerasniðin að viðskiptavini okkar hverju sinni og á það jafnt við um litla hvataferð, starfsdag fyrirtækis eða viðburði. Við leggjum okkur fram við að greina þarfir viðkomandi, kynnast hópnum og markmiðum dagsins. Þannig getum við útbúið dagskrá sem hittir í mark og skilar viðskiptavinum okkar arðbærri fjárfestingu og öflugri mannauð sem er tilbúinn að takast á við þau verkefni sem fram undan eru.“



„Stjórnendur sjá hag sinn í því að kaupa reynslu okkar og þekkingu,“ segir Marín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Practical.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Fram undan er annasamasti tími ársins hjá Practical enda eru verkefni á dagskrá. Marín segir að á þessum tíma árs hafi fjölmörg fyrirtæki samband til þess að bóka haustferðir, starfsdaga og hvataferðir auk þess sem starfsmenn hafi í nógu að snúast við undirbúning árshátíða sem haldnar verða þegar líður á haustið. Marín segir að bókunarfyrirvarinn sé oft skemmri á haustin sökum sumarleyfa en starfsmenn Practical leggi mikið upp úr háu þjónustustigi og vönduðum vinnubrögðum og geti því oft brugðist skjótt við þrátt fyrir að alltaf sé best að bóka í tíma. „Meiri fyrirvari þýðir einfaldlega að við höfum úr meiru að velja þegar kemur að staðsetningu, afþreyingu og öðru þess háttar.“





Í Adrenalíngarðinum á Nesjavöllum er stór þrautabraut þar sem finna má ólíkar þrautir í mismunandi hæð.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ógleymanlegur dagur í íslenskri náttúru fyrir alls konar hópa

Adrenalíngarðurinn á Nesjavöllum býður upp á skemmtilega og ekki síst uppbyggilega afþreyingu og útivist í fallegri náttúru. Hópar af öllum stærðum og gerðum geta komið í garðinn til að hrista hópinn saman og gera sér glaðan dag.













Adrenalíngarðurinn er á Nesjavöllum, aðeins um 35 kílómetra frá höfuðborginni. Þangað er tilvalið fyrir hópa að koma og gera sér dagamun. „Adrenalíngarðurinn hefur sannað sig sem góð leið til að efla hópandann. Hann hentar því vel fyrir til dæmis starfsmannahópa til að hrista fólk saman,“ segir Óskar Helgi Guðjónsson, framkvæmdastjóri hjá Adrenalín.

Dagsstund í Adrenalíngarðinum er alvöru útivist, þar sem hópar eiga ógleymanlega samveru í fallegri náttúru. Í garðinum fær fólk tækifæri til að takast á við áskoranir, gleðjast saman og hvetja hvert annað. Þannig myndast ljúf og uppbyggileg stemning sem erfitt er að líkja eftir.

Í Adrenalíngarðinum ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þar er mjög stór þrautabraut þar sem hægt er að finna ólíkar þrautir í mismunandi hæð. „Þegar hópar koma til okkar bjóðum við einnig upp á alls konar leiki og þrautir sem fólk þarf að takast á við. Í þeim þarf fólk bæði að vinna sem einstaklingar og saman sem ein heild og oft skapast mjög góð stemning. Margir halda að þrautirnar í garðinum henti ekki öllum en hann er einmitt hannaður með það í huga að fólk hafi val og finni þá áskorun sem hentar. Við ýtum engum út í eitthvað sem hann vill ekki gera en það er oft þannig að hér getur fólk gert meira en það heldur að það geti í upphafi. Hér skapast traust á milli fólks þegar það fer út fyrir sinn þægindaramma og þá hjálpa félagarnir hverjir öðrum. Fólk fær hér tækifæri til að upplifa gleði, styrkleika og hvatningu, að ógleymdri útivistinni.“

Flestir hópar koma í Adrenalíngarðinn beinlínis til að skemmta sér og hrista starfsfólkið saman en sumir vilja leggja áherslu á ákveðin gildi. „Ef fólk kýs að vinna með einhver ákveðin hugtök eða þemu getum við útfært það á ýmsan hátt og blandað því við þrautirnar. Hér vinnum við mikið með gleði, traust og samskipti og Adrenalíngarðurinn ýtir sjálfkrafa undir þetta. Fólk kemur hingað með smá hnút í maga en fer með bros á vör,“ segir Óskar.

Starfsfólk Adrenalíngarðsins býður einnig upp á ýmiss konar ratleiki. Meðal þeirra er Þingvallagátan. „Leikurinn berst um svæðið umhverfis Þingstaðinn og lausn gátunnar krefst þess að hópurinn vinni vel saman. Til að finna lausn þessarar gátu þarf að leysa þrautir sem allar reyna á hæfileika og samstillingu hópsins. Margir hópar fara bæði í þessa gátu og í Adrenalíngarðinn. Við bjóðum einnig upp á að skipuleggja mat og gistingu fyrir hópa og getum séð um heilsdagsskemmtun frá A til Ö.“

Adrenalíngarðurinn er fyrir alla, fjölskyldur og einstaklingar geta komið jafnt sem hópar. Hann er opinn alla daga á sumrin og þá eru starfsmenn á staðnum. Yfir vetrartímann þarf að bóka komu með fyrirvara, annars eru ekki starfsmenn á svæðinu. Nánari upplýsingar má finna á adrenalin.is.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**ÓDÝR ÞRIF**
fyrir heimili og fyrirtæki. Mikil reynsla og góð þjónusta. S. 898 3799

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**Hreingerningarþjónusta**
**-Gerum verðtilboð-**
Öll almenn þrif, veggjahreinsun, flutningsþrif, gólfbónun, teppa og steinteppahreinsun S. 842 6522

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðsláttur

Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Gardlist.is

Sælugarðar.is
- Garðsláttur
- Skjólveggjasmíði
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Ráðgjöf

Fjárhagserfiðleikar aðstoðum fólk og fyrirtæki vegna fjármála. s. 8453452 sjálfbærni ehf

## Málarar

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldriborgara. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**KJS Verktakar**
Alhliða málningaþjónusta, fagleg vinnubrögð og snyrtileg umgegni. Uppl. s. 896 6078.

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**Málningarfélagið Borg**
20% afsláttur f. Húsfélög. Ábyrgð fylgir öllum verkum. S. 779 0900.

## Meindýraeyðing

**Drepum geitungana**
Geitungasíminn 555 666 2

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

## Til sölu

# ERTU ÖRUGGUR?




**Hugna ehf býður sumarhúsa eigendum aflátt á GSM öryggiskefurm frá GARDSMAN fram til mánaðarmóta. Komið og skoðið möguleika og verð. Engin áskrift, þitt eigið kerfi.**

www.hugna.is
Dalvegi 16b Sími: 554-2727
Hugna.is



**HONDA JAZZ LS 1.4**
Nýskráður 5/2007, ekinn 86 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.390.000**



**HONDA CR-V ADVANCE**
Nýskráður 10/2004, ekinn 140 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.540.000**



**VW BEETLE BASICLINE**
Nýskráður 12/2002, ekinn 107 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.250.000**



**HONDA CR-V**
Nýskráður 4/1999, ekinn 189 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 740.000**



**HONDA ACCORD SPORT**
Nýskráður 3/2005, ekinn 169 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 1.390.000**



**FORD MONDEO TREND**
Nýskráður 1/2007, ekinn 130 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 1.290.000**



**SUZUKI LIANA 1.6i**
Nýskráður 11/2004, ekinn 89 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 920.000**



**RENAULT MEGANE SCENIC**
Nýskráður 8/1998, ekinn 210 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 350.000**



**HONDA CR-V ADVANCE**
Nýskráður 10/2001, ekinn 150 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 920.000**

## Nú erum við á þremur stöðum:

**Bernhard notaðir bílar**
Eirhöfða 11, Reykjavík, sími 551 7171

**Bernhard notaðir bílar, Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 15, Reykjanesbæ, sími 421 7800

**Bernhard notaðir bílar, Akranesi**
Innnesvegi 3, Akranesi, sími 431 1985

**Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.**

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. ÁrSspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð og öll vinna unnin af fagmanni. Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Húsaviðhald




Er hitinn og sólin að gera útaf við þig? Er upplitun á húsgögnum og gólfefnum vandamál? Sólarfilmur minnka hita innandyra sem og koma í veg fyrir upplitun. Hringdu og fáðu tilboð. S.5850000

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.







## Tilkynningar







## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**Gróðurhús rýmingarsala**
6 fm með hertu gleri 190þ. 9 fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552 3300.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

**Ódýrir dúkar**
Línóleum dúkar 500-1000kr/fm Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010.

## Verslun




Nánari upplýsingar í s. 849 0698.

## Fyrirtæki




Komdu í veg fyrir innbrot með glærum öryggisfilmum. Geta komið í veg fyrir stjórtjón og oft á tíðum óbætanlegan missi, dregur verulega úr skaða af völdum útfjólublárra geisla. Hringdu og fáðu tilboð. S.5850000

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Ála og bleikjugildrur**
Fyrirdráttarnet fyrir veiðirétthafa, netin komin í Veiðivötn. Heimavík, Smiðjuvegur 28, 200 Kóp. S. 892 8655 www.heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

3ja herb. íbúð til leigu í hverfi 108 Rvk. Íbúðin er 93 fm. Leiguverð 140 þús á mánuði. 3 mánaða bankatrygging. Upplýsingar sendist á halldoroj@gmail.com

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 forst herb. til leigu í vetur frá 1. sept - 25. maí. Fyrir námsmenn. Aðgangur að eldh., stofa, wc, þvottav, þráðl. net, eigandi verður að mestu í Noregi í vetur. Meðmæli. Trygging. Uppl. 8696714.

Til leigu 2herb. 60fm íbúð í fellsmúla. Uppl. í sími. 8958851.

## Húsnæði óskast

**Sænskt fyrirtæki er að leita að íbúð**
**fyrir starfsmann sinn í eitt ár frá og með 1. september eða 1. október 2012. Áætlaður íverutími yfir árið er 10-15 vikur. Íbúðin þarf að vera minnst 3. herbergja og þarf að vera í póstnúmeri 101 eða 105. Kostur er ef að íbúðin er með húsgögnum en íbúð án húsgagna kemur einnig til greina.**
**Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Hannes Steindórsson hjá Remax hannes@remax.is**

Bráðvantar herbergi eða litla íbúð sem fyrst. Reyklaus og reglusamur. Uppl. í síma 669-9952.

Par óskar eftir íbúð 3-4herb. gæludýr leyfð, Greiðslugeta milli 80-140þús. Uppl. í s. 6979301 Anna.

## Húsnæði til sölu



**Til sölu.**
Húseignin Bakkabraut 7, Vík í Mýrdal ásamt bílskúr. Húsið veður til sýnis kl. 13-16 laugardaginn 25. ágúst. Nánari uppl. í síma 895 4966

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Eldsmiðjan – Engri lík!

**Eldsmiðjan**

**Hefurðu reynslu af pizzubakstri?**
**Ertu til í 100% vaktavinnu á góðum og traustum vinnustað? Ef þú ert jafn dugleg/ur og fólkið sem er þar fyrir, talar góða íslensku, getur mætt á réttum tíma og finnst gott að vinna með góðu fólki þá er Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut rétti staðurinn fyrir þig.**
**Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

SAFFRAN

**Saffran**
**Ef þú ert dugleg/ur, eldri en 20 ára, snyrtileg/ur, mætir alltaf á réttum tíma og vantar vinnu þá gætum við verið með rétt starf handa þér. Okkur vantar starfsmann í 100% starf í vaktavinnu í eldhúsið í Glæsibæ. Til þess þarftu að geta talað íslensku eða mjög góða ensku. Okkur vantar líka fólk í salinn (mjög góð íslenskukunnátta) og í eldhúsið í hlutastarf bæði í Glæsibæ og á Dalvegi**
**Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí - Mosfellsbæ.**

**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar í Mosfellsbæ.**

**Vinnutími er virka daga frá 13:00-18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 5666145, 6602155 eða á staðnum. Einnig er hægt að senda inn umsókn á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

MOSFELLS BAKARÍ

**Fullt starf - Reykjavík**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir ýmist fyrir eða eftir hádegi.
Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp

**Vitabar - Hlutastarf**
Starfskraft vantar alla virka daga frá kl. 11.00- 14.00. Kvöld og helgarvaktir einnig í boði.
Umsóknir sendist á: vitabar@internet.is

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast!**
Á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf.
Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is

**Veislulist Skútan**
Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og aðstoð í eldhús.
Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 565 1810

**Árbæjarkirkja óskar eftir að ráða starfsmann í barnastarf.**
Um er að ræða hlutastarf eftir hádegi. Viðkomandi þarf að hafa reynslu og áhuga á að vinna með börnum og ungmennum ásamt frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum. Tónlistarkunnátta er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til 27.ágúst 2012.

Nánari upplýsingar gefur Ingunn Björk Jónsdóttir í síma 5872405

Umsóknir berist til: Árbæjarkirkja,v. Rofabæ, 110 REYKJAVÍK eða á netfang: arbaejarkirkja@arbaejarkirkja.is

Ncs óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og áfyllingar á næturvaktir í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir berist á ncs@ncs.is

Vantar duglega og hressa manneskju í Krakkahöllina Korputorgi. Æskilegur aldur 22 ára+. Tölvukunnátta. Vinnutími 16-20 og 1-2 helgar í mánuði. Uppl. í s, 896 0096

**Hagabakarí - Hraunbergi**
Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

Hótel í miðborg Rvk. óskar eftir vönu fólki í þrif á herbergjum uppl. 822 5778.

We are looking for a good worker to work in asphalt repairs. A lot of work available for the right person! Driving license for trucks is desirable. For further info and to applicate for the job please contact - Þorvarður - 823 3446.

Vantar málara eða vana menn. Uppl. s. 893 0225.

## Atvinna óskast

**BÍLARÉTTINGAR MAÐUR**
Leitar af vinnu sími 6991221.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR
vísir

BYLGJAN 25 ÁRA 989
**Heimir & Kolla**
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

Kælimiðlar - gott verð
AMMONÍAK
FREON
Íshúsið
nh3.is
S:566 6000

**B4 varahlutir ehf**
Getum útvegað loftdempara í eftirtaldar bifreiðar:
*Mercedes Benz • Range Rover*
*Volkswagen Touareg • Porsche*
B4 varahlutir ehf Hamarshöfða 5 s. 5710520 www: B4.is tk@b4.is

**Glerskurðarnámskeið**
Námskeið hefjast 1. september.
Sjá nánar á listgler.is
Erum líka á facebook.
Listgler • Kársnesbraut 93
Sími 554-5133

**ALLT Í KAMBSTÁLIÐ**
• Klippt & beygt kambstál 6 – 32 mm
• Tengijárnabakkar & Samsetningahólkar
• Fjarlægðaplast og Bindivír
• Vélar & Tæki til vinnslu Kambstáls
Bindir & Stál ehf. • www.bindir.is
Hvaleyrarbraut 39 • 220 Hfj • S.564 6050 • bindir@simnet.is

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**LOK Á HEITA POTTA**
• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

# Alla fimmtudaga og laugardaga
gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Félag Fasteignasala

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Fyrrum höfuðstöðvar TOYOTA við Nýbýlaveg 2-8 er til sölu

Húseignirnar eru fjórar og geta selst saman eða í stökum húsum. Eignirnar eru samtals 10.210 fm að stærð. Góð bílastæði og einstakt auglýsingagildi.

**Nýbýlavegur 2 er samtals 3.118,4 fm að stærð.**

**Nýbýlavegur 4 er samtals 2.756,8 fm að stærð.**

**Nýbýlavegur 6 er samtals 1.930,2 fm að stærð.**

**Nýbýlavegur 8 er samtals 2.405,2 fm að stærð.**







# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Ögurás 7 – neðri sérhæð – endaíbúð

**OPIÐ HÚS Á MILLI KL. 17 OG 18 Í DAG FIMMTUDAG**




Mjög falleg, björt og vönduð 98,8 fermetra 3ja herbergja neðri sérhæð með gluggum í 3 áttir í litlu fjölbýlishúsi í Ögurási í Garðabæ. Tvö rúmgóð svefnherbergi, björt stofa og eldhús, sér þvottaherbergi innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum íbúðarinnar. Útgangur á verönd til suðvesturs úr stofu. **Verð 26,9 milljónir**



## Söluvagn með öllu - tækifæri í eigin rekstri

Vagninn er um 17 fm með öllu því helsta sem þarf í tækjum og búnaði til að nota í veitinga- og svölurekstri. Rekin hefur verið hverfisverslun í vagninum en auðvelt er að draga vagninn hvert á land sem er og eru öll tilskilin leyfi til staðar. Þrjár stórar sölulúgur þar af ein bílalúga.

**Helstu tæki:** pylsupottur, djúpsteikingarpottur, hamborgarapanna, samlokugrill, steikingarpanna, kælar, búðarkassi, frystikista, tölva, wc ,vaskar, slökkvitæki , þjófavörn og hitakerfi.

**Lækkað verð nú aðeins 4,9 m. Góð kjör í boði og/eða skipti koma til greina.**



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali



Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

### Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

Þegar vinna hefst við gerð aðalskipulagsbreytingar skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt tillaga að lýsingu skipulags fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**Klausturhólar**

1. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á spildu úr landi Klausturhóla. Lýsing skv 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi:**

2. Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Laugarvatn. Endurskoðun landnotkunar til samræmis við tillögu að deiliskipulagi.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:**

3. Deiliskipulag fyrir smábýlalóðina Leiti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

4. Deiliskipulag frístundabyggðar sem kallast Hlauphólar úr landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi.
5. Deiliskipulag fyrir lögbýlið Mörk úr landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
6. Deiliskipulag fyrir 9,7 ha spildu, Skálmholt land C (lnr.219650), í Flóahreppi. Íbúðarhús og skemma á landbúnaðarsvæði.
7. Deiliskipulag fyrir þéttbýlið Laugarvatn í Bláskógabyggð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Skipulagstillögur nr. 1 og 3 og eru í kynningu frá 23. til 31. ágúst 2012 en kynningartími fyrir skipulagstillögur nr. 2 og 4 til 7 er frá 23. ágúst til 5. október. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 og 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 31. ágúst en athugasemdir við tillögur nr. 2 og 4 til 7 þurfa að berast í síðasta lagi 5. október 2012. Athugasemdir skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

## Atvinna

### Afgreiðsla í apóteki

Lyfjaver ehf óskar eftir starfsmönnum til afgreiðslustarfa í apóteki. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og hreint sakavottorð.
Lágmarksaldur er 20 ár.
Reynsla af sambærilegum störfum æskileg.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir 31. ágúst n.k.

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

HVAÐ KOSTAR AÐ SELJA ÞÍNA FASTEIGN?

# Föst sölulaun

upp að 60 millj. 299.900.– með vsk

Sölulaun eigna yfir 60 millj aðeins 0,8% + vsk

EKKI BORGA OF MIKIÐ

FRUM



**Eysteinn Sigurðsson**
Löggiltur fasteignasali / Sími: 896-6000
eysteinn@skeifan.is / skeifan.is



**Magnús Hilmarsson**
Sölumaður / Sími: 896-6003
magnus@skeifan.is / skeifan.is



**Sigurður Hjaltested**
Löggiltur fasteignasali / Sími: 821-5400
sigurdur@skeifan.is / skeifan.is

# Skeifan fasteignasala

Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46 / 108 Reykjavík / Sími: 568-5556 / Fax: 568-5515 / skeifan@skeifan.is


FYRIR HEIMILIÐ
frábær tilboð dagana 23. ágúst - 27. ágúst.
HÚSGAGNAHÖLLIN
NÚNA 40% AFSLÁTTUR
STOUT Sófaborð hvítt háglans
B:130 L:60 H:34
59.990
FULLT VERÐ: 99.990
NÚNA 30% AFSLÁTTUR
SÓFASETT 3+2
FOX 2 sæta sófi. B:183 D:88 H:45 cm.
3 sæta sófi. B:225 D:88 H:45 cm. Grátt áklæði.
209.990
FULLT VERÐ: 299.990
NÚNA 30% AFSLÁTTUR
62.990
FULLT VERÐ: 89.990
SVEN hægindastóll með innbyggðum
skemli. Grátt áklæði. B:62 D:70 H:105 cm.
spizy
FLOTT VÖRULÍNA
í smávörudeild
4.990 2 STK
SPIZY Skálar, 2 í setti.
990
SPIZY Brauðkarfa, 2 litir.
DALLAS
Barstóll leður, svartur.
23.990
ANDREW stóll, fæst í
svörtu og brúnu leður.
19.990
490
SPIZY diskamotta. Margar litir.
6.990
SPIZY vasi
8.990
SPIZY
borðlampi
svartur/hvítur.
NÚNA 30% AFSLÁTTUR
83.990
FULLT VERÐ: 119.990
LA-Z-BOY
RALEIGH La-z-boy stóll.
Vínrautt áklæði. B:85 D:82 H:98 cm.
10% STAÐGREIÐSLU-AFSLÁTTUR
159.980
LA-Z-BOY
PINNACLE La-z-boy stóll. Svart eða hvítt
leðuráklæði Einnig til í natur, brúnu, svörtu eða
grænu áklæði. B:82 D:81 H:102 cm.
10% STAÐGREIÐSLU-AFSLÁTTUR
139.980
LA-Z-BOY
ASPEN La-z-boy stóll. Svart leðuráklæði.
B:80 D:76 H:101 cm.
0% VEXTIR Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða
MasterCard VISA
HÚSGAGNAHÖLLIN Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 OPIÐ Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 SUNNUDAGA LOKAÐ.

## krossgáta




**LÁRÉTT**
2. tylft, 6. í röð, 8. meiðsli, 9. pota, 11. núna, 12. skattur, 14. digurmæli, 16. átt, 17. traust, 18. fornafn, 20. stefna, 21. stígur.

**LÓÐRÉTT**
1. hluti, 3. hljóm, 4. jarðbrú, 5. titill, 7. skór, 10. drulla, 13. nytsemi, 15. höggva, 16. skilaboð, 19. holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. tólf, 6. rs, 8. mar, 9. ota, 11. nú, 12. tíund, 14. grobb, 16. sv, 17. trú, 18. mér, 20. út, 21. slóð.
**LÓÐRÉTT:** 1. brot, 3. óm, 4. landbrú, 5. frú, 7. stígvél, 10. aur, 13. not, 15. búta, 16. sms, 19. ró.




# Gróðastían

**BAKÞANKAR Bergsteins Sigurðssonar**



Smálánafyrirtæki hafa verið í fréttum upp á síðkastið. Að dæma virðast þar á ferð fyrsta flokks skítapésar sem gera sér far um að maka krókinn á kostnað þeirra sem minna mega sín. Fréttir herma að stór hópur þeirra sem taka slík lán séu fíklar, undirmálsfólk og ungmenni sem kunna ekki fótum sínum forráð í peningamálum. Ef hægt er með góðu móti að setja lög sem senda þessar stofnanir út á hafsauga, segi ég bara gott og vel. Hins vegar sækir að manni sá grunur að það sé hægara sagt en gert og að smálánasálirnar yrðu ekki lengi að finna aðrar leiðir til að halda uppteknum hætti.

**EN** það er nefnilega mergurinn málsins – okurfyrirtækin virðast einmitt græða á þessu. Sem er dálítið undarlegt þegar maður spáir í það. Af hverju leita fíklar og aðrir sem kunna ekki fótum sínum forráð til okurlánafyrirtækja? Líklega vegna þess að þeir fengju ekki sömu fyrirgreiðslu í bankanum sínum. Hvers vegna ekki? Því bankinn sæi sér líklega ekki í hag í að veita fólki lán sem hann teldi ólíklegt að myndi endurgreiða það. Það væri einfaldlega lélegur bisness.

**LÍKLEGASTA** leiðin til að ráða niðurlögum smálánafyrirtækja er að láta þau bragða á eigin meðölum. Það er rétt sem Pétur Blöndal alþingismaður segir að aðstandendur þeirra sem hafa komið sér í klandur hjá okurlánafyrirtækjum eiga ekki að borga skuldir þeirra. Látum þessi fyrirtæki súpa seyðið af óábyrgri lánastefnu og fara á hausinn vegna lélegra heimta.

**FYRIR** þá sem skulda umræddum fyrirtækjum þýðir það líklega gjaldþrot. Að verða gjaldþrota er aftur á móti enginn heimsendir – eða ætti að minnsta kosti ekki að vera það. Samkvæmt gjaldþrotalögum fyrnast kröfur sem skuldari ber ábyrgð á á tveimur árum. Lánardrottinn getur að vísu höfðað mál og fengið fyrningarfrestinn framlengdan, geti hann sýnt fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því.

**ALMENNT** er ég á því að fólk eigi að greiða skuldir sínar. Á hinn bóginn á heldur ekki að verðlauna fyrirtæki fyrir óábyrgar lánveitingar. Okurlánafyrirtækin eru skólabókardæmi um slíkt. Ef þeim verður gert ókleift að hundelta fólk eru forsendurnar brostnar og þau sjálfdauð.

**SUMUM** kann kannski að finnast þetta kaldranaleg nálgun gagnvart þeim sem láta glepjast og hafa steypt sér í skuldir hjá smálánafyrirtækjum. Við lifum hins vegar í mannheimum og getum ekki alltaf komið í veg fyrir að fólk sem kann ekki fótum sínum forráð komi sér í klípu. Skásta úrræðið er að búa til umhverfi þar sem ekki er beinlínis gefið skotleyfi á það.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ALLT FYRIR ÞAKIÐ
VIÐHALDSDAGAR Í HÚSASMIÐJUNNI
Þakstál
1.790 kr./m²
Áður: 1.915 kr.
Grænt poly bárujárn
1.930 kr./m
Svart ál, íslensk framleiðsla
2.490 kr./m
LímtréVírnet
Þakrennur
20% AFSLÁTTUR
Þakpappi, verð frá
199 kr./m
Þakull
20% AFSLÁTTUR
STEINULL HF
Plastparket 6 mm
895 kr./m²
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Nýtt á Íslandi!
Húsasmiðjan kynnir nýjung á Íslandi frá Moralt, melamín-eikarhurðir. Þessar hurðir eru mjög fallegar, yfirfelldar og bjóðast nú á frábæru verði.
Melamín-eikarhurð
17.990 kr.
Athugið að húnar og karmar eru ekki innifaldir í verði.
Sjáðu úrvalið í netblaðinu á husa.is
VIÐHALDS DAGAR
2012
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
DYNAMO REYKJAVÍK


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NICKY
898 KR
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR
359 KR.
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR
EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
1498 KR.PK
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS
BÓNUS KAFFI
398
KR. 500 GR
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR
FRÁ NOREGI FROSIN LÚÐA
2798 KR
GRANULATED SUGAR
WHEAT FLOUR
ROLLED OATS
CORN FLAKES
Þeytirjómi 250 ml,
198 kr.
Hvítur sykur 1 kg.
198 kr.
Hvítt hveiti 1 kg.
98 kr.
Haframjöl 500 gr
98 kr.
Kornfleks 750 gr
298 kr.
BEST MEX
Soft Tortilla
BEST MEX MJÚKAR TORTILLAKÖKUR 336 GR
259 KR.
Taco Sauce
BEST MEX
TACO SÓSUR 230 GR
198 KR.
Coca-Cola light
Coca-Cola
95
KR. 500 ML
SULTUKRUKKA MEÐ LOKI
159 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
NAUTA Veisla
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1998 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSK NAUTGRIPA-PIPARSTEIK
SKÓLA-OSTUR TILBOÐ
25%
Í SNEIÐUM 1298 KR.KG
OSTSTYKKI 998 KR.KG
4 STK. KRINGLUR MJÚKAR
198 KR.
4 STK. KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI
298 KR.
BÓNUS BYGG FLATKÖKUR
5 stk.
5 STK. BYGG-FLATKÖKUR
139 KR.
FERSKUR KJÖRFUGLS-
KJÚKLINGUR
Á GÓÐU VERÐI
698 KR. KG
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
KJÖRFUGL
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
Kostar minna!
598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
KJÖRFUGL
KJÚKLINGAVÆNGIR
Kostar minna!
279 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
KJÖRFUGL
Kostar minna!
1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
198 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
BÓNUS
100% SAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ÞRJÁR 250 ML FERNUR Í PAKKA
159 KR
BÓNUS
100% SAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1 LTR.
129 KR
RICE DREAM
+Calcium
ALMOND DREAM
Original +Calcium
RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK
298 KR. 1 LTR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menntun

menntun@frettabladid.is

**2.417 GRUNNSKÓLANEMAR HÖFÐU ERLENT MÓÐURMÁL Á SÍÐASTA SKÓLAÁRI.** *Alls voru 42.365 nemendur í grunnskólum landsins síðasta vetur og hlutfall þeirra sem áttu sér annað mál en íslensku að móðurmáli því tæp 6%.* Heimild: Hagstofa Íslands

## Ræðir um misrétti í háskólum

Menning og skipulag háskóla frá kynjasjónarmiði er heiti fyrirlesturs sem Pat O'Connor, prófessor í félagsfræði við Limerick háskóla á Írlandi, heldur á morgun í Háskóla Íslands.

„Háskólar líta á sig sem kynhlutlausar stofnanir þar sem aðeins verðleikar ráða frama og velgengni. Pat O'Connor kynnir rannsóknir sínar sem sýna að skipulag og menning háskóla endurspegla kynja-, kynþátta- og stéttamisrétti. Hún sýnir hvernig forsendur, viðmið og gildi ýta undir karlmiðlæga stofnanamenningu. Hún fjallar jafnframt um valkosti og leiðir til úrbóta," segir á heimasíðu háskólans.

Fyrirlesturinn, sem er haldinn á vegum MARK, Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna, hefst klukkan 12 í stofu 202 í Odda. Hann er á ensku. - sbt



**SKARAR FRAM ÚR** Verzlunarskóli Íslands fær gullepli fyrir heilsueflingu.

## Heilsuefling verðlaunuð

**Verzlunarskóli Íslands skaraði fram úr í heilsueflingu á síðasta skólaári að mati Embættis landlæknis. Dómnefnd komst nýverið að þessari niðurstöðu og verður skólanum afhentur verðlaunagripur og peningaverðlaun í dag af Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra.**

**Að því er fram kemur á vef landlæknis tóku 31 framhaldsskóli þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli á síðasta skólaári. Verkefnið „byggist á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá víðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu, nemenda og starfsfólks," eins og segir á vef embættisins. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl.** - sbt



**UMSJÓNARMAÐUR SÝNINGARINNAR** „Markmið kennsluefnisins er að það nýtist til að undirbúa nemendur fyrir sýninguna," segir Margrét.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VIÐ OPNUN** Masanobu Chita, forstjóri Nagasaki minningarsafnins sem sýningin kemur frá, Erla Kristín Jónasdóttir, staðgengill borgarbókavarðar, og Margrét S. Björnsdóttir, umsjónarmaður sýningarinnar.

### HLIÐARVERKEFNI

**Sem dæmi um verkefni sem Halldór B. Ívarsson stingur upp á að 10. bekkingar spreyti sig á út frá sýningunni, hvort sem er í skólastofunni eða sem heimavinna eru:**

- Heimsstyrjöldin síðari
- Kalda stríðið
- Samtök og stofnanir sem berjast fyrir friði í heiminum.

Hægt er að fara í kennslubækur, bækur á skólabókasafninu eða nota veraldarvefinn.



# Námsefni tengt kjarnorkuárásum

**Um þrjú hundruð tíundu bekkingar hafa verið bókaðir á Ljósmynda- og fræðslusýningu um kjarnorkuárásirnar á Hírósíma og Nagasaki sem stendur yfir í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu til 13. september. Nýr námsvefur er til í tengslum við hana.**

„Þegar við vorum að undirbúa sýninguna um kjarnorkuárásirnar á Hírósíma og Nagasaki og afleiðingar þeirra kom upp sú hugmynd að fá grunnskólakennara til að útbúa gott námsefni fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla í tengslum við sýninguna. Það þótti ekki ráðlegt að fara neðar í aldri, það eru svo alvarleg atriði sem þar koma fram," segir Margrét Sigrún Björnsdóttir, umsjónarmaður sýningarinnar í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Hún kveðst hafa frétt af flinkum kennara í námsefnisgerð. Sá heiti Halldór Björgvin Ívarsson og hafi kennt við Vörðuskóla í Mosfellsbæ. „Ég hélt að hann mundi koma með fjögur eða fimm A4-blöð, nei, nei, þá bara bjó hann til heilan kennsluvef í sumar, á milli þess sem hann reri á sjó frá Djúpavogi. Vefurinn er mjög notendavænn og tengist vel námsmarkmiðum aðalnámsskrár í samfélagsfræði, þjóðfélagsfræði, náttúrufræði og umhverfismennt. Markmið kennsluefnisins er að það nýtist til að undirbúa nemendur fyrir sýninguna og að gefa þeim tækifæri til að vinna áfram með efnið þegar komið er í kennslustofuna.

Við byrjuðum að kynna skólum þessa nýjung í síðustu viku og höfum fengið mjög góðar undirtektir, nú þegar hafa hátt í þrjú hundruð grunnskólanemendur verið bókaðir."

Sýningin í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu kom hingað á vegum The Nagasaki National Peace Memorial Hall for the Atomic Bomb. Hún samanstendur af fimmtíu veggspjöldum með ljósmyndum og upplýsandi texta um það sem gerðist í Hírósíma og Nagasaki 1945, um sprengjurnar og um áhrifin á fólk og mannvirki. Einnig um friðarviðleitni og takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna.

> „Ég hélt að hann mundi koma með fjögur eða fimm A4-blöð, nei, nei, þá bara bjó hann til heilan kennsluvef…

„Aðaláherslan er á kjarnorkuvopnin og hversu skelfileg þau geta verið. Í því felst sú hvatning til þjóða heims að eyða þessum vopnum. Það er tilgangurinn," lýsir Margrét.

„Ég reyndi að gera efnið áhugavert," segir Halldór, höfundur námsefnisins sem er á sjó með föður sínum utan við Djúpavog þegar í hann næst. Hann færir sig út að borðstokknum til að ná betra sambandi. Þegar honum er hrósað fyrir vefinn segir hann: „Ef ég tek eitthvað að mér þá vil ég gera það almennilega, það er miklu skemmtilegra þannig. Þetta er efni sem ég þekki og hef kennt í unglingadeild og er mest samfélagsmiðað. Það er mikið unnið ef nemendur fá áhuga á því sem þeir eru að fást við. Ég man það frá því ég var í skóla að ég var mun viljugri til námsins ef ég hafði gaman af viðfangsefnunum. Það hefur ekkert breyst. Líka reyndi ég að hafa verkefnin fjölbreytt þannig að hver og einn gæti fundið þar eitthvað við sitt hæfi og að kennararnir hefðu einhverju úr að velja. Ég held þetta sé aðgengilegt og skýri sig að miklu leyti sjálft."

Sýningin verður í Háskóla Íslands frá 14. september til 9. október og á Akureyri frá 13. til 29. október. Slóðin á vef hennar er www.hirosimanagasaki.is og þar er flipi sem nefnist Fræðsla fyrir skóla. Nauðsynlegt er að bóka tíma ef um bekkjarheimsókn er að ræða.

gun@frettabladid.is


Við bjóðum 20% af bíómiðanum og meira popp og gos

Þegar þú greiðir með Stúdentakorti Íslandsbanka í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri færðu stórt gos og popp á verði miðstærðar og 20% afslátt af bíómiðanum – alla daga.

*Sjáðu nánari upplýsingar um námsvild á islandsbanki.is*




www.facebook.com/ Islandsbanki.Namsmenn

*Afslátturinn gildir hvorki með öðrum tilboðum né á sýningar í lúxussölum.

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki


# Hugsar meira sjálf um námið

*Nýnemar í framhaldsskólum*

**Framhaldsskólar landsins voru settir í vikunni og hóf fjöldi nýnema menntaskólagöngu sína.**

**4.273 tíundu bekkingar sóttu um framhaldsskóla fyrir haustið eða 96,7% af nemum í tíunda bekk sem eru samtals 4.421 samkvæmt Hagstofu Íslands.**

„Það er mikil breyting að byrja í menntaskóla en ég fer samt með flestum vinum mínum," segir Halldóra Íris Magnúsdóttir. Hún byrjar í Fjölbrautaskóla Suðurlands í dag en Selfoss er heimabær hennar.

Hún segist hafa ákveðið skóla meðal annars vegna nálægðar við heimili sitt. „Þetta er hverfisskólinn minn og ég er tvær mínútur að labba þangað," segir hún og bætir við að FSU sé góður skóli.

Hún æfir knattspyrnu af kappi með Ungmennafélaginu Selfossi og stefnir á þátttöku í fótboltaakademíu FSU. Hún sparkar ekki daglangt í bolta heldur er hún einnig dugleg við námið og dúxaði við útskrift úr grunnskólanum sínum, Vallaskóla.

Hún segir nokkurn mun vera á námi grunnskóla og menntaskóla. „Ég þarf að hugsa meira sjálf um námið núna." Hún talar af reynslu en hún hefur þegar lokið önn í framhaldsskóla í fjarnámi. „Já, ég er búin með 103 í stærðfræði, ensku og íslensku og tíu einingar í vali."

Halldóra er ávallt með marga bolta á lofti en hún var formaður nemendafélagsins í Vallaskóla og liggur því beint við að spyrja hvort hún stefni á mikla þátttöku í félagslífinu? „Já. Það er einmitt það sem maður er spenntur fyrir," segir hún og játar að böllin séu spennandi og einnig mögulegt skiptinám. - hþt



**NÝNEMI** Halldóra segir það mikla breytingu að byrja nám í menntaskóla en nú þegar hefur hún lokið önn í fjarnámi.

MYND/STÚDÍÓ STUND


ÚTILÍF
ÚTSÖLUMARKAÐUR
Í SMÁRALIND
40-70% AFSLÁTTUR
SPORTFATNAÐUR, SPORTSKÓR, ÚTIVISTARFATNAÐUR OG KULDAFATNAÐUR
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# menning

menning@frettabladid.is



**FANTASÍUR,** nýútkomin bók Hildar Sverrisdóttur um kynlífsfantasíur kvenna, hittir í mark hjá lesendum en bókin var mest selda skáldverkið í kilju í Eymundsson í liðinni viku samkvæmt sölulista sem birtur var í gær. Hildur er ritstjóri verksins en í því er birt 51 fantasía sem valin var úr verkum sem send voru inn nafnlaust.

Tónlist ★★★☆☆

**Sumartónleikar 2012**

Einar Jóhannesson og Alessandra Pompili

**Listasafn Sigurjóns 21. ágúst**

## Fersk efnisskrá

Marlon Brando hafði í fyrstu ekki áhuga á að leika Guðföðurinn. Hann vildi ekki taka þátt í að upphefja mafíuna. Síðar skipti hann um skoðun, eins og frægt er. Eitt af því sem upphefur mafíuna er tónlistin í kvikmyndinni. Hún er unaðslega fögur. Öll leiðarstefin sem sérstaklega tákna mafíuna eru svo grípandi, að maður sjálfkrafa heldur með vonda fólkinu.

Nino Rota er sennilega þekktastur fyrir þessa tónlist. En hann samdi músík við ótal aðrar myndir, þ. á m. eftir Fellini. Hann var gríðarlega afkastamikill. Fyrir utan kvikmyndatónlist samdi hann líka alls konar öðruvísi músík, t.d. kammerverk. Þau hafa ekki verið áberandi í tónlistarlífinu hér. Ég man ekki eftir að hafa heyrt neitt af þeim á tónleikum. Fyrr en nú.



EINAR JÓHANNESSON



ALESSANDRA POMPILI

Í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á þriðjudagskvöldið léku þau Einar Jóhannesson klarínettuleikari og hin ítalska Alessandra Pompili sónötu í D-dúr eftir Rota. Það er sjarmerandi tónlist, lagræn og fljótandi. Einar spilaði afar fallega, hver hending var smekklega mótuð, innileg og tilfinningaþrungin. Og Pompili lék af alúð, tónarnir voru mjúkir og dreymandi. Útkoman var sérlega notaleg áheyrnar.

Efnisskráin var skemmtilega fjölbreytt. Þau Einar og Pompili léku ýmist saman, eða hvort í sínu lagi. Píanóeinleiksverkin voru fleiri, fyrst hið sérkennilega La lugubre gondola eftir Franz Liszt. Ég segi hið sérkennilega, vegna þess að Liszt var oft þungt hugsi í síðari verkum sínum. Þau eru tilraunakennd og á margan hátt langt á undan sinni samtíð. Það er líka verulegur drungi í þeim.

Pompili spilaði verkið fallega, öll innhverfan var vel mótuð og áhrifamikil. Ég hefði þó viljað heyra dramatískari, snarpari hápunkt. Maður hafði á tilfinningunni að píanistinn væri óþarflega mikið að vanda sig. Auk þess var flygillinn ekki opinn af einhverjum undarlegum ástæðum; það dempaði hljóminn.

Sömu sögu er að segja um þriðju ungversku rapsódíuna eftir Liszt, sem skorti dálítið léttleikann. Hann þarf líka að vera til staðar þótt yfirbragð verksins sé alvarlegt. En nokkrar örstuttar tónsmíðar eftir hinn argentínska Sergio Calligaris (tvær æfingar op. 11 og Il Quaderno Pianistico di Renzo) voru litríkar og túlkaðar af sannfæringarkrafti. Þetta eru tiltölulega ný verk, en aðgengileg og skemmtilega margbrotin.

Einar lék líka einleik, það var Kveðja eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Tónlistin er samin í minningu Gunnars Egilssonar klarínettuleikara. Túlkun Einars var mjúk og draumkennd, jafnvel töfrakennd.

Loks spiluðu þau Einar og Pompili Karnival í Feneyjum eftir Paul Jeanjean. Það er leikandi tónlist með mikilli flugeldasýningu sem var prýðilega útfærð. Óneitanlega flottur endir á fjölbreyttri dagskrá.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Falleg túlkun, en píanóleikarinn hefði mátt spila af meiri krafti þegar við átti.

## *Þjóðlög í nýjum búningi*

Tríóið Ensemble Úngút heldur tónleika í Fríkirkjunni í kvöld klukkan átta með nýstárlegum útsetningum íslenskra þjóðlaga og íslenskra sönglaga. Tríóið er skipað söngkonunni Rósu Baldursdóttur, kontrabassaleikaranum Einari Sigurðssyni og píanóleikaranum Peter Arnesen, sem hefur útsett öll lögin. Ensemble Úngút var stofnað í Salzburg í Austurríki fyrir um sex árum og kom út diskur með þeim sem bar heitið Songs of Iceland í kjölfarið. Um þessar mundir er annar geisladiskur þeirra væntanlegur en tríóið er nýkomið úr tónleikaferð um Kanada.

- hþt



**SAMTÍMAVERK FLUTT** Klukkan þrjú á laugardag og sunnudag verða brot úr nýjum norrænum leikritum leiklesin í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# NORRÆN VERK LEIKLESIN

**Um helgina verður brot úr nýjum norrænum leikritum leiklesin í Þjóðleikhúsinu í tengslum við Norræna sviðslistardaga. Charlotte Böving sem leikstýrir lestrinum segir hann gefa áhugaverða innsýn inn í norræna leikritun samtímans.**

Norrænir sviðslistardagar hefjast í Reykjavík í dag en þeir eru haldnir annað hvert ár á einhverju Norðurlandanna. Meðal nýjunga á hátíðinni að þessu sinni er norræna leikskáldalestin sem kemur í stað norrænu leikskáldaverðlaunanna sem hafa til þessa verið veitt norrænu leikskáldi á tveggja ára fresti. Á komandi leikári munu þess í stað verk fimm norrænna leikskálda leiklesin á Norðurlöndunum í tengslum við hátíðir og stærri viðburði. Þannig er hugmyndin að leikskáldin geti kynnt verk sín á víðari vettvangi en ella.

Charlotte Böving leikstýrir leiklestri verkanna hér á landi en fimmtán íslenskir leikarar hafa verið kallaðir til þess að flytja brot úr verkunum um helgina. „Við setjum þetta upp þannig að það er flutt brot úr verkinu og svo kemur höfundurinn á svið og svarar spurningum áhorfenda. Verkin eru lesin á ensku, til þess að auðveldara sé fyrir áhorfendur að skilja þau og til þess einnig að opna markaðinn fyrir norræna höfunda utan Norðurlandanna.“

Charlotte segir verkin skemmtilega ólík. „Þau eiga það öll sameiginlegt að vera vel skrifuð, en umfjöllunarefnin eru ólík og þau eru byggð upp á ólíkan hátt. Verkin gefa mjög góða innsýn inn í samtímaleikritun á Norðurlöndum sem er mjög áhugavert.“

Höfundar verkanna eru frá öllum Norðurlöndunum. Á laugardag verða flutt brot úr sænska, danska og finnska verkinu. Í sænska verkinu Mira á leið hjá, eftir Martinu Montelius, er hugmyndin um fjölskylduna tekin til rækilegrar endurskoðunar. Danska verkið Enginn hittir engan eftir Peter Asmussen leiðir áhorfendur inn í sálarmyrkur tveggja ástríðufullra einstaklinga sem hafa lokast inni í mynstri og blekkingum sambands síns. Finnska verkið heitir Saga Megan og er eftir Tuomas Timonen. Það fjallar um Megan Meier, sem stytti sér aldur aðeins 13 ára gömul, eftir að hafa orðið fyrir einelti á netinu.

Á sunnudag er svo komið að norska og íslenska verkinu. Hið norska Ég hverf eftir Arne Lygre fjallar um þrjár konur sem standa á barmi hyldýpis. Þær reyna að komast undan, en þeim virðist vera fyrirmunað að ná nokkurri fótfestu. Loks ber að geta íslenska verksins Hænuunganna eftir Braga Ólafsson sem fjallar um húsfund í fjölbýli í Reykjavík, þar sem djassáhugamaðurinn Sigurhans hyggst koma upp um þá sem hann telur að hafi stolið frosnum kjúklingum úr frystikistu hans í kjallaranum fyrir skemmstu.

Öll verkin hafa verið sýnd á sviði og voru valin af dómnefnd í sínu heimalandi til þátttöku í lestinni. Leiklesturinn hefst báða daga klukkan 15 í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og er aðgangur ókeypis. „Þetta verður áhugavert fyrir áhorfendur, við höfum farið ólíkar leiðir í sviðsetningu verkanna, þetta er ekki upplestur úr þeim heldur leiklestur þar sem leikarar ferðast um sviðið,“ segir Charlotte að lokum.

sigridur@frettabladid.is

**LISTIN OG VERULEIKINN**

Yfirskrift Norrænu sviðslistadaganna er Höfundurinn í sviðslistum og er kastljósinu beint að höfundarverkum sviðsfólks í öllum sínum fjölbreytileika. Fyrir utan leikskáldalestina er fjöldi viðburða á dagskrá, meðal annars málþing á Dansverkstæðinu klukkan eitt á laugardag í samvinnu við Reykjavík Dance Festival og í Tjarnarbíói á sunnudag á sama tíma þar sem rætt verður um tengsl listar og veruleika. Það þing er í samstarfi við leiklistarhátíðina Lókal.




Fjalakötturinn

Franskt gastro
sem kitlar bragðlaukana

**Fullt af allskonar**
Sex réttir af sérréttaseðli
kr. 7450

www.fjalakotturinn.is

Aðalstræti 16 | 101 Reykjavík | Sími 514 6060 | dining@hotelcentrum.is









# EKTA SKÓLAVÉL

## TAKMARKAÐ MAGN




*Öflug vél, bæði fyrir skóla og leik. Intel örgjörvi og Geforce skjákort.*

*Acer Aspire 4755G-2334G50Mn*

- Intel Core i3 2330M Dual Core
- 500GB hljóðlátur SATA harður diskur
- 4GB DDR3 1333 vinnsluminni
- Geforce GT540M 1GB skjákort

**Verð aðeins: 99.950**

**Lægra verð!**

## Netverslun att.is

*Mikið úrval af tölvubúnaði á lægra verði*
*Skoðið allt úrvalið á www.att.is*
*Gerið verðsamanburð*




**Sendum allar fartölvur frítt á næsta pósthús í ágúst!**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# Skriðu gerð skil

Sagan af klaustrinu á Skriðu er heiti nýútkominnar bókar eftir dr. Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðing. Steinunn stýrði uppgrefti á Skriðu, einni viðamestu fornleifarannsókn sem ráðist hefur verið í um árabil á Íslandi. Á daginn kom að Skriða var ekki aðeins aðsetur munka með helgihaldi og heitum bænum, heldur einnig skjól hinna sjúku og dauðvona.




Í bókinni er saga staðarins rakin, sagt frá leitinni að klaustrinu og óvæntum niðurstöðum uppgraftrarins sem er nýlokið og eru í verkinu yfir 150 ljósmyndir, kort og teikningar. Steinunn Kristjánsdóttir fæddist í Barðastrandarsýslu árið 1965. Hún nam fornleifafræði við Gautaborgarháskóla, lauk þaðan doktorsprófi árið 2004 og hefur fengist við rannsóknir á Austurlandi um árabil. Steinunn er dósent í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn Íslands.

# Páll ritstjóri Skírnis

Páll Valsson hefur verið ráðinn ritstjóri Skírnis – Tímarits Hins íslenska bókmenntafélags og tekur hann við af Halldóri Guðmundssyni sem tekinn er við starfi framkvæmdastjóra tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu.


PÁLL VALSSON

Páll er fæddur árið 1960 og hefur starfað sem ritstjóri og útgefandi um áratugaskeið, auk þess sem kennari við Háskóla Íslands og Háskólann í Uppsölum í Svíþjóð. Páll var um árabil útgáfustjóri Máls og menningar og síðar Eddu útgáfu. Páll starfar líka sem rithöfundur og þýðandi, síðast sendi hann frá sér bókina Vigdís – kona verður forseti (2009) um ævi Vigdísar Finnbogadóttur. Á síðasta ári þýddi hann svo bókina Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf, sem naut mikilla vinsælda.

Skírnir hóf göngu sína árið 1827 og er elst tímarita á Norðurlöndum sem enn kemur út. Páll er 48. ritstjóri ritsins sem gefið er út af Hinu íslenska bókmenntafélagi.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 23. ágúst 2012**

### Tónleikar

**16.30** Horse Orchestra leikur fyrir gesti á næstu tónleikum í Pikknikk tónleikaröð Norræna hússins. Frítt er á tónleikana sem haldnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins.

### Leiklist

**21.00** Ferðaleikhúsið að Baldursgötu 37 sýnir nýja uppfærslu á Light Nights. Þjóðsögur og margvíslegt íslenskt efni er á dagskránni sem er flutt á ensku. Aðgangseyrir er kr. 2.500 en kr. 2.000 fyrir nema og 1.500 fyrir börn 6 til 16 ára.

### Tónlist

**18.00** Hljómsveitin Grísalappalísa heldur tónleika í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg.

**20.00** Austurrísk-íslenska tríóið Ensemble úngút heldur tónleika í Fríkirkjunni.

**21.00** Trompetleikarinn Ari Bragi Kárason kemur fram í Kaldalónssal Hörpu ásamt jazzhljómsveit sinni frá New York, Melismetiq.



**21.00** Stelpur Rokka! halda tónleika á Faktorý til styrktar rokksumarbúðum árið 2013. Fram koma Oléna, Upside Drown (CA) og Boogie Trouble. Aðgangseyrir er kr. 1.000 sem renna óskertar til verkefnisins, auk þess sem tekið er við frjálsum framlögum til þess.

**21.00** Kvatrett Andrésar Þórs kemur fram á Heitum fimmtudegi á Græna Hattinum, Akureyri. Auk Andrésar skipa kvartettinn þeir Agnar Már Magnússon píanóleikari, Scott McLemore trommuleikari og Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari.

**21.00** Hljómsveitin Melchior heldur tónleika á Café Rosenberg þar sem ný plata þeirra, Matur fyrir tvo, verður tekin fyrir í bland við eldra efni. Aðgangseyrir er kr. 1.900.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.15** Endemis vitleysa er yfirskrift hádegiserindis í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Skipuleggjandur Endemis, tímarits um samtímalist íslenskra kvenna, flytja fyrirlesturinn í tengslum við sýninguna Sjálfstætt fólk sem fer þar fram um þessar mundir.

**20.00** Smári McCarthy heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Miðstýring vs. dreifistýring: Tveggja alda þróun valds í hönnun. Fyrirlesturinn er haldinn í Hönnunarmiðstöð Íslands, fer fram á ensku og er ókeypis öllum.

### Sýningar



**17.00** Sýningin Lesandi opnar í Safnarahorni Gerðubergs. Þar gefur að líta hluta af minjagripasafni Sigrúnar Klöru Hannesdóttur, bókaunnanda og fyrrverandi landsbókavarðar.

**17.00** Bandaríska listakonan Rebecca Goodale opnar sýninguna Rökkurljóð og sögur í Gerðubergi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Spennandi tímar hjá RetRoBot

„Þetta er fyrsta tónleikaferðin okkar til útlanda svo við erum mjög spenntir,“ segir Daði Freyr Pétursson, meðlimur hljómsveitarinnar RetRoBot sem er nú stödd á tónleikaferðalagi í Hollandi.

RetRoBot sigraði Músíktilraunir í lok mars og hefur verið á fleygiferð síðan. „Við erum búnir að spila um hverja helgi frá því við unnum og stundum tvisvar eða þrisvar um helgi,“ segir Daði Freyr og bætir við að líf þeirra hafi því breyst mikið frá því þeir báru sigur úr býtum í Austurbæ. Þeir verða í Hollandi fram yfir helgi og spila á þremur stöðum, þar á meðal á Westerpop-tónlistarhátíðinni í Delft. Ferðin er hluti af sigurverðlaunum þeirra úr Músíktilraunum. Ævintýrið er þó bara rétt að byrja því fram undan hjá þeim eru ferðir bæði til Noregs og Póllands nú á haustmánuðum auk þess sem þeir stefna á útgáfu EP-plötu á næstu dögum. „Við erum svo að semja stóra plötu í rólegheitum, okkur liggur ekkert á heldur viljum við bara gera það almennilega,“ segir Daði Freyr.

Sem sigurvegarar Músíktilrauna hefur hljómsveitin stór spor til að fylla í. Sigurvegarinn frá því í fyrra, hljómsveitin Samaris, hefur verið að gera gríðarlega góða hluti og Of Monsters and Men sem sigruðu árið 2010 eru að leggja heiminn að fótum sér um þessar mundir. - trs



**Á FLEYGIFERÐ** Daði, Pálmi, Mummi og Gunnlaugur eru búnir að vera á fullu síðan hljómsveit þeirra RetRoBot vann Músíktilraunir í lok mars og nú eru þeir komnir til Hollands. MYND/ÁRNÝ FJÓLA ÁSMUNDSDÓTTIR



**HAMINGJUSÖM** Avril Lavigne fékk bónorð frá Chad Kroeger í byrjun ágúst. NORDICPHOTOS/GETTY

## Trúlofuð

Söngkonan Avril Lavigne er nú trúlofuð í annað sinn en sá heppni er söngvarinn Chad Kroeger úr sveitinni Nickelback. Trúlofunin kemur aðdáendum söngkonunnar nokkuð á óvart þar sem fæstir vissu að hún ætti kærasta. „Þau hittust í febrúar til að semja saman lag fyrir næstu plötu Lavigne. Ástin kviknaði á meðan og þann 8. ágúst bað Kroeger söngkonunnar með 14 karata demantshring,“ skrifar People.

Lavigne var áður gift Deryck Wibley í þrjú ár en þau skildu árið 2009. Síðan þá hefur söngkonan verið í sambandi með raunveruleikastjörnunni Brody Jenner.



**FYRIRSÆTA** Leikarinn Alexander Skarsgård er andlit ilmsins Encounter frá Calvin Klein.

## Nýtt andlit Calvin Klein

Sænski sjarmörinn Alexander Skarsgård er nýtt andlit tískumerkisins Calvin Klein ásamt fyrirsætunni Löru Stone. Skarsgård fetar þar með í fótspor leikara á borð við Diane Kruger, Evu Mendes, Zoe Saldana og Kellan Lutz. Einnig var landi hans, fótboltakappinn Fredrik Ljungberg, frægur fyrir að auglýsa nærfatnað Calvin Klein.

Skarsgård, sem er hvað frægastur fyrir hlutverk sitt í vampíruþáttunum True Blood, þykir takast vel til sem fyrirsæta en þar auglýsir hann nýja ilminn Encounter.









OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900


ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Út ágúst fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 340kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00
TILBOÐ MEÐ TÖLVU
Windows 8
2.499*
LENDIR Í OKTÓBER
3LEYFI
MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR
VÍRUSVÖRN
McAfee Internet Security 2012 er alhliða heildarlausn á öllu öryggi í tölvunni þinni
4.990
FULLKOMIÐ ÖRYGGI
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
HP 630 FARTÖLVA
Frábær í skólann með 15,6" HD LED skjá, 2GB minni, 320GB disk og Windows 7 á ótrúlegu tilboði
59.900
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri



**CHANNEL ORANGE með Frank Ocean er plata vikunnar ★★★★★**
*„Frábær plata sem stendur undir öllu lofinu sem á hana hefur verið hlaðið.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Mikilvægasta sveitin 2012?*

Rússneska pönkhljómsveitin Pussy Riot er örugglega umtalaðasta hljómsveit heims þessa dagana. Þær Nadezhda Tolokonnikova, Maria Alyokhina and Yekaterina Samutsevich voru dæmdar í tveggja ára fangelsi í síðustu viku fyrir guðlast og skrílslæti. Dagana og vikurnar fyrir dóminn steig mikill fjöldi fólks fram víða um heim og lýsti yfir stuðningi við þær. Amnesty International og fleiri mannréttindasamtök fóru í herferðir og margir tónlistarmenn, leikarar og listamenn létu í sér heyra, en stuðningur var minni meðal almennings í Rússlandi. Á meðal þeirra sem lögðu sitt af mörkum í baráttunni má nefna Peaches, sem gerði sérstakt stuðningsmyndband og hefur verið dugleg að safna undirskriftum og Kathleen Hannah sem var söngkona riot grrrl-sveitarinnar Bikini Kill, en riot grrrl var femínísk pönkhreyfing sem kom fram í Bandaríkjunum á tíunda áratugnum. Það var einmitt Hannah sem byrjaði stuðningsyfirlýsinguna sína á því að lýsa því yfir að Pussy Riot væri mikilvægasta hljómsveit ársins 2012. Eftir að dómurinn féll hefur ekkert lát orðið á stuðningnum.



**UMTALAÐAR** Pussy Riot er á allra vörum.

Pussy Riot var stofnuð í Moskvu í ágúst í fyrra af sjö konum til þess að mótmæla stjórnarháttum Pútins Rússlandsforseta. Margar þeirra höfðu verið virkar í öðrum pólitískum hreyfingum, m.a. götulistahópnum Voina. Sveitin er enn starfandi, þó að þrír meðlima hennar séu í fangelsi. Hinar fjórar ætla að halda áfram. Nokkrum klukkustundum eftir að dómur féll í síðustu viku sendu þær frá sér nýtt lag, Putin Light Up The Fires, en því má hala niður án greiðslu á netinu.

Það kemur ekki á óvart að Bikini Kill og aðrar riot grrrl-sveitir séu á meðal helstu áhrifavalda Pussy Riot, en þekktasta plata Bikini Kill hét Pussy Whipped. Því er nú spáð að allt umtalið um Pussy Riot muni koma af stað nýrri bylgju femínískra pönksveita.

## Í SPILARANUM



Jessie Ware - **Devotion**



Animal Collective - **Centipede Hz**



Cheek Mountain Thief - **Cheek Mountain Thief**



**FORSPRAKKI** Fjórða plata Kele Okereke og félaga í Bloc Party, Four, er komin út. NORDICPHOTOS/GETTY

# Four eftir fjögurra ára bið

**Fjórða plata ensku hljómsveitarinnar Bloc Party heitir einfaldlega Four. Strákarnir eru komnir með nýjan upptökustjóra upp á arminn sem og glænýtt útgáfufyrirtæki.**

Fjórða plata ensku gítarrokksveitarinnar Bloc Party er nýkomin út. Hún heitir einfaldlega Four en fjögur ár eru einmitt liðin síðan sú síðasta, Intimacy, leit dagsins ljós.

Bloc Party var stofnuð á Reading-hátíðinni árið 1999 af söngvaranum og gítarleikaranum Kele Okereke og Russell Lissack gítarleikara. Þeir prófuðu sig áfram með nokkur nöfn á hljómsveitinni áður en þeir sammæltust um Bloc Party. Bassa- og hljómborðsleikarinn Gordon Moakes gekk til liðs við sveitina eftir að hafa svarað auglýsingu í tímaritinu NME og trommuleikarinn Matt Tong fékk starfið eftir áheyrnarpróf. Saman byrjuðu þeir að spila tónlist undir áhrifum frá Mogwai, The Cure, Joy Division, Sonic Youth og síðar meir Radiohead.

Bloc Party vakti fyrst athygli eftir að strákarnir létu útvarpsmanninn Steve Lamacq hjá BBC og Alex Kapranos, söngvara Franz Ferdinand, fá prufuupptöku af laginu She´s Hearing Voices. Fyrsta platan, Silent Alarm, kom út 2005 á vegum Wichita Recordings og sló í gegn. Gagnrýnendur héldu vart vatni yfir henni og var hún kjörin plata ársins hjá NME og náði þriðja sæti á breska breiðskífulistanum. Jafnframt var hún tilnefnd til Mercury-verðlaunanna. Bloc Party var þar með orðin ein áhugaverðasta rokksveitin í Bretlandi og fylgdi árangrinum eftir með næstu plötu, A Weekend in the City, árið 2007. Upptökustjóri var Jacknife Lee, sem hafði unnið með Snow Patrol og U2. Hún náði öðru sæti á breska listanum og því tólfta á þeim bandaríska, þar sem sveitin hafði verið dugleg að spila.

**? Gítarleikarinn Russell Lissack var bitinn af ljónsunga í S-Afríku fyrir tveimur árum.**

Gagnrýnendur voru þó ekki allir á sama máli um ágæti plötunnar.

Næst sendi Bloc Party frá sér Intimacy þar sem Jacknife var aftur við stjórnvölinn ásamt Paul Epworth. Í þetta sinn var meiri áhersla lögð á elektróník og tilraunamennsku. Gripurinn féll nokkuð vel í kramið hjá gagnrýnendum og komst hæst í áttunda sæti breska listans og átjánda í Bandaríkjunum.

Í framhaldinu fóru meðlimir Bloc Party hver í sína áttina og sinntu ýmsum hliðarverkefnum. Útgáfusamningurinn við Wichita var runninn út og nokkur óvissa var í gangi. Á endanum hófust upptökur á nýrri plötu. Í þetta sinn var upptökustjóri Alex Newport sem hafði unnið með The Mars Volta og At the Drive-In og kom hún út á vegum Frenchkiss Records.

Four hefur fengið ágætis dóma og þykir gítardrifnari en síðasta plata. Clash gefur henni 8 af 10 í einkunn, tímaritin Q og Mojo 3 stjörnur af 5 en vefurinn Pitchfork er lítt hrifinn og gefur henni aðeins 4,9 af 10 í einkunn.

**freyr@frettabladid.is**



The Academy of Colour and Style

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

## VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant). Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.
Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. önn | 2. önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textill | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

**Svala,** *stílisti*



*Í starfi mínu í kvenfataverslun nýtist námið mér mjög vel því ég get sagt viðskiptavinum hvaða snið hentar og hvaða litir. Einnig er ég að hanna og sauma föt, eftir útskrift hefur námið hjálpar mér mikið í saumaskapnum. Aukalega hef ég haldið förðunarnámskeið, snyrtikynningar og fleira tengt stílistun, þetta er nám sem ég mæli eindregið með.*

**Skjöldur Mio,** *tískuráðgjafi*



*Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

www.utlit.is

## LAGALISTINN
Vikuna 16. - 22. ágúst 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Lykke Li | I Follow Rivers |
| ▶ | 2 | Jón Jónsson | All, You, I |
| ▲ | 3 | Fun | Some Nights |
| ▲ | 4 | Ásgeir Trausti | Leyndarmál |
| ▲ | 5 | Jónas Sigurðsson | Þyrnigerðið |
| ▲ | 6 | Moses Hightower | Sjáum hvað setur |
| ▼ | 7 | Helgi Júlíus & Valdimar Guðmunds. | Þú ert mín |
| ▼ | 8 | Train | 50 Ways To Say Goodbye |
| ▼ | 9 | Keane | Sovereign Light Café |
| ▼ | 10 | Sálin hans Jóns míns | Hjartadrottningar |

## TÓNLISTINN
Vikuna 16. - 22. ágúst 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters and Men | My Head Is An Animal |
| ▶ | 2 | Sigur Rós | Valtari |
| ▲ | 3 | Moses Hightower | Önnur Mósebók |
| ▶ | 4 | Helgi Bj. & reiðm. vindanna | Heim í heiðardalinn |
| ▼ | 5 | Mannakorn | Í blómabrekkunni |
| ▲ | 6 | Ýmsir | Hljómskálinn |
| ▲ | 7 | Ýmsir | Ég sé Akureyri |
| ▼ | 8 | Mugison | Haglél |
| ▲ | 9 | Björk | Gling gló |
| ▼ | 10 | Ýmsir | Hot Spring: Landamannalaugar |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


GUERLAIN
Shine
Automatic
Brilliance!
GUERLAIN VARADAGAR
23.-29. ÁGÚST Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM
20% afsláttur af öllu fyrir varir:
Varakrem, Liplift, Varablýantar, Varalitir og Gloss,
ásamt glæsilegum tilboðum og kaupaukum.
Sigrún Inga sérfræðingur GUERLAIN
veitir faglega ráðgjöf.
Gildir til 29. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**HUGREKKI Í PRUFU** Kelly MacDonald, sem ljáir Meridu rödd sína í myndinni Brave, segist hafa þurft á öllu sínu hugrekki að halda þegar hún sótti um hlutverk í kvikmyndinni Trainspotting árið 1996.

## KVIKMYNDARÝNI



★★★★☆
**TO ROME WITH LOVE**
„Fágunin og fáránleikinn ganga í eina sæng og úr verður skemmtilegur hræringur sem ætti að höfða til flestra aðdáenda leikstjórans."

★★☆☆☆
**TOTAL RECALL**
„Hér er lítið meira í boði en sviðsmyndin og brellurnar."

★★★☆☆
**HRAFNHILDUR**
„Falleg frumraun sem allir hafa gott af að sjá."

★★★☆☆
**THE DARK KNIGHT RISES**
„Helst til þunglamalegur lokakafli en mikil veisla fyrir augað."

★★★☆☆
**THE AMAZING SPIDERMAN**
„Skref í rétta átt fyrir Köngulóarmanninn."

★★★☆☆
**TED**
„Sprenghlægilegur bangsi í þokkalegri mynd. En skiljið börnin eftir heima."

★★★★☆
**INTOUCHABLES**
„Sígild saga í fallegum búningi."

★★★★☆
**BERNIE**
„Bernie er afbragð og Jack Black hefur aldrei verið betri."

# Carrey og Daniels endurtaka leikinn

Leikararnir Jim Carrey og Jeff Daniels hafa samþykkt að leika í framhaldsmyndinni Dumb and Dumber 2. Það var leikstjórinn og handritshöfundurinn Bobby Farrelly sem staðfesti þessar fregnir við kvikmyndavefinn Digital Spy en hann leikstýrði félögunum í grínmyndinni vinsælu ásamt bróður sínum Peter.

„Við höfum verið að vonast eftir þessu og lengi langað til að sameina þá Carrey og Daniels á ný. Það eru næstum tuttugu ár síðan myndin var frumsýnd og leikararnir eru nú á þeim stað á sínum ferli að þeir vilja endurtaka leikinn. Við ætlum því að gera þessa mynd."

Farrelly ljóstrar einnig upp um söguþráð myndarinnar sem gengur út á að Harry Dunne og Lloyd Christmas leggja sig í líma við að finna afkvæmi annars þeirra.

Dumb and Dumber var ein vinsælasta grínmynd tíunda áratugarins en hún var frumsýnd árið 1994. Árið 2000 komst myndin í fimmta sæti yfir bestu grínmyndir allra tíma hjá tímaritinu Total Film en þeir eru eflaust margir aðdáendurnir sem bíða eftirvæntingarfullir eftir framhaldinu.




**FRAMHALDSMYND** Þeir Jim Carrey og Jeff Daniels snúa aftur sem Harry Dunne og Lloyd Christmas í Dumb and Dumber 2.



**FULLT AF HASAR** Gömlu hasarhetjur níunda áratugarins snúa aftur í The Expendables 2. Myndin er hugarfóstur Sylvesters Stallone.

# Hasarhetjurnar snúa aftur

**Hasarmyndin The Expendables 2 var frumsýnd í kvikmyndahúsum í gær.**

Hópur málaliða er sendur til Nepal í þeim erindagjörðum að bjarga lífi kínversks auðjöfurs. Hópurinn er leiddur af Barney Ross og samanstendur af fyrrum hermanninum Lee Christmas, bardagaíþróttamanninum Yin Yang, vopnasérfræðingnum Hale Caesar, sprengjusérfræðingnum Toll Road, leyniskyttunni Gunnar Jensen og nýliðanum Billy the Kid. Verkefnið, sem í fyrstu virðist hægðarleikur, fer þó úr böndunum og þegar einn úr hópnum er myrtur ákveða hinir að leita hefnda.

Myndin er framhald The Expendables frá árinu 2010 og með aðalhlutverk fara kappar á borð við Jet Li, Sylvester Stallone, Jason Statham, Dolph Lundgren, Bruce Willis, Chuck Norris, Jean-Claude Van Damme, Liam Hemsworth og Arnold Schwarzenegger auk Terry Crews og Randy Couture. Stallone á heiðurinn að handriti myndarinnar ásamt Richard Wenk, en þeir sömdu einnig handrit fyrri myndarinnar.

Leikstjóri myndarinnar er Simon West, sem á meðal annars að baki hasarmyndirnar Con Air, Lara Croft: Tomb Raider og The Mechanic, og leysti hann þar með Stallone af hólmi sem vildi heldur einbeita sér að framleiðsluhluta myndarinnar.

The Expendables 2 hefur fengið 67 prósent ferskleikastig frá gagnrýnendum kvikmyndasíðunnar Rottentomatoes.com en 82 prósent frá hinum almenna áhorfenda. Myndin inniheldur mikið af fimmaurabröndurum í anda gömlu hasarmyndanna sem gerðu Stallone að stjörnu og auðvitað nóg af hasar og skotbardögum. The Expendables 2 mun gleðja aðdáendur Rambo-myndanna og annarra mynda á borð við No Retreat, No Surrender og Above the Law en kvikmyndaunnendur sem féllu fyrir King's Speech ættu líklega að halda sig heima við í þetta skiptið.

### FIMM DAGA Í TÖKUM

- Leikarinn Taylor Lautner kom til greina til að fara með hlutverkið Billy the Kid. Liam Hemsworth hreppti þó hlutverkið að lokum.
- Arnold Schwarzenegger tók upp allar sínar senur á einungis fimm dögum. Nokkrum dögum síðar hóf hann vinnu við gerð The Last Stand.
- Áhættuleikari lét lífið og annar slasaðist lífshættulega þegar sprenging varð við tökur á myndinni.
- Persónan Gunnar Jensen, sem leikinn er af Dolph Lundgren, er með háskólagráðu í efnaverkfræði. Þetta er vísun í Lundgren sjálfan því leikarinn er með meistaragráðu í efnaverkfræði.






**DREYMIR UM BARNEIGNIR** Tommy og Audrey reyna allt hvað þau geta til að eignast barn í myndinni The Babymakers og grípur Tommy til örþrifaráða þegar í ljós kemur að latt sæði hans er ástæða þess að ekkert gengur.

# Latt sæði leiðir til bankaráns

Paul Schneider og Olivia Munn leika hjónin Tommy og Audrey í myndinni The Babymakers sem kemur í bíóhúsin um helgina.

Barneignir eru næstar á dagskrá hjá hjónunum en eftir að hafa stundað óvarið kynlíf í gríð og erg án þess að það beri nokkurn árangur fara þau að óttast um að ekki sé allt með felldu. Eftir rannsóknir hjá lækni kemur í ljós að Tommy er með of fáar og hægar sáðfrumur og því ólíklegur til að ná að barna konu sína. Ekki er þó öll von úti um að hann geti feðrað barnið því í ljós kemur að enn er einn skammtur eftir af sæði sem hann hafði gefið í sæðisbanka fimm árum áður. Þegar í ljós kemur að skammturinn hefur þegar verið seldur og engin leið fyrir Tommy til að kaupa hann til baka eru góð ráð dýr. Félagi hans hefur þó ráð á reiðum höndum og fær til liðs við sig indverskan smábófa og sannfærir Tommy um að skipuleggja innbrot inn í sæðisbankann til að stela sæðinu. Með önnur helstu hlutverk fara Kevin Heffernan, Aisha Tyler og Jay Chandrasekhar, sem einnig leikstýrir myndinni.

Myndin Elles verður frumsýnd í Bíói Paradís á föstudaginn. Elles er frönsk mynd sem fjallar um blaðamanninn Anne Binoche og rannsóknir hennar í tengslum við grein um ungar námskonur sem sjá sér farborða með vændi. Af kynnum sínum við stúlkurnar kemst hún að því að þær hafa fæstar sorgarsögu að segja heldur er vændið þvert á móti val þeirra og þær upplifa stolt og frelsi í gegnum það. Myndin hefur fengið mikla athygli og verið mjög umdeild. **- trs**

# TRYGGÐARPAKKINN FYLGIR FRÍTT MEÐ

**TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM FYRIR 5. SEPTEMBER OG FÁÐU RISAVAXINN TRYGGÐARPAKKA SKJÁ*SEINS* FRÍTT MEÐ, AÐ ÓGLEYMDU SKJÁ*FRELSI*, NET*FRELSI* OG SKJÁ*EINUM* Í HÁSKERPU.* ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 4.290 KR. Á MÁNUÐI.**

EKKI MISSA AF NEINU

**4.290** kr. á mán.

*SKJÁREINN FER Í HÁSKERPU Í SEPTEMBER.







HEIMUR Í HÁSKERPU

## TRYGGÐAR**PAKKI** SKJÁ*SEINS*

*Gildistími Tryggðarpakkans er frá 1. sept. –1. feb.*

GILDIR TIL **5. SEPT.**

### *5 ERLENDAR STÖÐVAR*

*BBC Entertainment, MGM, E!, JimJam og Baby TV.*

### *2 BÍÓMIÐAR*

### *2 VOD-MYNDIR**

*2 bíómyndir að eigin vali í SKJÁ**BÍÓ***

*Aðeins fyrir notendur SKJÁS*BÍÓS*

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM TRYGGÐARPAKKANN Á SKJÁRINN.IS

**DRÖGUM ÚT STÓRGLÆSILEGA VINNINGA MÁNAÐARLEGA ÚR HÓPI ÁSKRIFENDA SKJÁ*SEINS*. FLUGFERÐIR, SAMSUNG SNJALLSÍMAR OG PLAYSTATION-TÖLVUR**

**DREGIÐ VERÐUR FYRSTA FÖSTUDAG Í MÁNUÐI Í BEINNI ÚTSENDINGU Á K100 – ÚT TRYGGÐARTÍMABILIÐ.**




## SKJÁRINN Í **HÁSKERPU**

Skjárinn er leiðandi í **HD-væðingu** íslenskra heimila. SKJÁR***EINN*** fer í háskerpu í september. SKJÁR***GOLF*** og SKJÁR***HEIMUR*** sömuleiðis. **Njóttu betri myndgæða.**

HD SKJÁRGOLF · HD SKJÁREINN · HD SKJÁRBÍÓ · HD SKJÁRHEIMUR

NRK1 HD · DR1 HD · DR HD · SVT1 HD · BBC HD · HISTORY HD · EUROSPORT HD

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA **595 6000**,
**INFO@SKJARINN.IS** EÐA Á **SKJARINN.IS**

SKJÁR*EINN* · SKJÁR*BÍÓ* · SKJÁR*HEIMUR* · SKJÁR*GOLF* · K100,5

SKJÁR*EINN*

PIPAR\TBWA • SÍA

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REVOLUTION | 3:40-5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:20 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | KL. 4 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| UNDRALAND IBBA ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| STEP UP REV.. ÓTEXT. | KL. 10:30 | 3D | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU TALI | KL. 9 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REV. | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | KL. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 3D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

KYNNTU ÞÉR VILDARKERFI SAMBÍÓA
SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | KL. 5.45 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL.3.40 / 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| ÉG ER EKKI NÓGU GOTT LANDSLAG | KL. 6 | L |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 6, 8, 10.10(P) | 16 |
| THE WATCH | 8, 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 4, 6 - ISL TAL | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | 4 - ISL TAL | L |
| INTOUCHABLES | 3.50, 5.50, 8, 10.20 | 12 |




**UPPI Á FIMMVÖRÐUHÁLSI** Andreas Viestad uppi á Fimmvörðuhálsi að grilla lambakjötið.

# Norskur sjónvarpskokkur grillaði lamb í eldfjallsofni

**Norski sjónvarpskokkurinn Andreas Viestad hefur verið hér á landi í viku við upptökur á þætti sínum. Hann grillaði lamb á Fimmvörðuhálsi og sauð lax í heitum hver á Flúðum.**

„Þetta hefur verið ótrúlega spennandi,“ segir hinn heimsþekkti norski sjónvarpskokkur Andreas Viestad. Hann er hér á landi við upptökur á tíundu þáttaröð af þætti sínum New Scandinavian Cooking. Að minnsta kosti 120 milljónir manna fylgjast með þættinum reglulega í um eitt hundrað löndum. Tveir þættir verða unnir úr Íslandsheimsókninni, annar með efni frá landsbyggðinni en hinn frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem íslenskt hráefni verður í hávegum haft. „Það er sérlega gaman að geta unnið með jafn frábært hráefni og grænmeti og er hér á landi,“ segir Viestad.

Hann fer af landi brott í kvöld eftir að hafa ferðast vítt og breitt um landið. Hann eldaði í Sushismiðjunni fyrir helgi, eldaði bleikju við bakka Laxár, grillaði lamb á Fimmvörðuhálsi og sauð lax, gulrætur og epli í heitum hverum á Flúðum. „Það kom mér á óvart að á toppi eldfjallsins var ekki fullt af íslenskum fjölskyldum að elda sunnudagssteikina sína. Mér finnst þið ekki nota eldfjöllin ykkar nógu mikið því það er frábært að elda þar,“ segir Viestad í léttum dúr en hann notaði sér 500 gráðu heitan „ofn“ í eldfjallinu. Á þriðjudag eldaði hann svo reyktan urriða með Gunnari Karli Gíslasyni, fyrirliða kokkalandsliðsins, á veitingastaðnum Dill. „Mér finnst hann frábær kokkur. Honum tekst að búa til yndislega rétti á glæsilegan hátt án þess að líta of stórt á sig eða vera of tæknilegur,“ segir Viestad um Gunnar Karl. Í gær lauk upptökum í Hvalfirði þar sem hann taðreykti lamb. Sjónvarpskokkurinn segir mikilvægt að þjóðir noti eigið hráefni í auknum mæli. „Ég held að framtíð eldamennsku þjóða sé að kunna að meta gamlar hefðir og að geta gert eitthvað nýtt með þær. Mér finnst við á Norðurlöndunum hafa haft tilhneigingu til að líta niður á okkar eigin mat og halda að besti maturinn sé franskur eða ítalskur. Núna finnst mér vitundarvakning hafa orðið þar sem fólk kann betur að meta eigin matarmenningu.“ Stefnt er að því að íslenskt tökulið og íslenskir matreiðslumenn búi í framhaldinu til þætti undir merkjum New Scandinavian Cooking, rétt eins og gert er á hinum Norðurlöndunum. Vonast er til að sex þættir verði framleiddir hér á hverju ári með tilheyrandi landkynningu.

**120** milljónir manna horfa á New Scandinavian Cooking.

freyr@frettabladid.is

# Hleypir fólki í persónulegt rými

„Það er rosalega góð tilfinning þegar maður er búinn að vinna í einhverju svona lengi að sleppa því út og leyfa því að eignast sitt eigið líf,“ segir söngkonan Eivør Pálsdóttir um nýja plötu sína, Room, sem kom út síðastliðinn þriðjudag.

Platan hefur verið í vinnslu í rúm tvö ár og segir Eivør hana mjög persónulega, en hún er tileinkuð föður hennar sem lést fyrir tveimur árum. „Þessi plata sýður saman eiginlega allt það sem ég hef gert hingað til en mér finnst hún sýna að ég hef þroskast aðeins. Ég kalla hana Room því að með henni er ég að hleypa fólki inn í rými innra með mér sem er rosalega persónulegt,“ segir hún. Platan er öll á ensku en eitt lagið fylgir með á færeysku líka sé platan keypt stafrænt á tonlist.is.

Eivør heldur af stað í tónleikaferð um landið á morgun og hyggst hún stoppa á Sauðárkróki, Akureyri og Patreksfirði áður en hún kemur aftur til Reykjavíkur og heldur tónleika í Hörpu þann 31. ágúst. „Ég ákvað að kynna plötuna fyrst hér á Íslandi en þetta verður í fyrsta skipti sem ég tek hana á tónleikum,“ segir hún. Haustið verður þó annasamt því hún verður meira og minna á tónleikaferðalagi það sem eftir lifir árs. „Ég tek mér smá pásu í október og ætla þá í brúðkaupsferð,“ segir hún en hún gifti sig á dögunum. Nánara viðtal við Eivøru verður í Lífinu á morgun.

- trs



**NÝ PLATA** Eivør sendi frá sér plötuna Room síðastliðinn þriðjudag.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 20:00, 22:00 ■ HRAFNHILDUR 18:00, 20:00 ■ STARS ABOVE 18:00 ■ RED LIGHTS 22:10 ■ BERNIE 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

24. ÁGÚST: ELLES (ÞÆR) með Juliette Binoche!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


ALLAR
PIZZUR AF MATSEÐLI!
1.390 KR
Ef þú sækir, vikuna 20. – 26. ágúst 2012
Domino's Pizza
MEGAVIKA
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app
Coca-Cola

# sport

sport@frettabladid.is



**GRÉTAR RAFN STEINSSON** samdi í gær til tveggja ára við Kayserispor og verður því þriðji Íslendingurinn sem reynir fyrir sér í tyrknesku úrvalsdeildinni í fótbolta. Atli Eðvaldsson spilaði með Genclerbirligi 1989–1990 og Eyjólfur Sverrisson varð meistari með Besiktas 1994-1995. Kayserispor er frá Kayseri í miðju Tyrklandi. Liðið varð í 11. sæti á síðustu leiktíð og vann sinn eina meistaratitil fyrir 39 árum en varð bikarmeistari í fyrsta og eina skiptið 2008.

# Ætlar að byggja á góðum grunni

**Nýráðinn þjálfari karlalandsliðsins í handbolta, Aron Kristjánsson, ætlar sér ekki að gera róttækar breytingar á landsliðinu enda geti hann byggt ofan á góðan grunn frá Guðmundi Guðmundssyni. Aron vonast til þess að flestir leikmanna landsliðsins haldi áfram að spila. Hann samdi fyrir Ólympíuleikana.**

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson var í gær ráðinn þjálfari íslenska karlalandsliðsins til ársins 2015. Sú ráðning kom fáum á óvart enda hefur það legið í loftinu lengi að Aron tæki við liðinu.

Hinn sigursæli þjálfari Hauka fær það verðuga verkefni að feta í fótspor Guðmundar Guðmundssonar sem náð hefur sögulegum árangri með íslenska landsliðið. Ásamt því að þjálfa landsliðið mun Aron þjálfa Haukaliðið næsta vetur en láta svo af störfum til þess að einbeita sér alfarið að störfum fyrir HSÍ.

„Viðræður hófust fyrri part sumars þegar það lá fyrir að Guðmundur myndi hætta. Viðræður fóru svo almennilega í gang eftir því sem leið á sumarið, gengu vel og við kláruðum þetta dæmi rétt fyrir Ólympíuleikana," sagði Aron en hann mun láta af einu af tveimur störfum sínum þar sem hann er farinn að þjálfa landsliðið.

Aron átti tvö ár eftir af samningi sínum við Hauka en mun aðeins klára eitt ár. Hann segir að Haukar hafi ekki verið ánægðir með það.

„Þeir skildu ekki af hverju ég gat ekki sinnt báðum störfum áfram. Ég er aftur á móti að fara að vinna að uppbyggingu handboltans fyrir HSÍ en sú uppbygging þarf að fara að gerast."

### Þarf að efla þjálfaramenntun á Íslandi

Það hefur oft verið talað um að gera hitt og þetta í uppbyggingu handboltans á Íslandi en oftar en ekki lítið gerst. Hvað þarf nákvæmlega að gera til þess að tryggja að framtíð íslenska landsliðsins verði áfram björt?

„Við þurfum fyrst og fremst að efla þjálfaramenntun og fá fleiri þjálfara. Sú vinna er þegar farin í gang. Afreksstefnan utan um efnilega leikmenn þarf að vera í lagi og vinna með félögunum. Það þarf að vinna í líkamlega þættinum og þar höfum við oft setið eftir. Það þarf að byrja fyrr markvisst í þeim efnum.

Svo er það andlegi hlutinn líka sem þarf að vinna í en gleymist oft. Það er hellingur sem þarf að gera hér á landi og ég hef talað fyrir þessu síðustu ár. Nú hef ég tækifæri til þess að gera eitthvað í málunum."

Aron hefur áður lýst því yfir í viðtölum að það væri hans draumur að fá að þjálfa íslenska landsliðið.

„Ég held að flesta þjálfara dreymi að þjálfa landslið sinnar þjóðar. Ég er engin undantekning frá því. Ég er ánægður og mjög stoltur að fá tækifæri til þess að stýra íslenska landsliðinu," sagði Aron en óttast hann ekkert að taka við af Guðmundi eftir allan þann árangur sem náðst hefur?

„Það þýðir ekkert að velta því fyrir sér. Guðmundur og þjálfarateymið stóð sig mjög vel sem og liðið. Það er samt skammt stórra högga á milli. Við höfum verið að vinna til verðlauna og svo lenda í því að nánast detta úr riðlakeppni á næsta móti. Samkeppnin er gríðarlega hörð í alþjóðaboltanum og það má lítið út af bregða svo hlutirnir fari á verri veg. Þegar allt smellur eigum við möguleika að vera á meðal þeirra allra fremstu."

Aron segist ekki vita, frekar en aðrir, hvort Ólafur Stefánsson sé hættur í landsliðinu eða í handbolta yfir höfuð. Leikmenn eins og Guðjón Valur Sigurðsson hafa svo gefið í skyn að þeir ætli jafnvel að draga sig úr landsliðinu.

„Ég bind vonir við að flestir leikmanna liðsins muni halda áfram. Mitt fyrsta verkefni er að heyra í strákunum og vonandi bjóða allir leikmenn áfram fram krafta sína. Ég mun leggja áherslu á það. Ætlunin er að byggja á þessum góða grunni en það verða einhverjar áherslubreytingar með nýjum þjálfara," sagði Aron en hverju ætlar hann að breyta?

„Þegar tími gefst til verðum við að bæta við einni varnaraðferð til þess að auka fjölbreytileikann og vera með sterkara vopnabúr. Ég fer í það að leikgreina liðið núna og við sjáum svo hvað setur."

### Þarf að minnka bilið á milli góðu og efnilegu leikmannanna

Það styttist í kynslóðaskipti hjá landsliðinu. Margir af bestu landsliðsmönnum í sögu þjóðarinnar munu líklega hætta á næstu árum. Hvernig blasir framtíðin eftir það við Aroni?

„Á næstu fimm árum verða einhver kynslóðaskipti. Það hefur orðið mikið bil á milli landsliðsins síðustu ár, sem eru allt heimsklassamenn, og svo þeirra sem eru þar fyrir aftan. Það þarf að reyna að minnka bilið með því að finna verkefni fyrir þessa menn. Á einhvern hátt þarf að stytta leiðina og gera endurnýjunina markvissari," sagði Aron en á Ísland nógu góða leikmenn til þess að halda landsliðinu í fremstu röð næstu tíu ár?

„Það eru efnilegir strákar að koma upp og spurning er hvernig menn halda á spöðunum. Það er eitt að vera efnilegur og annað að taka þetta alla leið og verða betri. Það krefst mikillar vinnu og það er spurningin. Íslenskir atvinnumenn eru þó vinsælir út af vinnusemi og hugarfari. Við verðum að vinna markvisst niður á við til þess að minnka bilið og styrkja ungu mennina," sagði Aron Kristjánsson. henry@frettabladid.is

> Vonandi bjóða allir leikmenn áfram fram krafta sína. Ég mun leggja áherslu á það.
>
> ARON KRISTJÁNSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI




**DRAUMUR AÐ RÆTAST** Aron segir draum vera að rætast hjá sér. Hann er stoltur að fá tækifæri til þess að stýra íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GUÐJÓN ÁRNI** Langmarkahæsti varnarmaður Pepsi-deildarinnar með 6 mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðjón Árni Antoníusson:

## Sjóðheitur í Krikanum

**FÓTBOLTI** FH tekur á móti KR í 16. umferð Pepsi-deildar karla í fótbolta í kvöld og getur með sigri náð átta stiga forskoti á KR á toppi deildarinnar auk þess að eiga leik inni á Íslands- og bikarmeistarana úr Vesturbænum.

FH-ingar hafa notið góðs af tveimur deildartöpum KR í röð auk slæmu gengi Vesturbæinga á útivelli. KR-ingar hafa aðeins náð í samtals tvö stig í síðustu fjórum útileikjum og þurfa að breyta því ætli þeir að halda titilvörninni á lífi.

Guðjón Árni Antoníusson, hægri bakvörður FH-liðsins, hefur verið óstöðvandi í undanförnum heimaleikjum FH í deildinni og getur skorað í fjórða heimaleiknum í röð í kvöld. Guðjón Árni er með fimm mörk og eina stoðsendingu í undanförnum þremur leikjum sínum í Krikanum og sjötta mark hans í sumar kom á gamla heimavelli hans í Keflavík.

Það má því búast við því að Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, geri ráðstafanir til að verjast Guðjóni Árna í kvöld en leikurinn hefst klukkan 18.00 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. - óój



**EGGERT GUNNÞÓR** Kom til Wolves í janúar. NORDIC PHOTOS/AFP

Eggert Gunnþór Jónsson:

## Bara lán kemur til greina

**FÓTBOLTI** Ekki er útlit fyrir að Eggert Gunnþór Jónsson fái að spila mikið verði hann áfram hjá enska B-deildarliðinu Wolves. Núverandi stjóri liðsins, Ståle Solbakken, virðist ekki ætla að nota hann mikið.

„Ég hef ekki fengið þau skilaboð að ég verði að finna mér nýtt félag. Mér er velkomið að vera áfram og berjast um sæti í liðinu. En líklega væri best fyrir mig að fara annað og hefur félagið sagt að það komi aðeins til greina að lána mig," sagði hann við Fréttablaðið.

Hann segir að honum lítist betur á að fara annað til að spila fremur en að verma varamannabekkinn hjá Wolves, ekki síst með tilliti til íslenska landsliðsins.

„Ég ætla að sjálfsögðu að reyna að berjast um sæti í landsliðinu. Nú er ný keppni að byrja og ríkir mikil samkeppni um stöður í liðinu. Ég þarf því að spila vel til að komast í landsliðið." - esá

Óskar Bjarni Óskarsson verður væntanlega áfram aðstoðarlandsliðsþjálfari í handknattleik:

# Það eru forréttindi að starfa með landsliðinu

**HANDBOLTI** Óskar Bjarni Óskarsson hefur verið aðstoðarlandsliðsþjálfari Guðmundar Guðmundssonar síðustu fjögur ár. Hann ákvað að láta af því starfi eftir Ólympíuleikana. Fannst það góður tímapunktur þar sem hann var þess utan að taka að sér spennandi þjálfarastarf í Danmörku.

Óskari Bjarna hefur nú snúist hugur og flest bendir til þess að hann verði aðstoðarlandsliðsþjálfari Arons Kristjánssonar. Þegar er búið að ganga frá því að Gunnar Magnússon verði áfram í þjálfarateyminu en HSÍ vill halda bæði Gunnari og Óskari Bjarna enda hafi þeir staðið sig vel og eru í metum hjá leikmönnum liðsins.

„Ólympíuleikarnir áttu að vera endapunktur. Ég verð samt að viðurkenna að mig langar til þess að vera í kringum þetta. Mig langar að vera með Aroni og strákunum og reyna að púsla þessu öllu saman hjá mér," sagði Óskar Bjarni en hann hefur virkilega notið þess að vinna með landsliðinu.

„Það eru forréttindi að starfa með landsliðinu og því erfitt að hætta. Þetta er það skemmtilegt og gefandi."

Knútur Hauksson, formaður HSÍ, sagði á blaðamannafundi í gær að reynt hefði verið að ganga frá málunum í gær en það hefði ekki gengið upp alveg strax.

„Það eru talsverðar líkur á því að þetta gangi upp. Það eru allir að vinna í því að láta málið ganga upp. Ég er bjartsýnn á að það gangi eftir." - hbg



**GÓÐUR Á BEKKNUM** Samstarf Óskars Bjarna og Guðmundar var mjög farsælt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Vnr. 0113452
Plastparket, eik, þriggja stafa, 193x1380 mm, 6 mm.
**895 kr./m²**

kronospan

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Vnr. 0113722
VIÐARPARKET, EIK
**5.490 kr./m²**

kronospan
Vnr. 0113447
HARÐPARKET, EIK.
**2.990 kr./m²**

Vnr. 13001700
Veggflísar, 20x50 cm, hvítar glansandi.
**2.990 kr./m²**

Vnr. 19607000/5
Gólfflísar, svartar eða gráar, 30x60 cm, gegnheilar steinflísar.
**4.990 kr./m²**

## FLÍSAR Í MIKLU ÚRVALI

Vnr. 17800015
E-STONE gólfflísar, grásvartar, 30x60 cm, gegnheilar steinflísar.
**4.990 kr./m²**

Vnr. 16600100
IDEA MIRROR, hvítar veggflísar, 20x25 cm.
**1.990 kr./m²**

Vnr. 13001535
VEGGHENGT SALERNI
**14.990 kr.**

Armatura
Vnr. 15400000
ELDHÚSTÆKI
**11.900 kr.**

GROHE EcoJoy™
ECOJOY TÆKNI
MINNA VATN - FULLKOMIÐ FLÆÐI
GROHE
Vnr. 15332925E
HANDLAUGATÆKI
**9.990 kr.**

GROHE EcoJoy™
ECOJOY TÆKNI
MINNA VATN - FULLKOMIÐ FLÆÐI
GROHE
Vnr. 15328440E
STURTUSETT
**7.990 kr.**

SCAN LIGHT
Vnr. 52237224-5
RONDA LOFTLJÓS
**5.490 kr.**

Vnr. 52220193
ALABASTRO LOFTLJÓS
**1.749 kr.**

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

> Stöð 2 kl. 20.55

**Steindinn okkar**

***Þriðja þáttaröðin með Steinda jr. hefst á Stöð 2 í kvöld. Steindi jr. hefur slegið í gegn með hárbeittum húmor og frábærum grínatriðum og óhætt að lofa frábærri skemmtun. Hann fær þjóðþekkta Íslendinga til að taka þátt í gríninu með sér og lögin sem samin eru fyrir þættina hafa slegið rækilega í gegn.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FAGNAR NÝJUNGUM Á SKJÁNUM

# *Fréttaþulur sem lætur allt flakka*

Mér finnst alltaf spennandi að skoða haust-dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Það er líklega nýjungagirnin í mér því ég er ein af þeim sem endist aldrei yfir mörgum seríum af sömu sjónvarpsþáttunum. Finnst söguþráðurinn yfirleitt þynnast út og karakterarnir missa marks þegar seríurnar eru orðnar fleiri en þrjár. Fyrir utan Friends. Friends er í sérflokki í sjónvarpsglápi mínu og þykist ég vita að ég er ekki ein um þá skoðun.

Er ég leit yfir það sem íslensku sjónvarpsstöðvarnar ætla að bjóða áhorfendum upp á í vetur varð ég einna spenntust fyrir nýjum þáttum sem nefnast The Newsroom. Kannski er það starfs míns vegna að áhugi minn á seríunni kviknaði svona skjótt eða sú staðreynd að ég er komin með ógeð á lækna- og lögfræðidramaþáttum.



Í The Newsroom fer gamanleikarinn Jeff Daniels í dramatíska gírinn sem vinsæli fréttaþulurinn Will McAvoy. Hann er orðinn leiður á því að vera ávallt hinn hlutlausi fréttaskýrandi og býr því til nýjan þátt þar sem skoðanir eru látnar flakka. Spennandi, dramatískt, fyndið og lofar góðu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Góðan daginn, mannkynssaga **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Góður matur - Gott líf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða: Orson Wells með hljóðum **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (4:13) (Army Wives)
**17.18 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.29 Geymslan**
**17.53 Múmínálfarnir**
**18.02 Lóa**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hvolpalíf** (6:8) (Valpekullet)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Gómsæta Ísland** (6:6) (Delicious Iceland) Matreiðsluþáttaröð í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar.
**20.05 Njósnari** (2:6) (Spy) Tim sækir um starf hjá hinu opinbera og kemst að því í viðtali að starfið er njósnarastarf hjá MI5.
**20.30 Ólympíumót fatlaðra í Peking** Árangur íslensku keppendanna á Ólympíumóti fatlaðra 2008 í Peking rifjaður upp og fylgst með því hvernig keppendur upplifðu Kína og kínverska menningu.
**20.55 Líf vina vorra** (7:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (3:18) Morðdeild lögreglunnar í Detroit á í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Berlínarsaga** (1:6) (Die Weissensee Saga) (e)
**23.55 Krabbinn** (1:13) (The Big C) (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Rat Pack**
**10.00 Prince and Me II**
**12.00 Percy Jackson & The Olympians. The Lightning Thief**
**14.00 Rat Pack**
**16.00 Prince and Me II**
**18.00 Percy Jackson & The Olympians. The Lightning Thief**
**20.00 Pink Panther II**
**22.00 Magnolia**
**01.05 Into the Storm**
**02.40 A Dog Year**
**04.00 Magnolia**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (129:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (8:25)
**11.50 Glee** (17:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Dude, Where's My Car?**
**14.20 Smallville** (16:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**16.40 Grallararnir**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (19:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (8:22)
**19.45 Modern Family** (8:24)
**20.10 Masterchef USA** (14:20) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
**20.55 Steindinn okkar** (1:8) Steindi jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**21.25 The Closer** (16:21)
**22.10 Fringe** (10:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**22.55 Southland** (5:6)
**23.40 Dallas** (10:10)
**00.25 Rizzoli & Isles** (10:15)
**01.10 Mad Men** (2:13)
**01.55 Treme** (7:10)
**02.55 Children of the Corn**
**04.20 Dude, Where's My Car?**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörkin**
**14.50 Spænsku mörkin**
**15.20 Meistaradeild Evrópu: Malaga - Panathinaikos**
**17.10 Meistaramörkin**
**17.30 Pepsi deild kk: FH - KR** BEINT
**20.00 Pepsi mörkin**
**20.45 Evrópudeildin: Hearts - Liverpool** Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 18.35.
**23.00 Eimskipsmótaröðin 2012**
**23.30 Pepsi deild kk: FH - KR**
**01.20 Pepsi mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Reading**
**16.20 Wigan - Chelsea**
**18.10 Chelsea - Reading**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Fulham - Norwich**
**23.45 Everton - Man. Utd.**

## GULL

**18.15 Doctors** (7:175)
**19.00 The Middle** (12:24) (13:24)
**19.45 Spurningabomban** (5:11)
**20.30 Steindinn okkar** (5:8)
**21.00 Það var lagið**
**22.00 Friends** (2:24)
**22.25 The Middle** (12:24) (13:24)
**23.10 Spurningabomban** (5:11)
**23.55 Steindinn okkar** (5:8)
**00.20 Doctors** (7:175)
**01.05 Friends** (5:24)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan**
**17.45 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda.
**18.10 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta úr bíóheiminum.
**18.35 Glee** (6:22)
**19.20 Ameríski draumurinn** (6:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Auðda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.
**20.00 Suburgatory** (2:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.25 I Hate My Teenage Daughter** (2:13) Bandarísk gamansería um tvær vinkonur sem komast að því að dætur þeirra eru orðnar alveg eins og stelpurnar sem gerðu líf þeirra óbærilegt í menntaskóla.
**20.45 Pretty Little Liars** (2:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.30 Material Girl** (2:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljón í veginum í átt til velgengni.
**22.20 Ameríski draumurinn** (6:6)
**23.00 Suburgatory** (2:22)
**23.25 I Hate My Teenage Daughter** (2:13)
**23.45 Pretty Little Liars** (2:25)
**00.30 Material Girl** (2:6)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## krakkar

**09.00 Dóra könnuður**
**09.25 Áfram Diego, áfram!**
**09.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.05 UKI**
**10.10 Lína langsokkur**
**10.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.00 Disney Channel**
**17.25 iCarly** (6:25)
**17.50 Tricky TV** (6:23)

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.35 The Biggest Loser** (15:20) (e)
**17.05 Pan Am** (10:14) (e)
**17.55 Rachael Ray**
**18.40 Málið** (5:8) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.55 Will & Grace** (1:24)
**20.20 Rules of Engagement** (6:15)
**20.45 30 Rock** (1:22) Í þessari nýju þáttaröð kemur Liz endurnærð úr fríinu.
**21.10 Monroe** (3:6) Fyrrum hermaður er lagður inn með blóðtappa í heila og Monroe þarf að ákveða hvort hann skeri hann upp eður ei.
**22.00 From Russia With Love** Önnur James Bond myndin frá árinu 1963. Sean Connery er hér í hlutverki Bond sem fer nú til Rússlands og á í höggi við illmenni og starfsmann sovésku leyniþjónustunnar.
**23.55 Law & Order: Criminal Intent** e)
**00.40 CSI** (14:22) (e)
**01.30 Unforgettable** (18:22) (e)
**02.20 Crash & Burn** (4:13) (e)
**03.05 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **11.30** Golfing World **13.10** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **17.40** Inside the PGA Tour (34:45) **18.00** The Barclays - PGA Tour 2012 (1:4) **22.00** Champions Tour - Highlights (15:25) **22.55** The Barclays - PGA Tour 2012 (1:4) **01.55** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Við erum með sterku hellurnar!

## Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**4 400 400**

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

ELDBÖKUÐ PIZZA

577 7000

FUNHEITUR OFNINN HJÁ

# Pizza Rizzo

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á
1.380 KR EF ÞÚ SÆKIR

# ELDBÖKUDAGAR

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

## HALDA ÁFRAM!

TIL 29. ÁGÚST

*NÝTT*

## HÁDEGIS TILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.
STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.
MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.
STÆRRI MARGARITA 990 KR.

PIZZAHLAÐBORÐ Á GRENSÁSVEGI Á 990 KR. FRÁ KL 11 - 15

pepsi MAX

FÖÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Ferskur silungur úr Útey, bara með sítrónusalti og smá ólífuolíu með bakaðri kartöflu með svakalega miklu smjöri og grænu salati með mangói, jarðarberjum, höfðingja og furuhnetum. Sósan með þessu er sýrður rjómi með eplabitum.“*

Kamilla Ingibergsdóttir, kynningarstjóri Iceland Airwaves.

# Syngur á ný eftir Jakobínurínu

„Vikan hefur verið blanda af kvíða og spenningi. Það eru náttúrlega alveg fjögur ár síðan ég kom fram með Jakobínurínu en það verður gaman að missa sig aftur á sviði. Baldur vinur minn hefur samt ekki gert neitt þessu líkt svo hann er enn þá stressaðri,“ segir söngvarinn Gunnar Ragnarsson.

Hann syngur með nýstofnuðu rokksveitinni Grísalappalísu ásamt Baldri Baldurssyni í fyrsta sinn í dag og á laugardaginn eftir nokkurra ára fjarveru frá rokkinu. Áður gerði hann garðinn frægan með Jakobínurínu sem vakti nokkra athygli á heimsvísu.

Sveitin var stofnuð í janúar og er fyrsta platan næstum tilbúin. „Ég og Baldur vildum semja rokk og ról á íslensku og í janúar fengum við hina til liðs við okkur,“ segir Gunnar og heldur áfram. „Við erum að gera þetta svolítið öfugt eða að taka upp plötu og koma svo fram.“ Að þessu sögðu fer hann inn í lýsingu á rokkinu. „Það er mjög fjölbreytt. Eitt lag er tíu mínútna eyðimerkurganga og annað er einnar og hálfrar mínútu gleðipönk. Yfirleitt er þetta samt kraftmikið og svolítið „in your face“.“

Nafnið Grísalappalísa á rætur að rekja til tónsmíða Megasar en eitt laga hans ber þennan titil. En af hverju þetta nafn? „Baldur lét graffa „Hey Grísalappalísa“ á húsið sitt við mynd af Megasi fyrir stuttu og eftir það var nafnið ákveðið.“

Sveitina skipa auk Gunnars og Baldurs þeir Albert Finnbogason, Bergur Thomas Anderson, Sigurður Möller Sívertsen, sem var trommari Jakobínurínu, og Tumi Árnason. Þeir frumflytja íslenska rokkið í 12 Tónum klukkan sex í dag og á tónleikum með sveitinni Skelk í bringu á Hemma og Valda klukkan níu á laugardagskvöldið.

- hþt



**GRÍSALAPPALÍSA** Gunnar Ragnarsson stígur aftur á svið eftir fjögurra ára fjarveru frá rokkinu. Með honum í framlínunni verður Baldur Baldursson.






**SPENNTUR FYRIR KVÖLDINU** Steindi jr. kveðst spenntur fyrir frumsýningunni í kvöld. Nýjar persónur munu skjóta upp kollinum, þar á meðal þessi gamli herramaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STEINÞÓR STEINÞÓRSSON:** ÁHYGGJUR AF ÞVÍ AÐ ÚTSENDINGIN ROFNI

# Tók upp tónlistarmyndband í fjórum löndum

„Tökurnar gengu vel fyrir sig og það slasaðist enginn,“ segir grínistinn Steinþór Steinþórsson, eða Steindi jr. eins og hann er oftast nefndur, um tökur á þriðju þáttaröð Steindans okkar. Fyrsti þátturinn verður frumsýndur á Stöð 2 í kvöld.

Í þáttaröðinni fá áhorfendur að kynnast fjölda nýrra persóna, þar á meðal spýtustráknum Gosa sem glímir við þunglyndi og áfengisfíkn og skrollara með ofurkrafta. Tónlistarmyndböndin skipa enn veigamikinn sess í þáttunum og er eitt þeirra tekið upp í fjórum löndum.

„Ég held að myndbandið gæti verið einn metnaðarfyllsti skets í heimi. Við flugum á milli Íslands, Danmerkur, Englands og Spánar fyrir tuttugu sekúndur í hverju landi. Í Danmörku klifraði ég meðal annars upp á Hafmeyjuna og leið ógeðslega illa með það.“

> Í Danmörku klifraði ég meðal annars upp á Hafmeyjuna og leið ógeðslega illa með það.
>
> STEINÞÓR STEINÞÓRSSON
> HÖFUNDUR STEINDANS OKKAR

Í öðru tónlistarmyndbandi bregður Steindi sér í gervi gamals manns og tók það sminkuna fjórar klukkustundir að klára verkið. Útkoman var svo góð að móðir Ágústs Bents Sigbertssonar leikstjóra, sem fór með lítið hlutverk í þættinum, þekkti Steinda ekki í sjón.

Inntur eftir því hvort hann eigi sér uppáhaldspersónu í nýju þáttaröðinni segist Steindi halda mikið upp á skrollarann með ofurkraftana.

„Hann býr til hljóðbylgjur með skrollinu og lifir í hálfgerðum ævintýraheimi. Í þáttunum tekst hann á við óvini á borð við mormóna, hjólamann sem hjólar á miðri götunni, bloggara og „beatboxara“. Allt ópolandi týpur úr okkar þjóðfélagi.“

Steindi horfir á fyrsta þáttinn í góðra vina hópi og kveðst alls ekki kvíðinn enda er hann meðvitaður um að húmorinn kitli ekki alla. „Um leið og þú reynir að geðjast öllum ertu að gera eitthvað rangt. Einu áhyggjurnar eru að útsendingin rofni,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is

# Argento heiðursgestur á RIFF

Ítalski hryllingsmyndaleikstjórinn, kvikmyndaframleiðandinn og handritshöfundurinn Dario Argento er heiðursgestur á RIFF í ár. Þar hlýtur hann verðlaun fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar og verður úrval kvikmynda hans á dagskrá.

Argento er hvað frægastur fyrir að vera einn af handritshöfundum Once Upon a Time in the West (1968), myndina The Bird with the Crystal Plumage (1970) sem var hans fyrsta í leikstjórastólnum og Profondo Rosso (1975) eða Deep Red sem er af mörgum kvikmyndaáhugamönnum talin ein besta „giallo“ mynd allra tíma. Hún er bæði blóðug og stíliseruð en það er eitt af sérkennum leikstjórans. Það var þó með myndinni Suspiria (1977) sem Argento stimplaði sig endanlega inn í kvikmyndasöguna en myndin þykir ein magnaðasta hrollvekja allra tíma. Suspiria virðist rata aftur og aftur í miðnæturbíó víða um heim en hún nýtur mikils fylgis meðal költ-áhugamanna, kvikmyndafræðinga, gagnrýnenda og almennings.

Argento, sem er faðir leikkonunnar Asiu Argento, er enn að fást við kvikmyndagerð og er duglegur að tileinka sér nýja tækni. Á Cannes-kvikmyndahátíðinni frumsýndi hann myndina Dracula 3D. Argento mun ávarpa gesti RIFF í sérstökum masterklassa sem verður innan hátíðarinnar en hún fer fram dagana 27. september til 7. október næstkomandi.



**HROLLVEKJUR** Ítalski leikstjórinn Dario Argento hefur komið víða við. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sony Center

www.sonycenter.is

## ★★★★★ Fullt hús stiga!

Tilboð
399.990.-
Sparaðu 70.000.-

Álstandur
með innbyggðu
hljóðkerfi fylgir




Bedst i test
T3 GULD
WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
WHATHIFI.COM
★★★★★

Glæsilegt hágæða sjónvarp
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX855

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- Opera netvafri innbyggður

**Tilboð 399.990.-** Verð áður 469.990.-

**FRAMÚRSKARANDI 3D AFSPILUN**




Álstandur
með innbyggðu
hljóðkerfi fylgir

Tilboð
339.990.-
Sparaðu 60.000.-

WHAT HI-FI? WHATHIFI.COM ★★★★★ Bedst i test T3 GULD

5 stjörnu verðlaunahafi!
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX855

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 339.990.-** Verð áður 399.990.-




Tilboð
239.990.-
Sparaðu 60.000.-

WHAT HI-FI? WHATHIFI.COM ★★★★★

Gott verð
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX753

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 239.990.-** Verð áður 299.990.-




Tilboð
309.990.-
Sparaðu 80.000.-

WHAT HI-FI? WHATHIFI.COM ★★★★★

Glæsileg hönnun
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX753

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 309.990.-** Verð áður 389.990.-




Tilboð
189.990.-
Sparaðu 10.000.-

Gæði og skerpa
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40EX653

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 100Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 189.990.-** Verð áður 199.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### 100 milljóna króna hús

Sunnuvegurinn í Reykjavík þykir með flottari götum landsins og margt um glæsileg hús þar. Knattspyrnukappinn Ríkharður Daðason er meðal íbúa í götu þeirri og bætist nú í íþróttahópinn því fótboltasnillingurinn **Heiðar Helguson** hefur fest kaup á húsi þar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostaði húsið um 100 milljónir króna og býr yfir alls kyns lúxus, þar á meðal sundlaug. Heiðar, sem er fæddur á Dalvík, er mestmegnis búsettur í Englandi eins og undanfarin ár þar sem hann hefur spilað fótbolta með liðunum Watford, Fulham, Bolton og QPR þar til hann fór loks til Cardiff City nú í sumar.



### Kristján og Rósa trúlofuð

Þeir sem fullyrða að stjórnsýsla sé alltaf þurr og leiðinleg þurfa eiginlega að endurskoða viðhorf sitt því nú hefur það verið sannað að eldheitar tilfinningar rúmast innan skrifræðisins. Það hefur spurst út að **Krisján Guy Burgess**, aðstoðarmaður Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra, og **Rósa Björk Brynjólfsdóttir**, upplýsingafulltrúi í fjármálaráðuneytinu, eru trúlofuð og hafa þrætt hlekki á fingur sína til merkis um það. Þau hófu sambúð í Vesturbænum í vor og hafa það greinilega ljúft. Þá er trúlofunarhringur þeirra mögulega sterkasti hlekkur stjórnarsamstarfsins en Kristján er Samfylkingarmaður og Rósa Björk í Vinstri grænum.

**- bþh, trs**



### Mest lesið vísir

1. Sárasótt skekur klámmyndaiðnaðinn
2. Hákarlar syntu í kringum ömmuna
3. Lýst eftir alskeggjuðum, sköllóttum og þybbnum ...
4. Skilnaðurinn genginn í gegn
5. Sjónskertir ósáttir við arkitektatyppin ...




